






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

24. október 2009 — 252. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000



VIÐTAL 34




MANSAL 30

Myrkraheimar ljúkast upp

HÖNNUN 32



Íslensk samtímahönnun

FYLGIR Í DAG







**KOMINN Á TOPPINN** Hinn tyrkneski Sultan Kösen, sem er 2,46 metra hár, telst hæsti maður veraldar. Hann hætti sér hingað til lands ásamt litla bróður sínum og túlki í fyrrakvöld. Hann mun óhjákvæmilega sýna sig og sjá aðra um leið, þegar hann áritar Heimsmetabók Guinness með fingrafari sínu í Smáralindinni í Kópavogi eftir klukkan tvö í dag. Hér sést hann ásamt starfsfólki Hótel Loftleiða þar sem hann gistir meðan á dvöl hans hér stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Einblína á Helguvík og líta framhjá öðru

**Iðnaðarráðherra gagnrýnir aðila vinnumarkaðarins fyrir að líta á álver í Helguvík sem eina úrræðið í atvinnuuppbyggingu. Unnið sé að mörgum verkefnum.**

**STJÓRNMÁL** „Við höfum alls ekki dregið lappirnar í atvinnuuppbyggingunni. Aðilar að stöðugleikasáttmálanum hafa hins vegar einblínt á Helguvík og halda að hún sé alfa og omega í allri atvinnuuppbyggingu.“

Þetta segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra. Hún furðar sig á að aðilar vinnumarkaðarins leggi allt kapp á að gagnrýna að eitt stórt verkefni gangi eins og það gengur. Þeir láti eins og þeir viti ekki af þeim fjölmörgu verkefnum sem ríkisstjórnin hafi þegar ráðist í eða vinni að atvinnuuppbyggingu til handa. Hún gagnrýnir líka sinnuleysi fjölmiðla. „Orkufrekar stórframkvæmdir eru augljóslega mjög frekar á athygli fjölmiðlamanna, stjórnmálamanna og aðila vinnumarkaðarins en ég tel kominn tíma til að við beinum kastljósinu að öllri uppbyggingunni sem raunverulega er að eiga sér stað,“ segir Katrín í viðtali í blaðinu í dag um stóriðjumál, atvinnumál og fleira.

Hún segir að samfélagið megi ekki færast frá því að vera háð fiski í að vera háð áli. Næstu skref í atvinnumálum eiga að byggja á fjölbreytni og leggur hún áherslu á það sem kallað er græna stoðin, fjölbreyttan hátækniiðnað. Þá telur hún mikla möguleika felast í ferðaþjónustu og nýsköpun.

Álverin skili engu að síður dýrmætum störfum og gjaldeyri og nýsköpun þeim tengd, með framleiðslu úr áli, sé raunhæf.

- bþs / sjá síðu 24







**SPURNING DAGSINS**



*Margrét, er börnum best að bankar hrapi?*

„Jú, því margur verður af aurum api!“

Ný skýrsla gefur til kynna að börnum líði betur í kreppunni en þeim leið í góðærinu, enda gefi foreldrar sér nú meiri tíma til að sinna þeim. Margrét Lilja Guðmundsdóttir er annar höfunda skýrslunnar.

Strandríkjasamningar um síld- og kolmunnaveiðar undirritaðir í London:

# Ísland fær 300 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Íslenskum skipum verður heimilt að veiða 215 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld og 87 þúsund tonn af kolmunna á næsta ári. Þetta er samkvæmt samkomulagi strandríkja um veiði úr stofnunum sem var undirritað í vikunni í London.

Niðurstaða strandríkjanna er í fullu samræmi við vísindaráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) og þá langtíma stjórnunaráætlun sem sett hefur verið fram.

Samkomulagið felur í sér að aflamark í norsk-íslenskri síld verður tæplega 1,5 milljónir tonna og 540 þúsund tonn af kolmunna.

Staða norsk-íslensku síldarinnar er góð og stofninn hefur verið nýttur á sjálfbæran hátt undanfarin ár. Í ljósi þess að árgangar undanfarinna fjögurra ára hafa verið minni en á tímabilinu 1998 til 2004 lagði ICES til 9,7 prósenta niðurskurð milli ára og var því fylgt.

Staða kolmunnastofnsins er einnig talin viðunandi þó að nýir árgangar séu töluvert minni nú en undanfarin ár. **- shá**



**SÍLDIN UNNIN** Veiði og vinnsla úr síldar- og kolmunnastofnunum skilar milljörðum til þjóðarbúsins á ári hverju. MYND/HÁKON

Átta mánaða fangelsi:

# Dæmdur fyrir fíkniefnaeign

**DÓMSMÁL Karlmaður í Reykjavík hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi eftir að lögreglan fann fíkniefnakokkteil heima hjá honum.**

**Maðurinn var með 142 grömm af amfetamíni, 16,9 grömm af hassi, eina kannabisplöntu, 2,52 grömm af kókaíni og 0,39 grömm af maríjúana, sem hann framvísaði og lögreglumenn fundu við leit.**

**Maðurinn játaði brot sitt.**

**Hann hafði áður gerst hlotið dóma fyrir fíkniefnabrot og vopnalagabrot. Hann rauf skilorð með brotinu nú.** **- jss**



**ÚRVAL** Kjöt í tonnavís eyðileggst áður en það kemst í hendur neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kjötiðnaður á Íslandi:

# Kjöt eyðileggst fyrir milljarð

**MATVÆLAIÐNAÐUR Kjötvara fyrir allt að 1.250 milljónir eyðileggst áður en hún kemst í hendur neytenda á Íslandi. Þetta sýnir nýtt verkefni sem greinir rýrnun matvæla og þá sóun sem af henni hlýst.**

**Á Íslandi er árleg velta í kjötiðnaði áætluð tuttugu til 25 milljarðar króna. Talið er að þar af tapist fimm prósent vegna rýrnunar.**

**Nýjar aðferðir við geymslu kjötvöru og við birgðahald eru taldar geta sparað kjötiðnaðarfyrirtækjum stórar upphæðir.- shá**

Mansalsmálið í Hæstarétti:

# Einum sleppt úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Einum af Íslendingunum sem úrskurðaðir voru í gæsluvarðhald í tengslum við mansalsmálið umfangsmikla verður sleppt úr haldi.

Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á miðvikudag en þeir kærðu allir úrskurðinn til Hæstaréttar.

Hæstiréttur staðfesti síðan úrskurð yfir tveimur mannanna í gær en felldi úr gildi úrskurðinn yfir þeim þriðja.

Fimm Litháar hafa einnig verið dæmdir í gæsluvarðhald vegna málsins.

# Baldur segir af sér í skugga rannsóknar

**Baldur Guðlaugsson hefur óskað eftir að hætta sem ráðuneytisstjóri. Umræða um lögreglurannsókn á máli hans hafi haft truflandi áhrif á störf hans og rýrt trúverðugleika ráðuneytisins. Ráðherra svarar því ekki hvort þrýst var á Baldur.**

**STJÓRNSÝSLA** Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri tilkynnti samstarfsfólki sínu í menntamálaráðuneytinu í gær að hann hefði óskað eftir því að láta af störfum. Afsögnin kemur í kjölfar þess að fjölmiðlar hafa fjallað um rannsókn sérstaks saksóknara á meintum innherjasvikum hans.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Í bréfi sem Baldur sendi starfsfólki ráðuneytisins segir að umfjöllunin hafi „truflandi áhrif“ á hans daglegu störf, og sé auk þess til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á starf og trúverðugleika ráðuneytisins. Segist hann gjarnan vilja að ráðuneytið og starfsfólk þess geti ótruflað af sínum völdum gengið til sinna krefjandi starfa. Hann hafi því að eigin frumkvæði óskað eftir því að láta af störfum um næstu mánaðamót.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra vildi lítið tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær. „Ég held að fréttatilkynningin frá okkur skýri þetta í raun og veru alveg. Þetta snýst um trúverðugleika ráðuneytisins og að skapa vinnufrið,“ segir hún. Aðspurð vill hún ekki tjá sig um það hvort þrýst hafi verið á Baldur að hætta.

Baldur seldi hlutabréf sín í Landsbankanum í september í fyrra, fáeinum dögum áður en þau urðu verðlaus við bankahrunið. Baldur fékk á annað hundrað milljónir fyrir hlut sinn.



**HÆTTIR UM MÁNAÐAMÓT** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það skoðun þingmanna stjórnarflokkanna að Baldri væri ekki sætt í embætti úr því að hann sætti lögreglurannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skömmu áður hafði Baldur setið fund með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, auk viðskiptaráðherra Íslands og öðrum embættismönnum, þar sem meðal annars var rætt um það hvort ekki þyrfti að koma Icesave sem fyrst í íslenska lögsögu áður en bankakerfið hryndi.

Þá sat Baldur í samráðshópi Seðlabankans um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði. Hópnum var í febrúar í fyrra kynnt skýrsla fjármálastöðugleikasérfræðingins Andrews Gracie. Um þá skýrslu ræddi Davíð Oddsson í Kastljóssviðtali í febrúar síðastliðnum og sagði að gert hefði verið ráð fyrir að bankakerfið færi á hausinn í október.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á máli Baldurs í fyrrahaust en lét hana svo niður falla í maí. Skömmu síðar bárust FME nýjar upplýsingar í málinu, sem urðu til þess að því var vísað til sérstaks saksóknara. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Baldur þar ekki réttarstöðu grunaðs manns.

Baldur hefur alla tíð neitað að hafa búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi bréfin.

**stigur@frettabladid.is**

Dregur úr tapi Nýherja:

# Vísbendingar um betri tíð

**VIÐSKIPTI** Nýherji tapaði tæpri 121 milljón króna á þriðja ársfjórðungi. Þetta er mun betri afkoma afkoma en í fyrra þegar tapið nam 261,8 milljónum.



**ÞÓRÐUR SVERRISSON**

Tapið síðastliðna níu mánuði nemur 178 milljónum króna miðað við 498,5 milljónir á sama tíma í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir skatta og gjöld nú nam rúmum 107 milljónum króna. Hagnaður hefur ekki sést í bókum félagsins á árinu.

Haft er eftir Þórði Sverrissyni, forstjóra Nýherja, í tilkynningu að hagræðing hafi skilað sér nú auk betri sölu á hugbúnaði og lausnum á fjórðungnum en fyrr á árinu. Vísbendingar séu um betri tíð. Þá hafi stjórn félagsins ákveðið að undirbúa hlutafjáraukningu. **- jab**

Þrír menn handteknir í Wales:

# Grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk

**BRETLAND Þrír menn voru handteknir í Wales í gær grunaðir um hryðjuverkastarfsemi. Tveir mannanna eru 24 ára gamlir en sá þriðji er 41 árs. Þeir voru í upphafi handteknir í Blackwood í Suður-Wales vegna gruns um fíkniefnamisferli en við nánari eftirgrennslan var hryðjuverkasveit lögreglunnar kölluð til.**

**Mennirnir þrír voru handteknir grunaðir um undirbúning eða hvatningu til hryðjuverka samkvæmt hryðjuverkalögunum sem voru sett árið 2000.**

**Ekki bíða!**

**Séreignarsparnaði** þínum er örugglega vel varið hjá Auði.

Hafðu samband í síma 585 6500 og leyfðu okkur að segja þér hvers vegna.



**Opinn kynningarfundur**
mánudaginn 26. okt. kl. 17:15,
Borgartúni 29, 3. hæð

AUÐUR CAPITAL

audur.is

Eignastýring - Fjárfestingar - Fyrirtækjaráðgjöf - Séreignarsparnaður

Áætlanir um umfangsmikla olíuleit undan ströndum Grænlands næsta vor:

# Þrettán fyrirtæki leita að olíu

**GRÆNLAND** Þrettán fyrirtæki hafa staðist kröfur þær sem heimastjórn Grænlands gerir vegna fyrirhugaðrar olíuleitar undan ströndum landsins. Danska viðskiptablaðið Børsen segir í umfjöllun sinni um málið í gær að áhugi fyrirtækja á olíuleitinni hafi reynst mun meiri en heimamenn hafi búist við.

Hinn 1. maí á næsta ári segir Børsen að heimastjórn Grænlands ákveði tilhögun olíu- og gasleitar við Grænland til fjölda ára. Blaðið segir að Grænland kunni að verða „næsta Mekka“ olíu- og gasiðnaðarins.

„Áhuginn hefur verið gríðarlega mikill,“ hefur Børsen eftir Jørn Skov Nielsen, forstjóra Råstofdirektoratet sem sinnir málefnum málm- og olíuiðnaðar á Grænlandi og heyrir undir heimastjórn Grænlands. Hann segir að þrettán olíufyrirtæki hafi staðist kröfur heimastjórnarinnar í forvali fyrir olíuleit um síðustu mánaðamót, mun fleiri en hann hefði þorað að vona.

Fyrsta kastið verður boðin út leit og vinnsla á fjórtán gríðarstórum svæðum úti af vesturströnd Grænlands, á svonefndu Baffin-flóasvæði. Árið 2012 hefst svo næsta umferð leitarinnar, með útboði verkefna í hafinu austan við Grænland.

Jørn Skov Nielsen segir væntingar um að á svæðinu sé að finna olíu og gas sem samsvari átján milljörðum tunna. „Vinnsla á svæðinu er erfið, en getur borgað sig,“ er eftir honum haft. **- óká**

**ILULISSAT Á GRÆNLANDI** Fyrsta umferð olíuleitar á Grænlandi næsta vor verður undan vesturströnd landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Jólalandið
BLÓMAVAL SKÚTUVOGI
KRAKKAFJÖR ALLA HELGINA
Kanínur frá Dýraríkinu til sýnis. Börnin fá að klappa kanínum!
Svali
ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS SVALA OG SÚKKULAÐIMUFFINS
Ís 10 kr
Hér byrja jólin
skreytum snemma í ár
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTILJÓSUM
Vilmer
6010733
3.775
4.720
Peking
6001331
5.940
7.426
Jólastjarna
999 kr
Blick's
INNI OG ÚTISERÍUR
þú þekkir þær á græna kassanum
Fjöltengi
6104901
699
verð frá
399
20% AFSLÁTTUR ALLAR LJÓSAPERUR
SAMA VERÐ UM LAND ALLT
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 23.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,18 | 122,76 |
| Sterlingspund | 200,60 | 201,58 |
| Evra | 183,65 | 184,67 |
| Dönsk króna | 24,669 | 24,813 |
| Norsk króna | 22,048 | 22,178 |
| Sænsk króna | 17,924 | 18,030 |
| Japanskt jen | 1,3330 | 1,3408 |
| SDR | 195,08 | 196,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,6193

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Valdar skurðaðgerðir á sjúkrahúsum landsins:

# Biðlistar styttast og staðan er góð

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar á sjúkrahúsum fyrir nær allar valdar skurðaðgerðir hafa verið að styttast og er staðan almennt góð í þessum mánuði.

Þetta kemur fram í nýjum upplýsingum frá Landlæknisembættinu. Þegar biðlistar síðustu þriggja ára eru bornir saman má sjá að víða hefur góður árangur náðst varðandi styttingu biðlista. Má sem dæmi nefna að langur biðlisti var fyrir hjartaþræðingar á Landspítala á árunum 2007 og 2008 en sá biðlisti er nú nær horfinn.

Enn eru þó biðlistar fyrir tilteknar aðgerðir, svo sem gerviliðaaðgerðir á mjöðm og hné, þrátt fyrir að slíkum skurðaðgerðum hafi fjölgað undanfarin ár.

Á fyrstu níu mánuðum þessa árs voru framkvæmdar 707 liðskiptaaðgerðir á mjöðm á sjúkrahúsum landsins, samanborið við 332 aðgerðir árið 2007. Gerviliðaaðgerðum á hnjám hefur einnig fjölgað umtalsvert á sama tíma.



**BIÐLISTAR** Biðlisti fyrir hjartaþræðingar á Landspítala er nú nær horfinn.

Biðlisti fyrir augnaðgerðir hefur hins vegar lítið breyst milli ára og eru nú 1.222 einstaklingar skráðir á þann biðlista. Á hverjum tíma bíða því rúmlega þúsund einstaklingar eftir skurðaðgerð á augasteini og hefur svo verið síðastliðin ár þrátt fyrir aukið framboð slíkra aðgerða. - jss

EFTA opnar dyr sínar:

# Færeyingar fá að sitja fundina

**FÆREYJAR Í desember fá nefndarmenn í utanríkisnefnd Lögþings Færeyja að sitja fund Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, í Genf. Þeir verða áheyrnarfulltrúar.**

**Á fundinum mætast fulltrúar þjóðanna sem standa að EFTA: Íslands, Liechtenstein, Noregs og Sviss.**

**Færeyjar hafa lengi barist fyrir því að fá aðild að EFTA, með stuðningi Noregs og Íslands og einnig Danmerkur.**

**John Johannessen, formaður utanríkisnefndarinnar, sagði færeyska útvarpinu frá þessu.** - kóþ



**NÝTT STÝRIKERFI** Microsoft gaf út nýtt stýrikerfi í vikunni. Búist er við að það skili meiri tekjum í kassann.

Dregur úr hagnaði Microsoft:

# Aðhald og hagræði skilar sér

**VIÐSKIPTI Bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft hagnaðist um tæpa 3,6 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 438 milljarða íslenskra króna á þriðja fjórðungi ársins. Þrátt fyrir átján prósenta samdrátt á milli ára var niðurstaðan yfir spám spekúlanta hjá fjármálafyrirtækjum á Wall Street í Bandaríkjunum.**

**Mismunurinn skýrist af aðhaldi, hagræðingu í rekstri og almennt betri sölu á hugbúnaði en búist var við, að því er netmiðillinn MarketWatch hefur eftir Chris Liddell, fjármálastjóra Microsoft.** - jab

## ÖRYGGISMÁL

### Æfa viðbrögð vegna svínaflensu

Meðlimir í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík og björgunarsveitinni Brák úr Borgarnesi héldu námskeið vegna svínaflensu í vikunni. Björgunarsveitir landsins hafa undanfarnar vikur og mánuði búið sig undir viðbrögð við inflúensunni. Meðal hlutverka björgunarsveita eru lokanir svæða, gæsla og sjúkraflutningar.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að vanskil íbúðalána hjá Íbúðalánasjóði hefðu numið 0,14 prósentum um mitt ár. Fyrir mistök var þar vísað í hlutfall vanskila allra lána sjóðsins. Hið rétta er að um mitt ár voru 4,8 prósent íbúðalána í vanskilum hjá sjóðnum.

# Jón Ólafsson hafði betur gegn Bretum

**Jón Ólafsson athafnamaður fær greiddar bætur frá breska ríkinu vegna málaferla gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni. Hann vonar að þeir Hannes nái lendingu. Málið hefur verið í gangi í áratug. Hannes hefur ekki kynnt sér málið.**

**DÓMSMÁL** „Ég fagna þessari niðurstöðu og vona að við Hannes finnum sátt og flöt í þessu máli sem verður okkur báðum til sóma,“ segir athafnamaðurinn Jón Ólafsson, sem í fyrradag hafði betur gegn breska ríkinu í meiðyrðamáli gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni.

Málið hófst fyrir áratug þegar Hannes sagði Jón hafa hagnast á glæpastarfsemi í erindi sem hann flutti á ensku árið 1999. Útdrátt úr því setti Hannes á vefsíðu sína sem vistuð var hjá Háskóla Íslands.

Jón taldi ummæli Hannesar hafa valdið sér fjárhagslegu tjóni og höfðaði meiðyrðamál gegn honum fyrir breskum dómstólum árið 2004. Dómur féll Jóni í vil í undirrétti árið eftir þar sem Hannes var dæmdur til að greiða Jóni tæpar tuttugu milljónir króna að þávirði í bætur og málskostnað. Hannes áfrýjaði málinu til yfirréttar í Lundúnum, sem ógilti dómsniðurstöðuna með þeim rökum að stefna í málinu hefði ekki verið birt Hannesi samkvæmt íslenskum lögum. Hannes mótmælti því jafnframt að dómurinn yrði fullnustaður hér á landi en að kröfu Jóns gerði sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám fyrir dómkröfunni í skuldabréfi sem Hannes hafði fengið vegna sölu á húseign sinni.

Samkvæmt þessu hefði Jón þurft að sækja málið gegn Hannesi á ný ytra. Það gerði hann ekki enda taldi hann breska sendiráðið hér hafa gert mistök og stefndi því breska ríkinu.

Á fimmtudag hafði Jón svo betur í málinu sem staðið hefur í tíu ár. Hann þarf ekki að sækja málið á ný og greiðir breska ríkið honum þær skaðabætur sem Hannes hefði að öðrum kosti átt að greiða honum. Þær hljóða upp á 65 þúsund pund, jafnvirði þrettán milljóna króna. Óvíst er hver greiðir málskostnað, 25 þúsund pund, sem jafngildir fimm milljónum króna.

Ætla má að kostnaður vegna málsins hlaupi á um tugum milljónum króna í heildina.

Spurður hvort til enn frekari málaferla kunni að koma segir Jón það ekki alveg komið í ljós. „Ég vona bara að við Hannes náum lendingu í málinu,“ segir hann.

Hannes Hólmsteinn vildi ekki tjá sig um málið enda hefði hann ekki heyrt af dómsniðurstöðunni fyrr en Fréttablaðið sagði honum hana í gærkvöldi. - jab, kóþ



**JÓN OG HANNES** Þeir félagar hafa eldað grátt silfur í rúman áratug. Nú stendur Jón eftir með gullið og vonast til að þeir Hannes nái lendingu í málinu.

Ögmundur dregur sig til hlés:

# Elín Björg valin formaður BSRB

**VINNUMARKAÐUR** Elín Björg Jónsdóttir, formaður Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, var í gær kjörin formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Elín fékk rúm 52 prósent atkvæða, eða 132 atkvæði af 252.



**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**

Aðrir frambjóðendur voru þeir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, sem fékk 32,5 prósent atkvæða, og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, sem fékk um fimmtán prósent.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, hafði áður boðið sig fram en hann dró framboðið til baka.

Ögmundur Jónasson þingmaður hafði verið formaður BSRB í 21 ár, en gaf ekki kost á sér að þessu sinni. - kóþ

Fingralangt par á ferðinni:

# Stálu fjölmörgum kerrum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft hendur í hári tveggja stórtækra kerruþjófa.**

**Að verki voru karlmaður á fimmtugsaldri og kona á fertugsaldri.**

**Upp um þau komst þegar þau stálu tveimur kerrum á höfuðborgarsvæðinu. Þær voru auglýstar til sölu á netinu og það kom lögreglunni á sporið.**

**Frekari rannsókn hefur leitt í ljós að fólkið hefur stolið fjölmörgum kerrum síðustu mánuði. Það virðist hafa farið í ránsferðir víða og tekið vel á annan tug kerra ófrjálsri hendi. Þær voru síðan auglýstar til sölu, ýmist í dagblöðum eða á netinu.** - jss





Ertu að fá skalla?

Regaine® eykur hárvöxt og er notað við ættgengum hármissi hjá körlum og konum

Regaine® húðlausn (Minoxidil 20 mg/ml) fæst án lyfseðils og er notað við snemmkomnum og umtalsverðum ættfylgjuskalla (alopecia androgenetica) hjá konum og körlum. Ávallt skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skömmtun: 1 ml er borinn á tvisvar sinnum á sólarhring (1 sinni að morgni og 1 sinni að kvöldi). Heildarskammtur á sólarhring má ekki fara yfir 2 ml. Regaine er eingöngu ætlað til meðferðar á ættfylgjuskalla og skal aðeins bera lyfið í eðlilegan og óskaddaðan hársvörð. Lyfið á ekki að nota á önnur líkamssvæði. Hárlitur og áferð hársins geta breyst við notkun Regaine. Forðast skal að Regaine berist í augu, opin sár eða á slímhúðir, þar sem það veldur sviða og ertingu. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir minoxidili eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, þungaðar konur og konur með barn á brjósti mega ekki nota Regaine. Sjúklingar með þekktan hjarta- og æðasjúkdóm eða hjartsláttartruflanir eiga að ráðfæra sig við lækni áður en byrjað er að nota lyfið sem og börn yngri en 15 ára. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið og leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Það lægir heldur á landinu norðvestanverðu í dag en þó má búast við strekkingsvindi þar með ströndum og einnig með suðausturströndinni. Það verða él norðanlands í dag og á morgun en bjart veður syðra.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 18° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 18° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 5° |
| París | 18° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




EYDDU SKEMMTILEGRI
**RISAHELGI MEÐ FJÖLSKYLDUNNI!**

**RISATILBOÐ**
Í FJÖLMÖRGUM VERSLUNUM
UM HELGINA

**STÆRSTI MAÐUR Í HEIMI**
HEILSAÐU UPP Á HANN
KL. 14-17 Í DAG

**RISATILBOÐ**
Á VEITINGASTÖÐUM
SMÁRALINDAR

**STÆRSTI LEIKFANGATRAKTOR HEIMS**
FYRIR KRAKKANA AÐ KLIFRA Í ...

**STÆRSTA LOPAPEYSA HEIMS**
VILTU KANNSKI MÁTA HANA?

**Opið til kl. 18 í dag**

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM39570

## KJÖRKASSINN




*Hefur þú samúð með íbúunum við Miklubraut vegna mengunar þar?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,4 |
| Nei | 41,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að skattleggja stóriðjuna til að ná endum saman í ríkisrekstri?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Útgerðarmenn og stjórnarandstaða deila hart á félagsmálaráðherra:

# Segir ráðherra pínulítinn karl

**STJÓRNMÁL** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segir félagsmálaráðherra hafa orðið sér til minnkunar. Því sé best lýst með þekktu lagi Hins íslenzka Þursaflokks, Pínulítill karl.

Tilefni ummælanna er orð félagsmálaráðherra um „grátkór“ sjávarútvegs og stóriðju vegna orkuskatta og innköllunar fiskveiðiheimilda. Þá sagði Árni mikilvægt að verða ekki „ginningarfífl stóriðju og útgerðarauðvalds“.

„Orð ráðherrans eru honum ekki einungis til minnkunar vegna þess hroka sem hann sýndi þeim sem vinna við þessar atvinnugreinar. Þau eru einnig vanvirða við það góða fólk sem mátti sitja undir ræðu hans. Hæstvirtur ráðherrann virðist telja að þeir sem sækja ársfund ASÍ falli fyrir innantómum frösum og upphrópunum lýðskrumarans,“ segir Friðrik, í pistli á heimasíðu LÍÚ.

Þá gagnrýndi stjórnarandstaðan ráðherra einnig. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, velti því fyrir sér hvort ráðherra styddi stækkun álversins í Straumsvík, en Árni Páll er fyrsti þingmaður Suðvesturkjördæmis, þar sem álverið er. Hún sagði hann tala niður til atvinnulífsins. **- kóp**



**GAGNRÝNIR RÁÐHERRA** Friðrik J. Arngrímsson segir lag Þursaflokksins um pínulítinn karl best lýsa Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Innbrot og þjófnaðir:

# Braust inn í bát og barnaskóla

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir innbrot og þjófnaði.

Hann er ákærður fyrir að brjótast inn í bát í Þorlákshöfn, þar sem hann stal dýrri tölvu, tölvumúsum og sjúkrakassa. Þá braust hann inn í Rauða ljónið á Eyrarbakka og stal þar sjö áfengisflöskum, skjávarpa og sjóðsvél með skiptimynt. Loks braust hann inn í barnaskólann á Eyrarbakka, en hafði ekki erindi sem erfiði.

Maðurinn hafði falið amfetamín undir hornsófa í íbúð sinni, sem lögregla fann við leit. Hann á langan brotaferil að baki. **- jss**





IÐA

Helgar-tilboð

4.395,-

3.695,-

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00


# Næsta vika sker úr um líf sáttmálans

**Mikill órói er á vinnumarkaði og er stöðugleikasáttmálinn í uppnámi. Kjarasamningar renna út á þriðjudaginn. Forsvarsmenn vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar óttast upplausn og saka ríkisstjórnina um að svíkja loforð.**

**VINNUMARKAÐUR** „Kjarasamningur okkar er nú í þriðja sinn á þessu ári kominn í uppnám og langlundargeð gagnvart úrræðaleysi stjórnvalda í nánast öllum málum er að þrotum komið. Allt eins gætum við staðið frammi fyrir því, að þrátt fyrir náið samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda í þessari glímu, geti komið til uppsagnar kjarasamninga í byrjun næstu viku.“ Svo mælti Gylfi Arngrímsson í setningarræðu sinni á ársfundi Alþýðusambands Íslands (ASÍ) í gær.

Gylfi hefur verið mjög gagnrýninn á ríkisstjórnina, telur hana ekki hafa staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í stöðugleikasáttmálanum. Icesave hafi tekið allan tíma yfirvalda og fjöldi þjóðhagslega mikilvægra verkefna hafi setið á hakanum.

Stjórnvöld hafa fundað með samninganefnd ASÍ og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins (SA) um stöðugleikasáttmálann. Gylfi segir lítið hafa þokast í þeim viðræðum, fulltrúar vinnumarkaðarins hafi dregið þá niðurstöðu að stjórn hafi efnt afar fátt sem lagt hafi verið upp með í sáttmálanum. „Eftir að hafa setið að þjarki í tvær vikur er ljóst að afar lítið hefur þokast í samkomulagsátt, hvorki við ríkisstjórnina né Seðlabankann.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, er einnig gagnrýninn á stjórnvöld. Á opnum fundi SA um sáttmálann sagði hann nauðsynlegt að hleypa lífi í fjárfestingar, bæði innlendra og erlendra aðila, til að koma landinu út úr kreppunni. Þá væri vaxtastig Seðlabankans allt of hátt og gjaldeyrishöft hamlandi. Þetta skapaði hættuna á nýrri kreppu sem gæti verið enn dýpri. Landsframleiðslan gæti dregist saman um að minnsta kosti sex prósent á næsta ári.

Á þriðjudaginn þarf að taka ákvörðun um hvort kjarasamningar SA og ASÍ verða framlengdir. Bæði Vilhjálmur og Gylfi kalla eftir aðgerðum stjórnvalda fyrir þann tíma. Annars geti þurft að segja samningum upp með tilheyrandi óróa á vinnumarkaði. **kolbeinn@frettabladid.is**



**BJARTSÝNI** Mikil bjartsýni ríkti þegar skrifað var undir stöðugleikasáttmálann 25. júní. Oft virtist ætla að slitna upp úr samningum en þeir náðust að lokum. Nú er óvíst hvort þeir halda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÁFANGAR STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLANS

Ýmsir áfangar voru settir í sáttmálann, en margir hafa tafist og tíminn er naumur fyrir aðra.

1. ágúst – Áætlun um afnám gjaldeyrishafta – ólokið.

1. september – Samningar við lífeyrissjóði um fjármögnun stórframkvæmda - ólokið.

Eftirfarandi verkefnum á að ljúka fyrir 1. nóvember:

Stýrivextir í eins stafs tölu.

Endurskipulagning á eignarhaldi banka.

Gata ákveðinna stórframkvæmda verði greidd, svo sem álvera í Helguvík og Straumsvík.

Undirbúningsvinnu hraðað vegna áforma í meðalstórum iðnaðarkostum, gagnaverum og kísilflöguframleiðslu.

Engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember.


ESB Á MANNAMÁLI!

LOKSINS!




„Einsog leiftrandi spennusaga.“
*Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra*

★★★★
*Pétur Gunnarsson, Fréttablaðinu*

„Mikilvægt, áhugavert innlegg.“
*Bjarni Harðarson*

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK


Markaðurinn bjartsýnn á endurheimtur eigna Landsbanka upp í Icesave:

# Býst við 100 prósenta heimtum

**EFNAHAGSMÁL** Markaðurinn væntir þess að 100 prósent fáist upp í forgangskröfur í Landsbankann. Þetta kemur fram í skýrslu óháða matsfyrirtækisins IFS Ráðgjöf sem kom út á miðvikudag. Þetta er bjartsýnni spá en hjá skilanefnd bankans, en hún gerir ráð fyrir að níutíu prósenta endurheimtuhlutfalli í forgangskröfur.

Verði þetta reyndin segir fyrirtækið að kostnaður vegna Icesave-samningsins verði aðeins vaxtagreiðslur, sem nemi 100 milljörðum. Standist spá skilanefndarinnar hins vegar og aðeins níutíu prósent eignanna endurheimtist, nemur kostnaður við Icesave 196 milljörðum króna. Af því verða 52 milljarðar eftirstöðvar höfuðstóls en vaxtakostnaður verður um 144 milljarðar.

Samkvæmt skýrslunni eru það fyrst og fremst horfur á betra efnahagsástandi á Bretlandi sem skýra bjartsýni markaðarins, en flestar eignir bankans eru þar. Til að mynda er talið að hagvöxtur þar hafi verið um 0,2 prósent á þriðja ársfjórðungi 2009.

Heimtist níutíu prósent af eignum verður tap við hrun bankans 75 milljarðar króna, „en til samanburðar lítur flest út fyrir að tap vegna yfirtöku ríkisins á peningamarkaðssjóðum bankanna nemi um 50 milljörðum og áætlað tap Seðlabankans af veðlánum til gömlu bankanna er um 270 milljarðar,“ segir í skýrslunni. **- kóp**




**ICESAVE** Samkvæmt skýrslu óháðs matsfyrirtækis býst markaðurinn við því að kostnaður vegna Icesave verði 100 milljarðar króna.


20% afsláttur
af flestum vörum til sunnudags



POLARN O. PYRET
Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is





# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna

Dagana 22.-25. október afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. október 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða leikmaður, sem áður lék með FH, gekk til liðs við ÍBV?
2. Hversu hár er Sultan Kösen, hæsti maður í heimi?
3. Hvaða ástsæli leikari lenti í bílveltu skammt frá Borgarfjarðarbrúnni?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Ein þriggja árása í Pakistan í gær beindist fyrir mistök að rútu brúðkaupsgesta:

# Tuttugu og fjórir létust í sprengjuárás

**PAKISTAN, AP** Alls létu 24 lífið í þremur hryðjuverkaárásum í Pakistan í gær. Fjöldi manns er slasaður.

Blóðbað gærdagsins hófst í gærmorgun á því að sjálfsmorðssprengjumaður á reiðhjóli drap sjö við varðstöð á leið inn á herflugvallarsvæði í Norðvestur-Pakistan. Í hópnum voru tveir hermenn, en þrettán eru slasaðir.

Þá banaði fjarstýrð sprengja sautján manns sem voru um borð í rútu á leið í brúðkaupsveislu í Mohmand-héraði síðar um daginn.

Meðal látinna í rútunni eru fjórar konur og þrjú börn, að sögn Zabits Khan, talsmanns staðaryfirvalda. „Svo virðist sem sprengjan hafi verið fjarstýrð og að ráðist hafi verið á rútuna fyrir mistök,“ segir hann í viðtali við fréttastofu AP.



**SLASAÐIR EFTIR ÁRÁS** Aðstandendur huga hér að slösuðum ættingjum eftir að þeir höfðu fengið fyrstu hjálp vegna meiðsla þegar bíll sprakk á bílastæði í Peshawar í Pakistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að auki sprakk svo bílsprengja á bílastæði við afþreyingarmiðstöð í Peshawar, stærstu borg norðvesturhluta landsins. Þar slösuðust fimmtán, en enginn lét lífið.

Árásir herskárra hópa í landinu í mánuðinum hafa að sögn fréttastofu AP haldist í hendur við áhlaup á sveitir talibana og liðsmanna al-Kaída nærri landamærunum við Afganistan.

Alls hafa um 200 manns látist í árásum í Pakistan í mánuðinum, en það sem af er október hafa verið gerðar að minnsta kosti níu stærri árásir. Flestar hafa þær beinst að lögreglu eða skotmörkum tengdum hernaði. **- óká**

### ÁRÁSIR Í PAKISTAN




HEIMILD: ESRI/AP

Blaðamannafélag Íslands:

## Vísar deilu til sáttasemjara

**KJARAMÁL** Blaðamannafélag Íslands (BÍ) hefur vísað kjaradeilu við Samtök atvinnulífsins til Ríkissáttasemjara. Það er í fyrsta sinn í 25 ár sem slíkt gerist. Samningar hafa verið lausir í um ár, en viðræður hófust að nýju 16. september.

Í tilkynningu frá félaginu segir að í kjölfar hrunsins hafi blaðamannastéttin mátt búa við launalækkanir, uppsagnir og aukið vinnuálag. Félagið hafi gert kröfu um sambærilegar kjarabætur og fengist hafi á almennum vinnumarkaði. Því hafi verið hafnað „þótt samið hafi verið við aðrar stéttir á fjölmiðlum um þessar hækkanir. Á sama tíma hefur komið fram að lækkun launa inni á vinnustöðum gangi ekki til baka.“ **- kóp**

LS fundar með ráðherra:

## Smábátamenn í miklum vanda

**SJÁVARÚTVEGUR Alvarleg staða er komin upp á meðal smábátasjómanna og er rekstur margra báta að stöðvast. Stjórn Landssambands smábátaeigenda (LS) fundaði með Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra í vikunni vegna þessa.**

**Niðurskurður veiðiheimilda á ýsu og þurrð á leigumarkaðinum er mörgum ofviða. Því blasir fátt annað við en að stöðva veiðar og segja upp fólki, segir á vef sambandsins.**

**Á fundinum kom fram gríðarleg óánægja stjórnar LS með hversu lítið mætti veiða í lykiltegundum en ráðherra sagði að kæmi til aukaúthlutunar yrði það ekki gert öðruvísi en í samráði við Hafrannsóknastofnunina.** **- shá**

# Sprenging í smygli á kannabisfræjum

**Sprenging hefur orðið á árinu í magni kannabisfræja sem reynt hefur verið að smygla til landsins en tollgæsla stöðvað. Merki eru um að framleiðslan færist hingað til lands, segir yfirmaður tollasviðs. Magn amfetamíns hefur stóraukist.**

**TOLLAMÁL** Tollgæslan hefur tekið á annað þúsund kannabisfræja sem reynt var að smygla til landsins á fyrstu níu mánuðum ársins. Segja má að um sprengingu sé að ræða, því allt árið í fyrra voru tekin 390 stykki.

Þá tók tollgæslan á ellefta kíló af amfetamíni fyrstu níu mánuðina, en tók á sjöunda kíló allt árið í fyrra. Einnig hafa 105 vopn verið gerð upptæk það sem af er árinu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum tölum Tollstjóra yfir ólöglegan varning og fíkniefni sem tollgæslan hefur stöðvað á árinu.

„Þetta er unnið í góðu samstarfi við lögregluyfirvöld, en lögregla rannsakar til dæmis öll fíkniefnamál,“ segir Karen Bragadóttir, forstöðumaður tollasviðs. Hún segir að sú þróun að tollgæsla hafi tekið umtalsvert meira af amfetamíni, en minna af kókaíni á árinu en allt árið í fyrra geti verið vísbending um að menn séu að leita í ódýrara efni. Amfetamínið sé að miklu leyti sent frá Hollandi og Danmörku.

Hvað varðar margföldun á magni kannabisfræja sem tekið hefur verið í ár, miðað við 2008, segir Karen að líklegt sé að framleiðsla á kannabis sé að færast hingað til lands, eins og lögregla hafi bent á í kjölfar töku margra stórra kannabisverksmiðja.

„Fræin sem tekin hafa verið hafa nær eingöngu verið í póstsendingum,“ segir hún. „Í tengslum við stóraukið magn þeirra vekur athygli að lítið virðist vera reynt að smygla inn hassi og maríjúana. Þarna er klárlega samhengi í þróuninni.“

Mun færri vopn hafa verið haldlögð í ár en í fyrra því þá voru þau 455 talsins á Keflavíkurflugvelli einum. Ekki liggja fyrir tölur á landsvísu frá 2008.

„Þessi fækkun er talin að stórum hluta til komin af því að Íslendingar hafa dregið svo mikið úr ferðalögum,“ segir Karen. „Mikið af haldlögðum vopnum hefur komið í farangri fólks frá Spáni í gegnum tíðina, svo sem hnúajárn, fjaðurhnífar, loftbyssur, eggvopn, handjárn og fleira af því tagi.“

Magn stera sem tollgæsla hefur haldlagt hefur margfaldast á milli ára, eins og fram hefur komið. Þeir eru sendir frá Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Bretlandi og Taílandi.

Karen undirstrikar mikilvægi góðrar samvinnu tollgæslunnar við meðal annars lögreglu, Lyfjastofnun og Matvælastofnun, sem sé undirstaða góðs árangurs. **jss@frettabladid.is**






**KANNABISFRÆ** Aldrei meira magn tekið.



**VOPN** Þessar byssur eru meðal þeirra vopna sem tollgæsla hefur lagt hald á. Einnig er mikið um fjaðurhnífa, hnúajárn, loftbyssur, eggvopn og handjárn.






*Við bjóðum þér á*

# HUGMYNDAÞING

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
SUNNUDAGINN 25. OKTÓBER KL. 13–16

Á morgun verður í fyrsta sinn haldið Hugmyndaþing í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar bjóða allir flokkar í borgarstjórn borgarbúum að koma og hafa skoðun á framtíð borgarinnar.

**Ert þú með tillögu eða hugmynd sem þú vilt koma á framfæri?**

*Gestum er boðið að taka þátt í skemmtilegum hugmyndasmiðjum sem borgarfulltrúar leiða. Þar verður hugmyndum gesta um þróun borgarinnar næstu 5-15 árin safnað saman. Yfirskriftir smiðjanna eru:*

**Í hvernig borg viltu**
- **lifa?**
- **læra?**
- **leika þér?**
- **eldast?**
- **starfa?**

**Hlustaðu á áhugaverða fyrirlestra**

*Átta áhugaverðir fyrirlesarar ræða um hugmyndir sínar í stuttum og hnitmiðuðum erindum. Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/hugmyndir*

**Kynntu þér hugmyndir og tillögur borgarinnar**

*Kynning verður á drögum að sóknaráætlun sem á annað hundrað fulltrúar víðs vegar að úr samfélaginu unnu fyrir Reykjavíkurborg. Markmiðið er að finna leiðir til sóknar fyrir borgina.*

*Við vonum að þú hafir tækifæri til að koma og hafa áhrif á framtíð Reykjavíkur með þinni þátttöku.*

*Borgarstjórn Reykjavíkur*

*Komdu og taktu þátt!*

www.reykjavik.is/hugmyndir

Reykjavíkurborg




Ný könnun hjá iðnaðarfyrirtækjum bendir til áframhaldandi samdráttar út árið:

# Búast við að tapa 600 störfum

**IÐNAÐUR** Stærstu fyrirtækin innan Samtaka iðnaðarins (SI) búast við að störfum fækki álíka mikið út árið og fyrstu sex mánuði ársins. Frá áramótum hefur störfum fækkað um rúmlega 600 og ef spáin rætist fækkar starfsmönnum þessara fyrirtækja um rúm þrettán prósent á árinu.

Þetta sýnir ný könnun SI um ástand og horfur hjá stærstu fyrirtækjum innan sambandsins. Svör bárust frá 140 félagsmönnum.

Könnunin sýnir að almennt eru ekki stóráföll varðandi tapaðar útistandandi kröfur, eins og við hefði mátt búast. Á þessu eru undantekningar og dæmi eru um fyrirtæki sem óttast að tapa allt að tuttugu prósentum af ársveltu sinni vegna vanefnda.

Þeir sem leitað hafa til bankastofnana um fyrirgreiðslu eru flestir jákvæðir en margir nefna ákvarðanafælni. Starfsmenn banka virðist ekki hafa umboð frá stjórn og eigendum til að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Kom fram í könnuninni að bankarnir ráðlegðu kennitöluflakk.

Svört atvinnustarfsemi er meira áberandi en áður og eftir því sem fyrirtækin eru minni eru slík viðskipti meira áberandi. - shá



**UPPBYGGING** Byggingariðnaðurinn hefur fengið á sig þung högg í hruninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**ÚTSALA, ÚTSALA** Nú virðist eitthvað vera að birta til á bandarískum húsnæðismarkaði. Þetta gæti þýtt að bandarískir neytendur verði tilbúnari að eyða peningum og þannig ýta við tannhjólum markaðskerfisins. NORDICPHOTOS/AFP

# Metmánuður í sölu fasteigna vestanhafs

**Meira seldist af íbúðarhúsnæði í Bandaríkjunum í september en í tvö ár á undan. Þá voru síðustu forvöð fyrir kaupendur til að nýta sér sérstakan skattaafslátt vegna fyrstu kaupa. Nú er rætt um að framlengja afsláttinn.**

**BANDARÍKIN** Met var slegið í september þegar sala á íbúðarhúsnæði í Bandaríkjunum jókst um 9,4 prósent, samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi fasteignasala í Bandaríkjunum.

Kaupendur munu hafa viljað nýta sér sérstakt tilboð frá ríkinu um skattaafslátt, sem rennur út í lok nóvember. Fólk sem kaupir sér húsnæði í fyrsta sinn fær samkvæmt því 8.000 dali (982.000 krónur) dregna frá skatti.

Sala húsnæðis í september er meiri en spár gerðu ráð fyrir og meiri en selst hefur í einum mánuði í tvö ár. Um leið lækkaði meðalverð minna en það hefur gert í tólf mánuði.

Þetta bendir til þess að jafnvægi sé að komast á markaðinn eftir verstu kreppu síðustu áratuga, segir Bloomberg-fréttastofan. Lægra verð og skárri lánakjör hafi auðveldað fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði.

Góð sala minnkar jafnframt framboð óseldra eigna, sem dregur enn úr verðlækkunum, segir Harm Bandholz, hagfræðingur hjá Unicredit í New York.

„Þetta er mikilvægt skilyrði til þess að bæta efnahag heimilanna og þar af leiðandi eykur það vilja þeirra til að eyða peningum,“ segir hann.

29 prósent húsnæðisins sem seldist í september höfðu verið gerð upptæk vegna slæmrar skuldastöðu eigenda, eða verið sett í greiðsluerfiðleikaferli. Í ágúst átti þetta við um 31 prósent húsnæðis.

Hagfræðingar í frétt Bloombergs segja skattaafslátt stjórnvalda hafa haft mikil áhrif á söluaukninguna. Fullt jafnvægi muni ekki nást á markaði áður en tilboðið renni út. Þar af leiðandi eigi að halda því opnu áfram.

klemens@frettabladid.is

Fjörutíu manns á sjúkrahúsum á landinu vegna svínaflensunnar:

# Sjö manns liggja á gjörgæslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjátíu sjúklingar lágu á Landspítala í gærkvöld með svínaflensu. Sex voru á gjörgæslu. Níu höfðu verið innlagðir síðasta sólarhringinn, þar af tveir á gjörgæslu. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri lágu í gær fjórir sjúklingar með svínaflensu. Einn af þeim var á gjörgæslu. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja lágu þrír einstaklingar og einn á Blönduósi.

Talsvert hefur verið um að fólk hringi til að panta bólusetningu, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Á sumum stöðum á landinu er byrjað að bólusetja áhættuhópa, þar sem bólusetningu heilbrigðisstarfsmanna og annars öryggisþjónustufólks er lokið.



**HARALDUR BRIEM** Sóttvarnalæknir segir talsvert um að fólk panti bólusetningu.

Í gær höfðu borist til landsins rúmlega tuttugu þúsund skammtar af bóluefni. Haraldur segir að það sé nokkrum tugum þúsunda færri skammtar en heilbrigðisyfirvöld höfðu gert ráð fyrir að væru komnir hingað á þessum tíma.

„Það komu átta þúsund skammtar í vikunni og við eigum von á fjögur þúsund til viðbótar eftir helgi og jafnvel meiru síðar í vikunni,“ segir Haraldur.

Fjölgað hefur verið hjúkrunarfræðingum sem svara í síma Læknavaktarinnar, númer 1770, á kvöldin og um helgar vegna aukins álags sem rekja má til inflúensufaraldursins. - jss




Skoðið ný námskeið og klúbba:



www.gardheimar.is

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is




af laukum um helgina



**FLENSUSNAKK** Þeim sem óttast svo mjög svínaflensusmit að þeir hugleiða að fresta veislum og mannamótum hefur verið bent á leið til að losna við að gestir vaði með lúkurnar í sameiginlegar meðlætisskálar. Lausnin er að bjóða upp á snakk og meðlæti í minni ílátum, svo sem snafsaglösum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tæplega tvítugur maður ákærður og krafinn fjögurra milljóna í skaðabætur:

# Ákærður fyrir árás og fíkniefnaakstur

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega tvítugan mann fyrir líkamsárás og ítrekaðan fíkniefnaakstur.

Maðurinn var fyrst tekinn þar sem hann ók á 113 kílómetra hraða í Skagafirði. Hann reyndist vera með talsvert magn af amfetamíni í blóðinu. Við leit í bíl hans fann lögreglan svo 4,5 grömm af amfetamíni.

Nokkru síðar hafði lögregla aftur afskipti af manninum þar sem hann var á ferð á bíl sínum á Norðurlandi. Hann reyndist þá enn vera undir verulegum áhrifum amfetamíns.

Loks er maðurinn ákærður fyrir að hafa tveimur dögum seinna kýlt annan mann í andlitið í íbúð á Raufarhöfn. Sá sem fyrir árásinni varð hlaut mikla og varanlega áverka, meðal annars þriggja sentimetra skurð á efra augnlok, beinbrot á neðanverða augnumgjörð og blæðingu inn í augnbotn sem leitt hefur til varanlegrar sjónskerðingar.



**RAUFARHÖFN** Maðurinn er ákærður fyrir að stórslasa annan mann í íbúð á Raufarhöfn.

Hann gerir kröfu um að árásarmaðurinn greiði sér rúmlega fjórar milljónir króna í skaðabætur, auk málskostnaðar. **- jss**

Pattstaða í Reykjavíkurborg:

# Meirihluti vísar laxveiðinni frá

**REYKJAVÍK** Meirihluti borgarráðs hefur vísað frá tillögu VG um að Orkuveitunni verði falið að ráðstafa veiðidögum í Elliðaánum til framleigu til Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR).

Rökin fyrir frávísuninni eru þau að gildandi veiðisamkomulag sé milli Orkuveitunnar og SVFR.

Áður hafði stjórn Orkuveitunnar vísað samsvarandi tillögu frá sér með þeim rökum að það væri eigandi ánna, Reykjavíkurborg, sem hefði áskilið sér rétt til að ráðstafa veiðidögunum.

„Þarna vísar hver á annan," sagði Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi VG, á borgarráðsfundi. **- kóþ**

Svör við ESB-spurningum:

# Bændur fóru ekki yfir svörin

**UTANRÍKISMÁL** Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir það ofsagt að samtökin hafi farið yfir svör við landbúnaðarkafla spurningalista vegna ESB-umsóknar. Slíkt hafi mátt skilja af fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins, en samtökin hafi veitt landbúnaðarráðuneytinu ráðgjöf við hluta af svörum kaflans.



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem samtökin hafa sent frá sér. Þar segir enn fremur að svörin í heild sinni hafi ekki komið til formlegrar yfirferðar hjá samtökunum. **- kóp**

Varnarmálaráðherrar NATO-þjóða funda í Bratislava í Slóvakíu:

# Fjölga ekki hermönnum í Afganistan

**SLÓVAKÍA, AP** Fleiri hermenn verða ekki sendir frá NATO-þjóðunum Hollandi og Danmörku til starfa í Afganistan nema lögmæt stjórnvöld verði til í komandi kosningum 7. nóvember og Barack Obama Bandaríkjaforseti leggi fram nýja stefnu í málefnum landsins.

Þetta er meðal þess sem fram kom á fundi varnarmálaráðherra 28 NATO-ríkja í Bratislava í Slóvakíu í gær.

Eimert van Middelkoop, varnarmálaráðherra Hollands, sem er með 2.160 hermenn í Afganistan, segist bíða lokaúrslita kosninga þar, vegna þess að lögmæti stjórnvalda í Afganistan sé lykilatriði, líkt og stefnumörkun Bandaríkjaforseta.

„Ég held að flestar þjóðir bíði eftir stefnumörkun Bandaríkjanna," sagði van Middelkoop á fundinum.

Á fundinum gerði æðsti yfirmaður herafla NATO í Afganistan, bandaríski herforinginn Stanley McChrystal, grein fyrir stöðumati sínu á stríðinu þar.

Søren Gade, varnarmálaráðherra Dana, segir að þjóðir bandalagsins fjölgi ekki hermönnum í landinu fyrr en ljóst sé að stjórnvöld í Kabúl styðji við viðleitni alþjóðaherliðsins til að koma á friði í landinu. **- óká**



**Á NATO-FUNDI** Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna (til hægri), spjallar hér við Franz Josef Jung, varnarmálaráðherra Þjóðverja, á fundi ráðherra í Slóvakíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





ÍSLENSKA SIA.IS KAU 47670 10/09
Við viljum sjá þig
Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.
Nýi Kaupþing banki ætlar í samstarfi við Umferðarstofu og lögregluna að gefa endurskinsmerki, sem nálgast má í öllum útibúum bankans. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans, geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merki sent.
UMFERÐARSTOFA
Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi
NÝI KAUPÞING BANKI



**FÍFLDJARFUR** Þessi fífldjarfi maður, sem starfar sem lögreglumaður við landamæri Indlands og Tíbet, sýndi listir sínar í tilefni þess að 48 ár eru liðin frá því að landamæralögreglunni var komið á fót. NORDICPHOTOS/AFP

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti fyrir 500 milljónir:

# Fóstra efnileg sprotafyrirtæki

**NÝSKÖPUN** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NA) fjárfesti fyrir um hálfan milljarð á fyrstu sex mánuðum ársins 2009. Þar af fjárfesti sjóðurinn beint í fimm nýjum verkefnum fyrir um 300 milljónir.

Niðurstöður sex mánaða uppgjörs NA sýnir að sjóðurinn var rekinn með 76 milljóna króna hagnaði á fyrri hluta ársins. Sjóðurinn á nú hluti í 35 sprotafyrirtækjum og þremur samlagssjóðum. Heildareignir sjóðsins í lok júní síðastliðinn voru 4,3 milljarðar króna.

Samlagssjóðirnir sem NA á hluti í eru Brú II, Auður I og Frumtak. Þessir sjóðir fjárfesta í verkefnum sem eru komin nokkuð á veg. Stærstu hlutdeildina á NA í Frumtaki, sem í ár hefur fjárfest fyrir um 300 milljónir í fjórum verkefnum. Af fjárfestingum NA og samlagssjóðum má ráða að mikil gróska er í hugbúnaðarþróun á Íslandi. - shá

## FJÁRFESTINAR NA OG FRUMTAKS

- Gogoyoko ehf., tónlistar- og samskiptavefur.
- Gogogic ehf., sérhæfir sig í leikjahönnun.
- Auris ehf., fyrirtæki sem vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrabólgu hjá börnum.
- Gagnavinnslan ehf., í gagnavinnslu.
- Mentis Cura ehf., þróar aðferð til greiningar heilasjúkdóma.

**Frumtak:**

- Trackwell hf., hugbúnaður með áherslu á fjarskipti.
- AGR ehf., hugbúnaðarþróun í birgðabókhaldi.
- Handpoint ehf., í þróun hugbúnaðar.
- Andersen & Lauth, hannar, framleiðir og selur hátískufatnað á alþjóðamarkaði.

Jarðskjálfti í Indónesíu:

# Skelkaðir íbúar flúðu húsin sín

**INDÓNESÍA, AP Öflugur jarðskjálfti skók afskekkt Papúahérað í Austur-Indónesíu klukkan átta í gærmorgun. Fréttastofa AP segir skelkaða íbúa hafa flúið út undir bert loft og að nokkrar byggingar hafi gefið sig.**

**Ekki eru þó fregnir af meiðslum í austurhéruðunum.**

**Jarðskjálftinn í gær kemur í kjölfar annars enn öflugri á Vestur-Súmötru í síðasta mánuði, en í honum lét yfir þúsund manns lífið.**

**Jarðskjálftinn í gær mældist 5,8 stig á Richter, en upptök hans voru nærri höfuðborg Vestur-Papúahéraðs, Manokwari. - óká**



**ÞINGIÐ SETT** Þing BSRB vill að skilyrði AGS fyrir lánveitingu verði endurskoðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BSRB vill endurskoðun:

# AGS í aðför að velferðinni

**VINNUMARKAÐUR** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) segir að kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu þremur árum séu aðför að almannaþjónustunni og velferðarsamfélaginu.

Ályktun þess efnis var samþykkt á þingi sambandsins í gær. Þingið vill að skilyrðin verði endurskoðuð. Þá vill sambandið að tryggt verði að aukin greiðslubyrði hins opinbera bitni ekki á grunnþjónustunni. Almannaþjónustan sé mikilvægur hluti atvinnulífsins og skili samfélaginu miklum arði. Því sé niðurskurður skammgóður vermir. - kóp

## DÓMSTÓLAR

### Barði barnsmóður sína

Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að slá barnsmóður sína í andlitið og hrinda henni síðan í gólfið. Konan hlaut bólgu og sár í andlitið og krefst 300 þúsund króna í skaðabætur.

# Fréttablaðið höfðar til flestra

**Fréttablaðið skorar hátt í vinsældum í nýrri fjölmiðlakönnun Capacent. Ritstjóri blaðsins er þakklátur. Traust landsmanna á Morgunblaðinu fellur um 13,1 prósent miðað við sambærilega könnun í fyrra.**

**FJÖLMIÐLAR** „Það er ánægjulegt að sjá að Fréttablaðið fellur vel í kramið hjá fólki. Stefnan hefur verið allt frá upphafi þess árið 2001 að Fréttablaðið yrði dagblað þjóðarinnar. Það takmark náðist mjög fljótt og það er ánægjulegt að blað sem ekki er orðið tíu ára gamalt skuli vera búið að ná tryggri stöðu. Við getum ekki annað en verið þakklát fyrir það,“ segir Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins.



**JÓN KALDAL**

Í niðurstöðum nýrrar fjölmiðlakönnunar Capacent telja flestir Fréttablaðið sér að skapi. Meirihluti þátttakenda telur upplýsingar blaðsins sömuleiðis mikilvægar, auk þess sem flestir nota blaðið þegar þeir slaka á.

Könnunin nær aðeins til Fréttablaðsins og Morgunblaðsins og netmiðilsins mbl.is. Sambærileg könnun fyrir ári var mun umfangsmeiri og náði jafnt til netmiðla sem flestra tímarita. Könnunin var fyrst framkvæmd árið 2006 og náði þá jafnframt til sjónvarps- og útvarpsstöðva.



Fréttablaðið fær flest stig í þremur liðum af sex í könnuninni nú. Í tveimur fær það jafn mörg stig og Morgunblaðið en minna í einum lið.

Flestir þátttakenda telja blaðið að sínu skapi og gefa því 3,5 stig af fimm mögulegum. Það er 0,1 stigi minna en fyrir ári. Næstflestir telja það veita þeim mikilvægar upplýsingar og gáfu blaðinu 3,4 stig, sem er óbreytt á milli ára. Þá nota margir blaðið þegar þeir slaka á. Í þeim lið fékk blaðið 3,1 stig, sem er 0,1 stigi minna en í fyrra. - jab




Netkönnun Capacent Gallup gerð dagana 30. september til 7. október. 1.300 manna úrtaksstærð. 777 svöruðu eða um 61 prósent svarhlutfall.

**Þátttakendur gefa einkunn á bilinu 1-5.**

## FALL MOGGANS UMHUGSUNARVERT

„Þetta kemur ekki á óvart. Við sjáum traust á fjölmiðla dvína víða. En það er umhugsunarvert fyrir eigendur og stjórnendur Morgunblaðsins hversu mjög traust á blaðinu hefur dalað eftir ritstjóraskiptin,“ segir Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.



**ÞORBJÖRN BRODDASON**

Í niðurstöðum fjölmiðlakönnunar Capacent kemur fram að traust á bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu hefur dvínað. Morgunblaðið fær 3,3 stig af fimm mögulegum og stendur það jafnfætis Fréttablaðinu í sömu könnun.

Traust á Morgunblaðinu fellur um 13,1 prósent frá sambærilegri könnun fyrir ári. Traust á Fréttablaðinu sígur hins vegar aðeins um 2,9 prósent á sama tíma.

Sé litið til síðastliðinna þriggja kannana á undan frá 2006 hefur traust á Morgunblaðinu hrapað um 21,4 prósent en Fréttablaðsins um 10,8 prósent.

Þorbjörn segir samanburð á niðurstöðum könnunarinnar á milli ára gefa til kynna að traust almennings á fjölmiðlum hafi almennt dvínað hér á landi eftir efnahagshrunið fyrir ári. Það sama eigi við um traust til stofnana og fyrirtækja. Hins vegar sé ljóst að umdeild ritstjóraskipti hjá Morgunblaðinu eigi meiri þátt í dvínandi trausti á blaðinu en hrunið. „Það er einstakt að ritstjóri fjölmiðils er settur af og algjörlega á skjön við hefðir til áratuga hjá Morgunblaðinu,“ segir Þorbjörn og vísar til þess að ráðning Davíðs Oddssonar í ritstjórastól Morgunblaðsins hafi grafið undan trausti lesenda á blaðinu.


Viltu verða orkubóndi
og framleiða þína eigin orku?

Námskeiðið **Orkubóndinn** er haldið um allt land í samstarfi Nýsköpunarmiðstöðvar við sérfræðinga og heimamenn í öllum landshlutum

- **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** býður upp á námskeiðið *Orkubóndann* þar sem fjallað er á aðgengilegan hátt um leiðir til að virkja læki eða ár, jarðhita, vindorku, sólarorku eða jafnvel fjóshauginn.
- **Námskeiðið** er fyrir áhugafólk um virkjun orku, einstaklinga, fyrirtæki, landeigendur, bændur og alla sem hafa áhuga á að beisla orkuna heima fyrir.
- **Áætluð námskeið í vetur:**
  **Húsavík** 27. og 28. október
  **Ísafjörður** 26. og 27. nóvember
  **Egilsstaðir** 12. og 13. janúar
  **Höfn** 26. og 27. janúar
  **Sauðárkrókur** 23. og 24. febrúar
  **Vestmannaeyjar** 23. og 24. mars
  **Borgarnes** 13. og 14. apríl
  **Reykjavík** 18. og 19. maí
- **Nánari upplýsingar og skráning** á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, **www.nmi.is**.

Iðnaðarráðuneytið · Verkís · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Orkustofnun · Mannvit verkfræðistofa




**ALLSHERJARÞING SÞ** Í ár hafa færri lönd heimsins greitt það sem þeim ber til Sameinuðu þjóðanna en í fyrra. Það á þó ekki við um Ísland. MYND/GVA

Einungis 22 af 192 þjóðum hafa borgað gjöld til SÞ:

# Íslendingar í skilum

**UTANRÍKISMÁL** Ísland er eitt 22 ríkja sem hafa greitt öll gjöld vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum (SÞ) í ár.

Þessar þjóðir eru 11,4 prósent allra þeirra sem eru í Sameinuðu þjóðunum, en 192 þjóðir hafa ekki gert upp sína reikninga.

Sú þjóð sem mest greiðir til SÞ, Bandaríkin, er í hópi hinna skuldugu.

„Fjárhagsleg velferð samtakanna er háð því að aðildarríkin, þar á meðal þau sem mest greiða, standi við skuldbindingar sínar á réttum tíma,“ segir Angela Kane, einn yfirmanna SÞ.

Enn er alls ógreiddur 3,1 milljarður Bandaríkjadala, þar af 2,1 í friðargæslu, 828 milljónir í grunnrekstur, 63 milljónir í alþjóðadómstóla og 86 milljónir í viðhald höfuðstöðva SÞ. Af þessum liðum hafa fæstar þjóðir greitt til alþjóðadómstólanna. - kóp

## ÞAU HAFA GREITT ÖLL GJÖLD TIL SÞ

Aserbaídsjan, Austurríki, Ástralía, Filippseyjar, Finnland, Írland, Ísland, Ítalía, Kanada, Kongó, Króatía, Liechtenstein, Mónakó, Nígería, Nýja-Sjáland, Singapúr, Slóvakía, Suður-Afríka, Svíþjóð, Sviss, Tadsjikistan, Þýskaland.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# HELGAR TILBOÐ




VERÐ ÁÐUR: 49.900,-
**24.950,-**
VERÐ ÁN DÝNU

**OLYMPIC koja með vinnuaðstöðu**
Flott koja með stiga, geymsluhólfi fyrir bækur, 6 skúffum, skrifborði og stól.
Litir: Blár/silfur eða bleikur/silfur. Dýnustærð: B90 x L200 sm.

1/2 VIRÐI



**PLUS F30 svampdýna**
Vönduð svampdýna með eggjabakka-lögun öðrumegin. Þykkt 12 sm.
Stærð: 90 x 200 sm.

SPARIÐ 2.910
VERÐ ÁÐUR: 12.900,-
**9.990,-**




KOJA ÁÐUR: 39.900,-
**19.950,-**
VERÐ ÁN DÝNU

1/2 VIRÐI

RÚM ÁÐUR: 19.900,-
**9.950,-**
VERÐ ÁN DÝNU

**OLYMPIC koja**
Flottar kojur fyrir krakkana með stiga og geymsluhólfi fyrir bækur. Hægt að breyta í 2 stök rúm. Litir: Blár/silfur eða bleikur/silfur. Dýnustærð: B90 x L200 sm. Einnig fáanlegt stakt rúm með 3 stórum skúffum í stíl sem passar undir kojuna. Dýnustærð á stöku rúmi: B90 x L190 sm.




VERÐ ÁÐUR: 9.990,-
**5.990,-**

**PLUS F10 svampdýna**
Dýna með bómullaráklæði.
Dýnuna er hægt að leggja saman. Tilvalin lausn þegar gest ber að garði.
Litir: Svartur og blár. Þykkt: 9 sm.




**CORA sængurverasett**
Flott sængurverasett með fallegu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm.
og koddaver 50 x 70 sm.




VERÐ ÁÐUR: 1.990,-
**1.390,-**




HANDKLÆÐASETT
**1.990,-**

**FLOWER handklæðasett**
Mjög fallegt handklæðasett með fallegu blómamynstri.
Fæst í tveimur litasamsetningum.
Settið inniheldur 1 handklæði 68 x 127 sm.,
1 handklæði 38 x 64 sm. og 1 þvottastykki 33 x 33 sm.

## FULLAR BÚÐIR AF NÝJUM VÖRUM




VERÐ FRÁ:
**299,-**

**Mikið úrval af ódýrum leikföngum**
Ný sending af ódýrum leikföngum á frábæru verði!
Rottubolti verð: **399,-** Klísturgrís verð: **299,-** Vatnspylsa verð: **299,-**
Klick bolti verð: **399,-**




SETTIÐ AÐEINS:
**2.990,-**

**Bílasett**
Flott bílasett, nokkrar mismunandi gerðir fáanlegar, lögreglustöð, herstöð og slökkvistöð.

**Dúkka**
Dúkka fáanleg í 3 mismunandi fötum.
Stærð: 71 sm.
Frábært verð!

VERÐ AÐEINS:
**4.990,-**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mansal er staðreynd á Íslandi.

## Eftirspurn kallar á framboð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Mál litháísku stúlkunnar sem ærðist um borð í flugvél á leið sinni til Íslands í síðustu viku hefur heldur betur undið upp á sig.

Fljótlega kom í ljós að allt benti til að stúlkan hefði verið send hingað nauðug og vonandi leiðir örvilnun hennar í flugvélinni ekki bara til þess að hún sjálf losnar undan þeirri nauðung sem hér beið hennar, heldur einnig hópur annars fólks sem hér hefur verið við aðstæður sem enginn ætti að þurfa að upplifa. Hingað til hefur gengið illa að festa hönd á mansalsmálum hér á landi og skammt er síðan ákært var í fyrsta sinn í slíku máli.

Ísland er ekki talið uppfylla lágmarkskröfur til þjóðríkja varðandi aðgerðir gegn mansali í nýlegri skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins. Landið er talið annars flokks þegar kemur að mansalsmálum en í þeim flokki eru aðeins tvö önnur Vestur-Evrópuríki: Írland og Grikkland. Í bandarísku skýrslunni er fullyrt að fórnarlömb mansals séu hér á landi í vændi, byggingariðnaði og veitingarekstri og að þessi fórnarlömb fái alls ekki næga aðstoð og vernd.

Í Evrópu er litið á sölu fíkniefna sem alvarlegustu glæpastarfsemina. Þar á eftir kemur mansal. Í fréttaskýringu blaðsins í dag kemur fram hjá Arnari Jenssyni, fulltrúa Íslands hjá Evrópulögreglunni Europol, að fullgilding Palermo-bókunarinnar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi væri til verulegra bóta í baráttunni gegn mansali. Þessi bókun hefur verið fullgilt í flestum nágrannalöndum okkar.

Að sögn Arnars hefur mansalsstarfsemi í Evrópu breyst mjög á undanförnum árum, eftir að Schengen-samstarfið var tekið upp og lönd í Austur-Evrópu voru innlimuð í það samstarf. Áður hafi mansalsstarfsemi nánast eingöngu verið í höndum allra stærstu glæpasamtakanna en nú sé hún einnig stunduð af smærri glæpagengjum.

Ljóst er að hér hefur skort bæði þekkingu og reynslu til að fást við mansalsmál. Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í vor og unnið er að því að koma til framkvæmda var mikilvægt skref. Lögreglan á einnig hrós skilið fyrir að hafa tekið mál litháísku stúlkunnar föstum tökum og vonandi mun sú rannsóknarvinna sem staðið hefur síðan í síðustu viku leiða til þess að uppræta einhvern hluta þess mansals sem hér hefur viðgengist.

Það er auðvitað afleitt að starfsemi erlendra glæpahringja skuli vera farin að teygja anga sína hingað til lítla Íslands. Því má þó ekki gleyma að mansal þrífst á Íslandi vegna þess að eftirspurnin eftir því er til staðar.

Einhver fyrirtæki eru tilbúin að kaupa ódýrt vinnuafl þrátt fyrir að ljóst sé að pottur sé brotinn varðandi réttindi fólksins. Sömuleiðis hljóta kaupendur kynlífsþjónustu á Íslandi fyrst og fremst að vera Íslendingar. Meðan íslenskir karlmenn hafa lyst á að kaupa sér kynlífsþjónustu verða alltaf einhverjir tilbúnir að hafa tekjur af slíkri starfsemi.

Mansal er þannig ekki bara óþægileg veira ættuð úr fjarlægu landi heldur bein afleiðing af siðferðisbresti í okkar eigin samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Virkar ljósaperan þín?

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa **kveikt á útiljósum** við heimili sín á nóttinni til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.



Góð lýsing og örugg aðkoma að lúgu kemur í veg fyrir óhöpp hjá blaðberum og tryggir í leiðinni **örugga blaðaog póstdreifingu** inn á heimilið.

Með fyrirfram þökk, Pósthúsið

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | sími: 585 8300 | **www.posthusid.is**




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Uppgjörið

Síðustu kosningar snerust hvorki um pólitíska hugmyndafræði né framtíðina. Segja má að í fáum kosningum hafi málefni og stefnuyfirlýsingar einstakra stjórnmálaflokka borið jafn lítið á góma. Kosningarnar voru fyrst og fremst uppgjör við hrunið. Þær deildu völdum á ný með skírskotun til liðins tíma.

Allt var þetta skiljanlegt í ljósi þeirra miklu atburða sem áttu sér stað fyrir ári. Gjaldmiðillinn hrundi, Seðlabankinn komst í þrot og viðskiptabankarnir féllu. Þetta þrennt lagði ómældar byrðar á skattborgarana og fyrirtækin.

Við slíkar aðstæður verður ekki hjá því komist að horfa í baksýnisspegilinn og meta liðinn tíma. Vandinn er hins vegar sá að



ÞORSTEINN PÁLSSON

völdum hefur ekki verið deilt á grundvelli hugmyndafræðilegrar umræðu um framtíðina. Það skýrir um margt þá málefnalegu stjórnarkreppu sem sett hefur mark sitt á stjórnmálaatburði síðustu mánaða.

Sá flokkur sem stóð lengst til vinstri fékk einhvern stærsta pólitíska ávinning sem íslensk stjórnmálasaga geymir. Ástæðan var ekki stefnan. Um hana var lítið talað. Hitt reið baggamuninn að flokkurinn var sá eini sem ekki hafði borið pólitíska ábyrgð á liðnum árum. Hann hefur nú undirtökin í ríkisstjórn þó að hann fari ekki með forystuna að formi til.

Kosningarnar snerust um að búa til andstæður með tilliti til hrunsins. Engar aðrar kosningar á Íslandi hafa, eins og þær síðustu, snúist um það fyrst og fremst að útiloka fyrirfram breitt pólitískt samstarf. Niðurstaðan var sú að í fyrsta skipti í sögunni fengu vinstriflokkar tækifæri til að mynda stjórn algjörlega á eigin forsendum.

Við myndun ríkisstjórnarinnar var lögð ofuráhersla á að draga upp mynd af fyrstu hreinu vinstristjórninni. Skilaboðin voru skýr: Það var verið að staðfesta ímynd um óbrúanlega hugmyndafræðilega gjá í íslenskri pólitík.

## Hugmyndafræðin

Stóra spurningin er þessi: Er það í raun og veru svo að þetta hugmyndafræðilega gap skilji flokka og kjósendur að? Margt bendir til að svo sé ekki í þeim mæli sem gefið er í skyn.

Skýrasta vísbendingin lýtur að norræna velferðarhugtakinu. Við myndun ríkisstjórnarinnar var það gert að eins konar tákni um afgerandi pólitísk umskipti. Það var kynnt sem nýjung í íslenskri pólitík. Í því var ennfremur fólgið mikið fyrirheit um að nú ætti að færa þjóðfélagið frá hægri til vinstri.

Þegar betur er að gáð er norræna velferðarkerfið málamiðlun ólíkra stjórnmálaflokka sem í tímans rás hafa færst nær miðjunni. Hér á Íslandi varð Sjálfstæðisflokkurinn til að mynda miklu stærri en hægriflokkar á Norðurlöndum fyrir þá sök að Ólafur Thors gerði strax í öndverðu innanflokks málamiðlun milli athafnafrelsis og velferðar að norrænum hætti.

Þegar ríkisstjórnin kynnti norræna velferðarhugtakið til sögunnar sem nýmæli hefðu forystumenn Sjálfstæðisflokksins því allt eins getað sagt: Eins og talað út úr okkar hjarta. Með öðrum orðum: Það er löngu liðin tíð að norræna velferðarhugtakið sé merkimiði til vinstri. Þvert á móti: Það hefur í áratugi verið ímynd sameiningar en ekki sundrungar í íslenskum stjórnmálum.

Annað dæmi um pólitíska samloðun: Við stjórnarmyndunina féllust forystumenn VG á að gera endurreisnaráætlunina sem Sjálfstæðisflokkurinn vann með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að grundvelli stefnunnar í efnahagsog ríkisfjármálum. Atburðir síðustu vikna benda að vísu til að óvíst sé að bakland VG hafi úthald til að bregða í svo veigamiklum atriðum frá grundvallarstefnu flokksins.

Á hinn veginn sýnir sú staðreynd að forystumenn VG gengust inn á þennan grundvöll að hugmyndafræðilega gjáin í íslenskum stjórnmálum er ekki jafn djúp og breið og virðist við fyrstu sýn. Þeirri ímynd er haldið á lofti fremur til að treysta völd en að ryðja framfaramálum braut.

## Framtíðin

Þótt hugmyndafræðilegur ágreiningur sé í reynd minni en látið er í veðri vaka er hann eigi að síður til staðar. Hann kemur til að mynda fram í ólíkum hugmyndum til stóriðju. Þar greinir menn á um náttúruvernd en þó öllu meir um hlutverk erlendra fjárfesta í íslenskum þjóðarbúskap.

Sú ólýðræðislega staða er uppi á teningnum að VG er eins og Þrándur í Götu þess að vilji meirihluta Alþingis fái notið sín á þessu sviði. Það gæti dregið endurreisnina á langinn. Þjóðin er að tapa á því að breiðara pólitískt samstarf fær ekki notið sín á þessu sviði.

Annað dæmi um hugmyndafræðilegan ágreining lýtur að skattamálum. Þar ræður hugmyndafræði VG ferðinni. Hún mun leiða til þess að óhjákvæmileg ný tekjuöflun mun draga úr verðmætasköpun og hagvexti. Vera má að þarna endurspeglist fremur gamlar kreddur en bjargföst hugmyndafræði. Einu gildir. Þessi veruleiki seinkar endurbata í þjóðarbúskapnum og veikir vörnina fyrir norræna velferðarkerfið.

Af þessu má draga lærdóm. Hann er fyrst og fremst sá að óskynsamlegt er að ala á hugmyndafræðilegum ágreiningi sem er ekki til staðar í þeim mæli sem haldið er fram. Að þessu þurfa forystumenn beggja megin víglínunnar að gæta. Sundurlyndið er skaðlegt við ríkjandi aðstæður.

Kjarni málsins er sá að hugmyndafræðilegar forsendur eru fyrir breiðari pólitískri samvinnu. Hún mun skila meiri árangri. Hugmyndafræði framtíðarinnar er mikilvægari en skotgrafir fortíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


www.ellingsen.is
ÚLPUDAGAR
í Ellingsen
FULL BÚÐ AF NÝJUM ÚLPUM
Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
Nú er allra veðra von og öruggara að klæða sig í samræmi við það. Við bjóðum mikið úrval af vönduðum og góðum vetrarúlpum frá heimsþekktum framleiðendum.
Columbia Sportswear Company
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
GERÐU GÓÐ KAUP!
30–50%
afsláttur af eldri gerðum
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK · SÍA

# Íþyngja stjórnvöld handhöfum aukinna ökuréttinda?

**UMRÆÐAN**
Jón Halldór Guðmundsson skrifar um aukin ökuréttindi


JÓN HALLDÓR GUÐMUNDSSON

Á liðnu sumri hefur enn eitt metið verið slegið í fjölda erlendra ferðamanna til Íslands, hvort sem er fljúgandi eða í ört fjölgandi komum skemmtiferðaskipa.

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra ferðamanna sem koma til landsins ferðast með hópferðabifreiðum. Ört fjölgandi ferðamenn kalla á fjölgun í hópbifreiðaflotanum, sem kallar á umtalsverða endurnýjun þeirra sem hafa réttindi til að aka slíkum ökutækjum. Á undanförnum árum hefur nám til aukinna ökuréttinda hækkað gríðarlega mikið, sem verður til þess að einstaklingar leggja ekki út í þann kostnað að afla sér þessara réttinda til þess eins að sinna akstri slíkra ökutækja í aukavinnu eins og tíðkast hefur í áratugi. En eins og allir vita er mesti annatími ferðamannaiðnaðarins yfir hásumarið, sem hefur það í för með sér að gríðarlegur fjöldi hlutastarfa skapast í kringum þennan iðnað.

Mikið er um að háskólastúdentar sæki í þessi störf ásamt öðrum sem nýta sumarfríið sitt til að afla auka tekna. Hluta þessarar hækkunar má rekja til þess að hið opinbera hefur lagt auknar álögur á ýmsa hluta námsins með því að innleiða blindandi tilskipanir frá Evrópusambandinu án þess að nýta sér þær undanþágur sem er að finna í tilskipununum sjálfum. Á síðustu misserum hafa stjórnvöld talað fögrum orðum um fjölgun ferðamanna og að ferðamannaiðnaðurinn muni skila auknum gjaldeyristekjum í ríkissjóð.

Með setningu reglugerðar nr. 760/2006 um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini eru stjórnvöld að innleiða enn eina tilskipunina frá Evrópusambandinu þar sem kveðið er á um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga. Í þessari tilskipun er kveðið á um að þeir sem hafi gild ökuréttindi í flokki D til D1 (farþegaflutninga) og C til C1 (vöruflutninga) þurfi að sækja endurmenntun sem fer fram á 35 stunda námskeiði á fimm ára fresti til að viðhalda atvinnuréttindum sínum. Endurmenntun þessi skal fara fram á vegum ökuskóla sem hefur starfsleyfi til að annast slíka endurmenntun. Í 11. lið inngangs tilskipunarinnar er kveðið á um „að þessi tilskipun skuli ekki hafa áhrif á réttindi ökumanns sem er handhafi ökuskírteinis, sem er nauðsynlegt til að stunda akstursstarfsemi, fyrir þann dag sem mælt er fyrir um til að fá starfshæfisvottorð sem vottar grunnþjálfun hans eða reglubundna þjálfun“. Í öllum hópferða- og vöruflutningabifreiðum eru ökuritar og eru þeir allra nýjustu þannig að viðkomandi ökumaður þarf sérstakt ökuritakort með innbyggðum örgjörva sem ber að endurnýja á fimm ára fresti.

Hingað til hafa aukin ökuréttindi gilt í tíu ár en árið 2013 verður sú breyting á að gildistími þeirra verður styttur til samræmis við gildistíma ökuritakortsins og endurmenntunarinnar. Allt þetta hefur í för með sér umtalsverð útgjöld fyrir handhafa slíkra réttinda, sem verður til þess að þeir sem stundað hafa slíka aukavinnu munu hverfa frá þar sem sá kostnaður sem viðkomandi þarf að leggja út í til að viðhalda atvinnuréttindum er slíkur að enginn ávinningur er lengur til staðar.

Er það ætlun samgönguráðherra að drepa þessar stéttir eða ætlar hann að beita sér fyrir breytingum sem stuðla að eðlilegri endurnýjun í þessum starfsstéttum?

*Höfundur er viðskiptalögfræðingur og með M.A. í skattarétti.*

# Gull á fjóshaugi

**UMRÆÐAN**
Jóhann Tómasson skrifar um samfélagsmál


JÓHANN TÓMASSON

Þegar ég var ungur, höfðum við, sem vildum verða alvöru læknar, áhuga á að komast að hjá góðum læknum. Eftirsóknarverðar fyrirmyndir voru þeir, sem þóttu góðir klínikerar og hagleiksmenn. Þar var ég lánsmaður í meira lagi. Auk merkra lækna, sem ég naut handleiðslu hjá, átti ég einstakan tengdaföður. Hann var ekki einasta mikill læknir. Hann var einstakur maður, sem bar af öðrum í fágun og siðfestu. Á honum sannaðist, að einungis góður maður verður góður læknir. Hann var alla ævi að hugleiða og skrifa. Um hag alþýðu og heilbrigðismál. Aldrei um eigin hagsmuni, enda notaði hann ekki orðið ég í skrifum sínum.

Mér til nokkurrar gremju vildi hann hugsa gagnagrunnsmálið árið 1998 rækilega, áður en hann tjáði sig um það við mig. Vinstri sinnaður eins og hann alla tíð var sá hann auðvitað strax, að þarna var kommúnismi á ferð. Ein sjúkraskrá fyrir hvern einstakling var hugmynd, sem hann hafði lengi hugleitt. Þegar hann síðar áttaði sig á því, að áhættufjárfestar stóðu á bak við hugmyndina, kvað hann strax upp úr með það, að ekki myndu þeir lengi bíða fjár síns. Það kom enda á daginn. Ári síðar, 1999, færði Davíð Oddsson þeim sex milljarða króna úr ríkisbönkunum á silfurfati. Þar með hófst viti firrtur slagur Íslendinga um gráu hlutabréfin í deCode. Og græðgisfjandi nýfrjálshyggjunnar varð endanlega laus í íslenzku þjóðfélagi.

Hinn 10. janúar 2004 birtist síðasta grein Guðmundar Helga Þórðarsonar læknis í Morgunblaðinu, en þá var hann áttræður, þorrinn af kröftum vegna alvarlegra veikinda. Greinin heitir „Um gróðafíkn“. Þar fjallar hann um ofurlaunamennina og segir síðan: „Ef spurt er um rök fyrir því að greiða mönnum svo hátt kaup, er því oftast svarað til, að þessir menn beri svo þunga ábyrgð og þess vegna þurfi að greiða svona hátt kaup. Þessi kenning um ábyrgðartilfinningu ofurlaunamanna hefur beðið nokkurn hnekki upp á síðkastið af ýmsum ástæðum, bæði hér á landi og út um heim. Kemur þar til, að ofurlaunamennirnir hafa ekki reynzt eins ábyrgir og við var búizt; æ fleiri úr þeirra hópi lenda í klandri vegna fjármálamisferlis, svo að segja má að hinn frjálsi markaður logi allur í slíkum málum.“

Hér sönnuðust enn einu sinni orð írska skáldsins og heimspekingsins Iris Murdoch: „Það er eins með siðgæðið og gimsteininn. Flestir depla auga og hraða sér fram hjá. Þannig hefur margt lífið og listaverkið farið forgörðum.“ Svanasöngur tengdaföður míns mun glitra eins og gull á fjóshaugi langt fram á veg.

*Höfundur er læknir.*

# Samstarf foreldra og skóla skilar árangri

**UMRÆÐAN**
Sjöfn Þórðardóttir skrifar um vímuefnavikuna


SJÖFN ÞÓRÐARDÓTTIR

Vika 43 – vímuvarnarvikan beinir nú sjónum að kannabisneyslu. Foreldrar fá þau skilaboð frá sérfræðingum í vímuvörnum að hægt sé að tala um kannabis sem vímuefni unga fólksins og mikilvægt sé að leggjast í forvarnir til að bjarga komandi kynslóðum.

Við foreldrar megum ekki sofna á verðinum og mikilvægt er að foreldrar þekki þau einkenni sem koma fram hjá unglingum sem eru að byrja að neyta ólöglegra kannabisefna. Unga fólkið þarf á stuðningi okkar að halda svo það hefji ekki neysluna og mikilvægt er að grípa fljótt inn í ef börn eru að leiðast út í neyslu. Sérstaklega þarf að beina sjónum að 16 til 18 ára unglingum í framhaldsskólum. Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar hér á landi á líðan og högum ungmenna sýna fram á að eftirlit foreldra, stuðningur þeirra, magn tíma sem varið er með börnunum, tengsl foreldra við aðra foreldra og vini ungmennanna dragi úr líkum á vímuefnaneyslu og auki líkur á góðum námsárangri.

Samstarf foreldra í framhaldsskólum hefur tekið á sig nýja mynd síðan ný menntastefna leit dagsins ljós og menntalög tóku gildi í júní 2008. Þar er gert ráð fyrir foreldraráðum í framhaldsskólum og þar starfa nú sérstakir forvarnarfulltrúar. Samstarfið þarf öðru fremur að einkennast af gagnkvæmri upplýsingamiðlun og er það því fagnaðarefni að foreldrar fái send vefrit eins og Verzlunarskólinn hefur gert undanfarið. Verzlunarskólinn sýnir með þeim hætti frumkvæði og leggur áherslu á gott upplýsingastreymi til foreldra og forráðamanna nemenda sinna. Slíkt framtak er til fyrirmyndar fyrir alla framhaldsskóla landsins. Það er einmitt á fyrstu árum í framhaldsskóla sem hætta er á að foreldrar gefi eftir eða missi tökin á börnum sínum, sérstaklega þegar horft er til niðurstaðna kannana sem gerðar hafa verið á neysluvenjum 16 til 18 ára unglinga hvað varðar áfengisdrykkju og neyslu kannabisefna. Með virkri og markvissri þátttöku foreldra í framhaldsskólastarfinu felast sóknarfæri fyrir foreldra til að hafa áhrif á almenna stefnumótun í skólamálum, þar á meðal forvarnarmálum.

Hlutverk foreldraráða í framhaldsskólum er meðal annars að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda í samstarfi við skólann. Með samstarfinu er hægt að halda uppi öflugu og góðu forvarnarstarfi og hvetja foreldra til að sýna samstöðu og halda ekki eftirlitslaus samkvæmi, leyfa ekki áfengi fyrir viðburði á vegum skólans í heimahúsi og í samkvæmum fyrir skólaböll, svo dæmi séu tekin.

Æskan leggur grunninn að framtíð hvers einstaklings. Þá mótast mikilvægar forsendur lífssýnar, þroska og heilbrigði síðar á ævinni. Líkt og máltækið segir, lengi býr að fyrstu gerð. Ungt fólk er veikara fyrir neyslu vímuefna en fullorðnir og rannsóknir sýna að því seinna sem ungt fólk hefur neyslu áfengis og tóbaks því minni líkur eru á að það leiðist út í neyslu vímuefna, hætti í skóla eða lendi í öðrum erfiðleikum. Við vitum að börn og ungmenni eru berskjölduð fyrir áróðri um neyslu áfengis og annarra vímuefna. Með öflugu foreldrasamstarfi, samstarfi við skólayfirvöld, nemendafélög, fræðslu, upplýsingastarfi og hvatningu til heilbrigðra lífshátta er hægt að sporna gegn vímuefnaneyslu ungmenna. Foreldrar eru auðlind í skólastarfi og með því að taka þátt þá verndum við það dýrmætasta sem við eigum, börnin okkar.

*Höfundur er formaður Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.*


Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri



Opnar í dag
Ný hraðþjónusta í Hafnarfirði
Max1 Dalshrauni 5

Fáðu góðan
40% afslátt
á umfelgun og jafnvægisstillingu

Max1 opnar í dag nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði

Max1 bílavaktin opnar nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði í dag: Dalshrauni 5 (gamla Glerborgarhúsið). Komdu í kaffi og skoðaðu nýju Max1 hraðþjónustuna. Nýttu þér 40% opnunartilboð Max1.

Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur um hvað við getum gert meira fyrir þig.

Komdu á Max1 í dag!

Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

**Frábært tilboð á öllum Max1 í dag**
Við höldum upp á opnun Max1 í Hafnarfirði. Tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði gildir á öllum stöðvum Max1: Þú færð 40% afslátt af allri umfelgun og jafnvægisstillingu. Dæmi fyrir 12-16 tommu dekk á stálfelgum: Þú greiðir aðeins 3.990 kr. fyrir umfelgun og jafnvægisstillingu á fjórum fólksbíladekkjum. Tilboðið gildir út október. Þú velur hraðþjónustu Max1 og nýtir þér tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði. Komdu í kaffi í dag.

Opið í dag, laugardag, milli kl. 9 -13.

**Hafnarfjörður** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Reykjavík** Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Akureyri** Tryggvabraut 5, sími 462 2700.
Skoðaðu max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

www.nikon.is

EXPEED

*At the heart of the image*

Nikon

It can capture everything you see.

And some things you can´t.

The new Nikon D3S.




# Welcome to Nikon Expo in Reykjavik!

## Tuesday, November 3, at Radisson SAS Saga Hotel

Nikon and partners presents the latest cameras and other technologies that can help you capture better images - and video clips. Together with some of the leading brands Nikon presents this year's most important event for professional photographers and users. See the latest and the best in digital workflow. See Nikon's latest professional cameras and discuss with our specialists. Try out the equipment and put it to the test in our studio!

Participate in seminars and demonstrations with photographers Staffan Widstrand and Ola Strangeways and representatives from Nikon, Epson, Apple, SanDisk and Profoto.

Register for Your free entry ticket, and participate in our camera lottery, by entering
http://www2.nikon.se/nordic/icelandexpo
For more information please contact our partner, Beco tel: 533-3411 or www.beco.is

**The new Nikon D3S. FX format, ISO 200-12800. 9FPS. HD video with frame grab.**

D3S

The world´s best action photography camera just raised the bar. All new 12.1 megapixel FX sensor with ISO extendable up to 102,400 equivalent, Nikon D-Movie and Save Selected Frame function. The finest instrument ever made for avilable light. Perfect for capturing fleeting moments in time or cinematic movie clips. Welcome to Nikon

# Gegn atvinnuleysi í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Oddný Sturludóttir skrifar um atvinnumál


ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Einn alvarlegasti fylgifiskur efnahagshrunsins sem varð á Íslandi síðasta haust er atvinnuleysið. Nú eru 14.780 þúsund einstaklingar atvinnulausir á landinu öllu, í Reykjavík voru í september 6.177 manns atvinnulausir, þar af höfðu 3.507 verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur. Spá borgarhagfræðings um atvinnuleysi á árinu 2010 gerir ráð fyrir 11,5% atvinnuleysi.

Atvinnuleysi er böl þeirra sem fyrir því verða og samfélagsins alls. Að ráða bug á því er erfitt viðfangsefni sem krefst samstillts átaks margra. Hlutverk stjórnvalda er vitanlega fyrst og fremst að skapa efnahagslegt jafnvægi svo atvinnulífið nái sér á strik á nýjan leik en ekki má gleyma að sinna þeim þúsundum sem eru án atvinnu í dag.

Sérstakur atvinnumálahópur hefur starfað á vettvangi borgarstjórnar og fylgst með þróun atvinnuleysis og undirrituð tók við stjórn hans í júní síðastliðnum. Stærsta verkefni hans er að miðla upplýsingum til borgarstjórnar um þróun atvinnuleysis og vinna leiðbeinandi viðmið við gerð fjárhagsáætlunar sem snúa að því að lágmarka áhrif atvinnuleysis á ólíka hópa samfélagsins.

### Hversu mörg störf skapar hver króna?

Það er sérstaklega mikilvægt að borgarfulltrúar staldri við hverja einustu krónu sem fer til framkvæmda og verkefna á vegum borgarinnar og spyrji sig: Hversu mörg störf skapar hún? Í þessum anda eru ofangreind viðmið.

Mikið verk hefur verið unnið af hálfu hins opinbera til að sporna gegn neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga. En ekki síst hafa ótal verkefni sprottið upp síðastliðið ár á vettvangi stéttarfélaga, grasrótarsamtaka, háskólanna, símenntunar- og fræðsluaðila í formi námskeiða, virkniverkefna og ráðgjafar.

### Samvinna, samstarf og samhæfing

Mín skoðun er hins vegar sú að verk sé að vinna þegar kemur að samvinnu. Atvinnuleysið er af slíkri stærðargráðu á Íslandi að það er algjört forgangsmál að þétta raðirnar, stilla strengi og samhæfa aðgerðir.

Nú er fjármagn af skornum skammti. Þar af leiðandi ríður á að leita allra hugsanlegra leiða til að nýta sem best þá fjármuni, þekkingu, aðstöðu, og mannafla sem þegar er til staðar. Gæfuríkt spor væri að ríki og borg geri með sér nokkurs konar sáttmála um að nýta allar sínar bjargir, hvort sem um þekkingu, mannafla eða aðstöðu er að ræða.

### Tangarsókn

Við höfum vítin til að varast þau. Nærtækasta dæmið er Finnland, en reynsla þeirra sýnir að sú kynslóð sem verst fór út úr efnahagslægðinni í Finnlandi á árunum ´91-´93 var unga kynslóðin sem festist í djúpum sporum atvinnuleysis í upphafi starfsferils síns. Afleiðingarnar voru skelfilegar fyrir stóran hóp fólks. Það er víðtæk skoðun fræðimanna sem rannsakað hafa samfélög sem glímt hafa við mikið atvinnuleysi að afleiðingar þess verða alvarlegri því yngra sem fólk er.

Glíman við atvinnuleysið er þess eðlis að blása þarf til tangarsóknar. Hverri krónu sem varið er til ráðgjafar, starfsþjálfunarúrræða og virkniverkefna er vel varið. Það er sameiginlegt verkefni samfélagsins alls að aðstoða atvinnuleitendur á Íslandi enda eru félagslegar afleiðingar atvinnuleysis margþættar. Veraldleg áhrif eru augljós og birtast í víðtækum efnahagslegum erfiðleikum. Andleg áhrif atvinnuleysis eru lágt sjálfsmat, kvíði og depurð. Einstaklingur sem ekki hefur atvinnu og nýtir sér ekki menntunarúrræði, ráðgjöf eða námskeið bíður þess oft ekki bætur. Það er fórnarkostnaður sem má fyrir alla muni aldrei komast á gjalddaga.

*Höfundur er borgarfulltrúi og formaður atvinnumálahóps borgarinnar.*


RÁÐGJAFARSTOFA FLYTUR!

Mánudaginn 26. október opnar þjónustuver okkar á Hverfisgötu 6 í Reykjavík

Opið alla virka daga kl. 9:00 - 16:00 og tímapantanir eru óþarfar

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

Hverfisgötu 6 Reykjavík - www.rad.is


# Nokkur orð um döffleikhús

**UMRÆÐAN**
Margrét Pétursdóttir skrifar um leiklist


MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR

Í Fréttablaðinu laugardaginn 3. október skrifaði Páll Baldvin áhugaverða grein um þann niðurskurð sem fyrirsjáanlegur er í menningarlífi okkar Íslendinga á komandi fjárlögum. Það sem vakti hins vegar athygli mína var umræða hans um fjárveitingu af fjárlögum 2009 til Draumasmiðjunnar vegna leiklistarhátíðarinnar DRAUMAR 2009. Mér fannst umræða hans einkennileg og gera lítið úr því starfi sem Draumasmiðjan er að vinna.

Í fyrsta lagi langar mig að benda á ranga orðanotkun Páls Baldvins, en í greininni kallar hann hátíðina „leiklisthátíð daufdumbra“ þegar hið rétta er „döff leiklistarhátíð“. Döff er tökuorð úr táknmálinu og stendur fyrir að vera heyrnarlaus, tala táknmál og að tilheyra döff menningarsamfélagi. Orðið heyrnarlaus nægir ekki, því það þýðir einungis að heyra ekki. Því hefur skapast sú venja að nota orðið döff fyrir þennan þjóðfélagshóp.

Daufdumbur þýðir hins vegar samkvæmt orðabókum að vera bæði heyrnarlaus og mállaus og það eru döff ekki. Þeir eru ekki mállausir. Döff eiga sér mál sem er byggt á hinu sjónræna en ekki á hljóði. Þeir tala táknmál og hér á Íslandi tala þeir íslenskt táknmál (ÍTM). Íslenska táknmálið er mál, með málfræði, orðasamböndum og öllu því sem máli fylgir. Kannski mætti segja að þörfin fyrir þessa leiklistarhátíð sé til komin einmitt vegna fyrrgreinds viðhorfs til döff og táknmálsins.

En því ætti að styrkja hátíð sem þessa? Þann sama laugardag sem Páll Baldvin skrifaði þessa grein voru á leikhússíðum Morgunblaðsins auglýstar 20 leiksýningar (þ.e. atvinnuleiksýningar). Ekki voru leitaðar uppi áhugaleiksýningar og sýningar Sjálfstæðu leikhúsanna sem margar hverjar eru ekki auglýstar, en greinarhöfundur er þess fullviss að þær hafi verið nokkrar. Engin ofangreindra sýninga var döff leiksýning, engin þeirra var túlkuð og engin þeirra hentaði döff neitt sérstaklega. Það voru nákvæmlega engar leiksýningar fyrir döff þennan ákveðna laugardag, á meðan heyrandi gátu valið úr 20 leiksýningum. Þetta er ekki undantekningin, þetta er venjan.

Draumasmiðjan hefur reynt að setja upp a.m.k. eina döff leiksýningu á ári en ein sýning á ári er ekki sambærilegt við það úrval sem við heyrandi þekkjum. Það er dýrt að búa til leiksýningar. Á leiklistarhátíðina komu þrjár erlendar sýningar til viðbótar við íslensku sýninguna og slíkan fjölda sýninga hefði Draumasmiðjan ekki ráðið við að setja upp á einu ári. Þó að sýningarnar hafi verið á erlendum táknmálum eiga þær meiri samleið með döff heldur en íslenskt leikhús á íslensku raddmáli og jafnvel meiri samleið en túlkuð íslensk leiksýning. Það er því vel skiljanlegt að fjárlaganefnd hafi ákveðið að styrkja DRAUMA 2009, döff áttu það einfaldlega skilið að fá loksins úrval leiksýninga að velja úr.

Páll Baldvin talaði einnig um að styrkveitingin hafi komið „í bakið“ á áhugaleikfélögunum, en hún hefði ekki átt að gera það. Styrkveitingin til Draumasmiðjunnar var hrein viðbót við þá upphæð sem rennur til áhugaleikfélaganna en ekki tekin af þeirra föstu upphæð. Draumasmiðjan er hins vegar sammála áhugaleikfélögunum að best hefði verið að styrkurinn hefði verið undir liðnum atvinnuleikhús þar sem Draumasmiðjan er atvinnuleikhús. Best teldi Draumasmiðjan hins vegar að döff leikhúsið hefði sinn eigin lið á fjárlögum, fasta upphæð frá ári til árs, með nægilegt fjármagn til að geta boðið döff upp á framsæknar og metnaðarfullar sýningar.

Draumasmiðjan hefur unnið að döff leikhúsi í næstum 10 ár, eða frá árinu 2000. Á þessu tímabili hefur hún þrisvar fengið styrk frá leiklistarráði, einn þeirra var opinn og ákvað hún sjálf að setja þann styrk í döff leiksýningu, en tvisvar fékk hún styrk til sýninga fyrir heyrandi áhorfendur. Það ætti frekar að vera tilefni til greinaskrifa, en að Draumasmiðjan fái styrk af fjárlögum fyrir leiklistarhátíð sem að auki kom með gjaldeyristekjur inn í landið á erfiðum tímum þar sem hátíðin var vel styrkt af Norræna menningarsjóðnum.

*Höfundur er leikhússtjóri Draumasmiðjunnar.*





Hið margrómaða
Jólahlaðborð Hótel Eldhesta

Pantanir á hið margrómaða jólahlaðborð Hótel Eldhesta á aðventunni eru hafnar - það fyrsta verður 28. nóvember.



Jólahlaðborð og gisting aðeins 8.900 kr. á mann!

Innifalið: Jólahlaðborð, gisting í 2ja manna herbergi í eina nótt, ásamt morgunverðarhlaðborði. Einnig er hægt að sleppa gistingunni, en þá er verðið 5.800 kr. á mann.

Pantanir mótteknar hjá Fríðu í síma 4804800 eða með tölvupósti - info@eldhestar.is

Hótel Eldhestar er kjörinn staður til ráðstefnuhalds

- Friðsæll fundarstaður
- Hálftíma akstur frá Reykjavík
- 26 rúmgóð herbergi
- Afþreying í næsta nágrenni

Nánari upplýsingar um Hótel Eldhesta má sjá á vefslóðinni www.hoteleldhestar.is

HÓTEL Eldhestar

Vellir • 810 Hveragerði • Sími 480 4800 • Fax: 480 4801
info@eldhestar.is • www.hoteleldhestar.is



GILDI lífeyrissjóður

Sjóðfélagafundur

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel mánudaginn 26. október 2009 kl. 17.30.

Dagskrá fundarins:

1. Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.
2. Staða sjóðsins.
3. Samskipta- og siðareglur.
4. Atvinna og enduruppbygging.
5. Umræður og fyrirspurnir.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

GUL, GRÆN, GALA, RAUÐ STARK, FUJI OG MODY

# EPLADAGAR!




## Ódýrt að versla!




KRYDDAÐ LAMBALÆRI

**1.399 kr/kg**

~~1.998 kr/kg~~




LAMBASÚPUKJÖT, BLANDAÐ

**496 kr/kg**

~~689 kr/kg~~




KREBENETTUR Í RASPI

**909 kr/kg**

~~1.298 kr/kg~~




COCA-COLA 4x2l

**698 kr/kg**




VANILLU-, SÚKKULAÐI- OG JARÐARBERJAÍS, 1.33l

**359 kr/stk**

GLOCKEN ÁVAXTASAFI

epla, appelsínu og multivitamin

**248 kr/stk.**

~~459 kr/kg~~







PLENTY ELDHÚSRÚLLA

60blöð

**199 kr/stk.**

~~299 kr/stk.~~

JOHNSON´S BABY BLAUTKLÚTAR

64 stk.

**298 kr/pk.**

~~359 kr/pk.~~




www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 24. - 25. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**

*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Yfirtaka sjálfstæðismanna á Álftanesi

**UMRÆÐAN**
Kristján Sveinbjörnsson skrifar um bæjarmál á Álftanesi

Nú hefur sjálfstæðisfélagið á Álftanesi komist til valda á ný. Því er ekki úr vegi að líta um öxl og skoða hvernig sú niðurstaða fékkst. Svo virðist sem D-listinn hafi þurft nokkra mánuði til að kyngja þeirri staðreynd að flokkurinn hafi virkilega tapað kosningunum 2006. Á haustdögum fór hefndarþorstinn að leita sér útrásar. Mér er þó stórlega til efs að það heiðvirða sjálfstæðisfólk sem býr á Álftanesi sé beinlínis stolt af framgöngu sinna manna í baráttunni fyrir endurheimt fyrri


KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

valda. Meðulin koma þó fáum á óvart sem fylgst hafa með valdabrölti þeirra síðustu áratugi.

Hatröm rægingarherferð hefur staðið linnulaust í prent- og ljósvakamiðlum frá árslokum 2006. Vogar, málgagn Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, sá t.d. tvisvar ástæðu til að leggja blað sitt undir æsifréttir af álftneskum bæjarmálum. Þá hefur Fréttablaðið sl. 3 ár birt á fjórða tug einhliða greina sem sami blaðamaður hefur iðulega kvittað upp á. Áhangendur D-listans hafa nýtt sér nýja tölvutækni, haldið hefur verið úti þremur bloggsíðum sem hafa það hlutverk að níða niður sveitarfélagið, stjórnsýsluna og fólkið sem þar starfar í umboði kjósenda. Áhangendur D-listans hafa staðið fyrir tug stjórnsýslukæra og málaferla á hendur stjórnsýslu Álftaness. Fyrrverandi bæjarstjóri var formlega sakaður um þjófnað, fals og fjölmörg önnur afbrot. Fyrrverandi forseti bæjarstjórnar var sakaður um valdníðslu og yfirgang. Endurskoðandi, arkitektar og lögmenn bæjarins voru opinberlega sakaðir um mútur og annan ósiðlegan gerning. Embættismönnum bæjarins var hótað. Ráðist var að þjónustuverktökum, þeir vændir um óeðlileg vinnubrögð, klíkuskap og spillingu. Alvarlegustu ásakanir hafa ýmist farið í úrskurð eða fyrir dómstóla. Niðurstaðan er jafnan sú sama, að ekkert sé hæft í þessum áburði. Nú síðast var fv. bæjarstjóra hótað brottrekstri með lögregluvaldi auk þess sem bæjarfulltrúar D-listans reyndu að stöðva verktaka í vinnu með aðstoð lögreglu. Þessi ótrúlega heiftúð hefur stórskaðað ímynd sveitarfélagsins. Álftnesingar allir hafa þurft að líða fyrir þeirra framferði. Nú hefur takmarkinu lokins verið náð, vígi Á-listans er fallið. Það var veikasti hlekkurinn sem gaf sig.

Frami Margrétar Jónsdóttur bæjarfulltrúa varð skjótur og auðfenginn. Hún vermdi 2. sæti Á-listans í skjóli Framsóknarflokksins. Reynslulaus í sveitarstjórnarmálum sóttist hún eftir embætti formanns bæjarráðs ásamt ýmsum nefndarstörfum. Þau 3 ár sem Margrét hefur gegnt einu veigamesta embætti bæjarins minnist ég þess ekki að hún hafi samið eða beitt sér sérstaklega fyrir nokkurri tillögu nema hvað varðar kosningu fulltrúa í nefndir og stjórnir. Lengi hefur verið ljóst að stöðugur áróðurinn hlaut hljómgrunn hjá henni, hún tók að efast um fólkið sem hún var kosin til að starfa með. Ekki var um málefnaágreining að ræða, aðeins persónulega dóma um samstarfsfólkið. Málflutningur Margrétar varð æ mótsagnakenndari, í lokin stóð hún ekki við nýundirritað samkomulag um samstarf. Í kjölfarið komu þjóðstjórnardraumar, á meðan var sveitarfélaginu haldið í herkví svo vikum skipti. Að sögn vildi hún svo kanna hvað væri í boði hjá D-listanum og í lok september gekk hún til samstarfs við hann. Niðurstöðuna, um aukin völd og áhrif fyrir sig og sína fjölskyldu, má sjá á nefnda- og stjórnarlista sveitarfélagsins.

Höfuðvandi stjórnsýslunnar hefur kristallast í sívaxandi áráttu D-listans til að rægja og níða mótherjana niður og berjast hatramlega gegn öllum helstu hagsmunamálum samfélagsins. Málstað sínum til framdráttar hafa þau reynt að stöðva uppbyggingu á miðsvæðinu, sundlaugarbygginguna og lagfæringu Álftanesvegarins auk fjölda annarra brýnna verkefna. Með oddi og egg hafa þau þó barist fyrir aðalmáli sínu, að byggja megi einbýlishús í fjöruborði Skógtjarnarinnar. Síðan Margrét Jónsdóttir söðlaði um og D-listinn komst til valda hefur stjórnsýslan verið lömuð. Erindi Prima Care um byggingu sjúkrahótels fyrir yfir 15 milljarða var haldið leyndu fyrir bæjarfulltrúum. Þar fóru stórkostlegir möguleikar forgörðum, þrátt fyrir að Álftanes búi að glæsilegu skipulagi sem er nær klæðskerasniðið að hugmyndinni. Eitt stærsta hagsmunamál sveitarfélagsins, vinna við leiðréttingu framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna skólans, hefur stöðvast. Stjórnsýslan sá sér ekki fært að senda fulltrúa á ársfund sjóðsins. Hvað stendur eiginlega eftir af yfirlýsingum um að markmið þessa nýja „starfhæfa meirihluta“ sé að koma stjórnsýslu og fjármálum sveitarfélagsins í lag? Eitt er víst að gereyðingarstefna bæjarfulltrúa D-listans er ekki það sem Álftnesingar þurfa helst um þessar mundir, nóg er kreppan samt.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Á-lista.*


Góð símavarsla - traust ímynd
Námskeið í símavörslu og samskiptum
3. og 4. nóvember kl. 9:00 - 12:30
Símsvörun hefur mikið að segja fyrir þjónustugæði stofnana og fyrirtækja.
Þátttakendur öðlast leikni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar og kunnáttu á nauðsynlegum vinnuferlum.
Skráning hjá Impru á Nýsköpunarmiðstöð, www.impra.is og í síma 522 9000.
Nýsköpunarmiðstöð Íslands Impra




• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?
ÓKEYPIS SKOÐUN!
Við hjá Rafsól skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, húseigendum að kostnaðarlausu.
Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!
Upplýsingar í síma:
553 5600 og 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is
Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni
EINN, TVEIR OG ÞRÍR 266.032



Alicante
29. okt.
frá kr. 24.995
Kr. 24.995
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértilboð 29. október. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði.
Síðustu sætin
Nú getur þú tryggt þér allra síðustu sætin í sólina við Alicante í október á hreint ótrúlegu verði. Bjóðum sértilboð á takmörkuðum fjölda flugsæta á völdum dagsetningum. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Eru foreldrar vannýtt auðlind?

**UMRÆÐAN**
Guðrún Valdimarsdóttir skrifar um skólastarf

Foreldrar eru mikilvægasta breytan þegar kemur að velgengni barnanna í lífinu. Þegar foreldrar sýna barni sínu umhyggju og aðhald, taka þátt í daglegu lífi þess, sýna náminu áhuga og miðla jákvæðu viðhorfi til menntunar eru meiri líkur á að börnum líði vel, þau standi sig vel í námi og velji síður áfengi og önnur vímuefni.

Charles Desforges, prófessor við Háskólann í Exeter, verður aðalfyrirlesari á námsstefnu Menntavísindasviðs HÍ í lok mánaðarins og mun einnig eiga fund með


GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

foreldrum í samstarfi við Samfok og Heimili og skóla. Hann hefur m.a. skoðað 40 rannsóknir sem gerðar hafa verið um þátttöku foreldra á gengi nemenda. Niðurstaða þeirra var: Ef foreldrarnir tóku þátt í lífi barnsins hafði það mikil áhrif á gengi barnsins í skólanum. Hjá yngstu börnunum skipta foreldrarnir mestu máli um gengi barnsins í skólanum. Hjá 16 ára börnunum eru áhrif foreldranna mun minni en þau hverfa aldrei.

Stuðningur við foreldra yngri barnanna er nauðsynlegur. Því er það öllum í hag að foreldrum sé skapað tækifæri til samráðs innan skólanna. Nú í miðri kreppunni heyrast sögusagnir um að foreldrar gefi sér almennt meiri tíma (eða hafa meiri tíma) til að taka þátt í skólastarfi barna sinna. Hvort það er á rökum reist skal ósagt látið en hinsvegar eru sterkar vísbendingar um að foreldrar séu vannýtt auðlind í skólastarfi. Virkja mætti foreldra og skóla enn frekar til samstarfs með velferð barnanna að leiðarljósi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samfok (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík).*

# Er stjórnin sek um landráð?

**UMRÆÐAN**
Jón Þór Ólafsson skrifar um landráð

Evrópusambandið er ekki aðeins efnahagssamband. ESB er erlent yfirvald með yfirráð yfir mörgum innanríkismálum aðildarríkjanna. Svo spurning vaknar hvort það séu landráð að reyna að koma Íslandi undir erlend yfirráð.

Almenn hegningarlög tala um landráð í 86. gr: „Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi,


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenska ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða ævilangt.“

Eru stjórnarliðar sekir um: „verknað, sem miðar að því, að reynt verði með [...] nauðung eða svikum að ráða íslenska ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð“ ESB? Ef rétt reynist að Icesave-samningur ríkisstjórnarinnar miðar að því að liðka fyrir inngöngu Íslands í ESB; En sönnunargögn þess efnis hrannast upp úr öllum áttum. Og ef frásagnir þingmanna um að vera beittir nauðung í Icesave-málinu eru sannar; En það að hóta stjórnarslitum er nauðung. Þá hafa hinir ábyrgu í ríkisstjórn gert sig að landráðamönnum fyrir landslögum.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

# Til hamingju með daginn

**UMRÆÐAN**
Guðrún Helga Jóhannsdóttir skrifar um Sameinuðu þjóðirnar

Þennan dag fyrir 64 árum voru Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar. Í dag eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna 192 talsins, þeirra á meðal Ísland. Sameinuðu þjóðirnar vinna á öllum stigum samfélagsins, allt frá því að stuðla að bættum heimsviðskiptum og hindra ofveiði, til þess að hafa eftirlit með hreinsun jarðsprengja og efla lýðræði og mannréttindi.

Ári eftir stofnun Sameinuðu þjóðanna var Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi stofnað. Félagið hefur það að markmiði að vinna almenning á Íslandi til fylgis og stuðnings við samtök Sameinuðu þjóðanna. Félagið stendur fyrir ýmsum uppákomum ár hvert. Meðal árlegra viðburða er kynning á Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var fyrr í þessum mánuði.

Ert þú einn af þeim sem hafa velt fyrir sér hvað al-Qaida, G8-hópurinn eða NATO sé? Hvers vegna mannrán á olíuverkamönnum í Nígeríu séu tíð eða af hverju oft sé vísað til átakanna í Kongó sem bæði fyrstu heimsstyrjaldar Afríku og Gleymda stríðsins? Félagið hefur nýlega opnað fræðsluvefinn Globalis sem er ætlað að svara þessum spurningum og ógrynni annarra.

Globalis er stærsti gagnagrunnur sem til er á íslensku með tölfræði SÞ. Gagnagrunninn er að finna á slóðinni www.globalis.is. Globalis er í sífelldri uppfærslu, enda um lifandi upplýsingar að ræða og sífellt bætist nýtt efni við vefinn. Á vefnum eru meðal annars upplýsingasíður um öll aðildarríki SÞ og staðreyndir um virk átök í heiminum.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi óskar þér enn og aftur til hamingju með daginn og býður þig velkominn/velkomna á www.globalis.is til að fræðast nánar um heim hinna Sameinuðu þjóða.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.*

# VERÐLAUNATÆKI

**EISA ERU VIRTUSTU VERÐLAUN SEM VEITT ERU Í EVRÓPU Á SVIÐI RAFTÆKJA ÁR HVERT!**

*Aðeins það besta...*

EISA AWARD | Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10

**CASIO**



1000 MYNDIR Á RAFHLÖÐU

**Casio EXH10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12.1 milljón punkta uppl., EXILIM Engine 4.0, Auto BESTSHOT, hristivörn, Advanced Auto Framing fókus, 3" Super Clear LCD breiðskjá, 10x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 64-3200, F3.2 4.3 - 43.0mm linsu, 16:9 HD hreyfimyndatöku (1280x720), YouTube Capture Mode, 1000 mynda rafhlöðu, 35.7MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

**TILBOÐ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990

EISA AWARD | Best Product 2009-2010
EUROPEAN CAMERA
Olympus EP1

**OLYMPUS**



MINNSTA MYNDAVÉL Í HEIMI FYRIR SKIPTILINSUR

**Olympus EP1**
Stafræn D-SLR / Compact MYNDAVÉL með 12.3 millj. punkta upplausn, Micro Four Thirds linsu, Hi-Speed Live MOS flögu, ISO 100-6400, TruePic V, Intelligent Auto, HD hreyfimyndatöku (1280x720 -16:9), stereó hljóði, 7x og 10x stækkun (betri makró fókus t.d.), HDMI mini, USB, Li-Ion rafhlöðu ofl. Styður SD/SDHC kort.

**VERÐ 159.990**
FRÁBÆRT VERÐ




EISA AWARD | Best Product 2009-2010
BEST EUROPEAN PLASMA
Panasonic TXP42V10

NeoPlasma BREIÐTJALD

**Panasonic TXP42V10**
42" Full HD 1080p THX NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic Infinite Black 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Digital Cinema Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, VIERA CAST, háskerpu DVB-T stafr. mótt., SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio ProSurround, 2 x Scart, 4 HDMI, , PC tengi ofl.

**TILBOÐ 399.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

Fæst einnig 50" - TXP50V10
**TILBOÐ Kr. 499.990**
FULLT VERÐ kr. 549.990

EISA AWARD | Best Product 2009-2010
EUROPEAN MICRO SYSTEM
Panasonic SCHC3



**Panasonic**

OFURÞUNN SAMSTÆÐA MEÐ IPOD VÖGGU

**Panasonic SCHC3**
Ofurþunn SAMSTÆÐA með iPod vöggu, 2x20W magnara, D.Bass, MASH CD spilara, stafr. útvarpi með RDS og 30 stöðvaminnum, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, heyrnatóls-, USB- og Music Port tengi, vönduðum Bamboo Cone hátölurum ofl. Aðeins 10.3 sm á dýpt. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




EISA AWARD | Best Product 2009-2010
EUROPEAN LCD-TV
Philips 46PFL9704H

LED LCD BREIÐTJALD

**Philips 46PFL9704H**
46" Full HD LED LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Perfect Pixel HD, Ambilight Spectra 3 baklýsingu, LED Pro, Perfect Natural Motion, Progressive Scan, 5.000.000:1 skerpu, 1ms svartíma, Wide Color Gamut skjár, 17 Bita lita upplausn (2.250 Trillion litvinnslu), 200Hz Clear LCD, ljósskynjara og Active Control, Net TV með Wi-Fi, digital DVB-T móttakari, 30w Nicam Stereó með Virtual Dolby Digital og 2 bassahát., 2 Scart, 5 HDMI 1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA, Coax út og USB tengi ofl.

**TILBOÐ 749.990**
FULLT VERÐ kr. 849.990

Fæst einnig 40" - 40PFL9704H
**TILBOÐ Kr. 549.990**
FULLT VERÐ kr. 599.990




EISA AWARD | Best Product 2009-2010
EUROPEAN HT INNOVATION
Philips Cinema 21:9

FULLKOMIÐ 21:9 BREIÐTJALDSSNIÐ MEÐ AMBILIGHT

**Philips 56PFL9954H**
56" 21:9 Full HD 1080p BREIÐTJALD með 2560x1080 Progressive Scan upplausn, Ambilight Spectra 3 baklýsingu, Perfect Pixel HD, 200Hz Clear LCD, 1ms í svartíma, Perfect Natural Motion, Ultra smooth Full-HD, Net TV með Wi-Fi, DLNA PC tengi, DVB-T stafr. mótt., dýnamískri 80.000:1 skerpu, 30w (RMS) Virtual Dolby Digital, 5x HDMI, 2x Scart, Component, Audio L/R, VGA, S-Video, CVBS, heyrnatóls- og Coaxial tengjum, Common interface (Smart kort), Ethernet, USB ofl.

**TILBOÐ 995.990**
FULLT VERÐ kr. 1195.990

CINEMA 21:9

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Stórræðin í iðnaðarráðuneytinu

Mikið mæðir á **Katrínu Júlíusdóttur** iðnaðarráðherra. Atvinnumálin eru á hennar könnu á tímum mesta atvinnuleysis sem þjóðin hefur mætt um árabil. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** drakk kaffi með Katrínu í gær og fór yfir sviðið sem virðist þyrnum stráð.

*Byrjum fyrir norðan, samningur um rannsóknir og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslu var undirritaður á fimmtudag. Lengi var í gildi viljayfirlýsing um álver á Bakka og Alcoa er eina fyrirtækið sem opinberlega hefur lýst áhuga á starfsemi þar. Hvaða aðrir möguleikar eru í stöðunni?*

„Alcoa er eina fyrirtækið sem hefur formlega verið með en fleiri hafa lýst áhuga enda er þetta svæði ríkt af orku. Fjölmargt kemur til greina en það er ekki mitt að úttala mig um það núna. Það sem skiptir máli er að sett verður á laggirnar verkefnisstjórn sem á að fara ískalt yfir þá kosti sem eru á að byggja þarna upp atvinnu.“

*Hvaða önnur fyrirtæki hafa lýst áhuga?*

„Það hafa verið ýmsar þreifingar, til dæmis um gagnaver og áburðarverksmiðju. En verkefnisstjórnin sem ráðuneytið, sveitarfélögin og Landsvirkjun standa að á að skila skýrri niðurstöðu og það er von okkar að við getum kynnt orkukaupendur næsta haust.“

*Alcoa-menn voru ekki ánægðir með að viljayfirlýsingin væri ekki framlengd. Hefur þú áhuga á að þarna rísi álver?*

„Ég er ekki þess háttar stjórnmálamaður að ég vilji velja og hafna einhverjum iðnaði umfram annan. Stjórnvöld eiga að skapa umhverfi og regluverk svo atvinnulífið geti verið nokkuð sjálfbært. Hins vegar spilar margt inn í, umhverfismálin, orkuöflunin og fleira. Hvort álver geti risið á Bakka ræðst af ytri þáttum og regluverki og það eru mælikvarðar sem ég vil miða við. Það sem skiptir mig meginmáli og er mitt markmið er að þarna verði myndarleg atvinnuuppbygging.“

*Á sem sagt að taka heilt ár í að skoða málin?*

„Nei, ekki bara skoða þau heldur líka koma orkurannsóknunum og orkuöflunarmálunum í skýrari farveg sem vonandi felur í sér að nýtt fjármagn fæst til verkefnanna og við getum því svarað spurningunni um hve mikil orka er þarna. Það verður bylting.“

*Á þá allt að liggja fyrir eftir eitt ár og verða þá teknar ákvarðanir um að ráðast í einhverja tiltekna framkvæmd?*

„Já, þá ætti nýtt orkuöflunarfélag að geta gengið til samninga um sölu á orkunni. Það er svo sveitarfélaganna að skipuleggja athafnasvæðin og annað slíkt og ég vonast til að skömmu síðar verði hægt að hefja framkvæmdir við atvinnuuppbygginguna.“

*Förum þá til Suðurnesja þar sem menn reyta hár sitt af reiði vegna Helguvíkurálversins sem þeir segja vera í uppnámi vegna umhverfismatsmálanna. Hvernig heldur þú að því máli vindi fram?*

„Það mál veltur á mörgum þáttum ennþá og ég get ekki sagt annað um þau á þessari stundu en að við í ráðuneytinu höfum unnið að því sem að okkur kemur. Fjárfestingarsamningurinn sem var undirritaður í sumar er einn af grundvöllum þess að hægt sé að fjármagna verkefnið. Sömuleiðis reynum við að vinna hratt og vel í skattatillögum fjárlagafrumvarpsins svo þau mál liggi fljótt fyrir.

Suðvesturlínan er ekki úrslitaatriði í málinu því þar er umhverfisráðherra einfaldlega að óska eftir upplýsingum. Hún taldi að ákveðin atriði væru ekki nógu skýr og fór því þessa leið. Ég held að þegar kemur að náttúrunni vilji menn fara varlega frekar en hitt og umhverfisráðherra gerði það. En ég held að það ferli taki ekki nema tvo til þrjá mánuði.“

*Styður þú þá ákvörðun umhverfisráðherra?*

„Ég ætla ekki að lýsa yfir sérstökum stuðningi eða skoðun minni. Hún tók þessa ákvörðun á sínum forsendum enda hennar verkefnasvið.“

*Ýmislegt annað stendur út af, til dæmis fjármögnun og hafnarmál. Er dýpra á þessu en menn vilja af láta?*

„Ég get ekkert sagt um það en það eru vissulega áskoranir í veginum. Ég get þó sagt að við höfum unnið af fullum heilindum en það er fyrirtækisins að fjármagna verkefnið. Við höfum gert fjárfestingarsamning og þegar skýrar línur liggja fyrir um skattamálin tel ég ekkert vera því til fyrirstöðu að fjármagn fáist.

En varðandi hafnarmannvirkin þá er ég undrandi á, vegna þess að þetta álver hefur verið ansi lengi á teikniborðinu, að þessari ríkisstjórn sé kennt um að setja einhverjar vörður í veginn. Hvers vegna höfðu ekki íhaldið og framsókn sett þessi mannvirki á áætlun?“



**Í ÖNNUM** Eitt helsta verkefni Katrínar Júlíusdóttur í iðnaðarráðuneytinu er að stuðla að bættu atvinnuástandi í landinu á sama tíma og niðurskurður í ríkisútgjöldum er meiri en áður hefur þekkst. Hún er bjartsýn á framtíðina enda er margt í pípunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Það er byrjað að byggja álverið og áætlanir gera ráð fyrir að fyrsti áfangi þess verði tekinn í gagnið 2011. Heldur þú að það muni ganga eftir?*

„Ég get ekki svarað því en get þó sagt að við vinnum að því að svo geti orðið.“

*En þá að þessum umdeildu sköttum sem þú hefur nú þegar minnst á tvisvar. Þeir hafa vakið hörð viðbrögð. Í fyrsta lagi, hvað átti þessi einnar krónu tillaga í fjárlagafrumvarpinu að þýða?*

„Ég vil meina að þessi skattahugmynd og framsetning hennar í greinargerð fjárlagafrumvarpsins hafi farið með óheppilegum hætti í loftið og menn því blásið hana upp úr öllu valdi. En það sem er búið er búið og ekki þýðir að hengja sig í það.

Það er algjörlega óraunhæft að setja eina krónu á selda raforku vegna þess að þetta kemur ekki bara við stóriðjuna heldur alla framleiðslu og heimilin líka. Við erum að meta hvaða áhrif þetta hefur á alla aðila og ég vil hafa gott samráð um málið við til dæmis Neytendasamtökin og hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Ég held að nokkrir aurar á raforkusölu sé í góðu lagi og það má ekki gleyma að þetta er umhverfis-, orku- og auðlindaskattur, það er allt undir, til dæmis auðlindagjald á sjávarútveg og umhverfisgjöld vegna ferðamanna.“

> Ég er praktísk og ég vil byggja land þar sem við förum ekki úr því að vera algjörlega háð fiski í að vera algjörlega háð álverum.

*Er hægt að krefja stóriðjuna um aukna skatta í ljósi þess að hún starfar eftir sérstökum samningum sem gilda til langs tíma?*

„Við erum að fara yfir þau mál en þetta eru almennir skattar en ekki sértækir og þess vegna lýtur málið öðrum lögmálum. En hluti af þessu ferli er að fara í gegnum þau mál.“

*Þolir ferðaþjónustan aukna skattlagningu?*

„Já, en þetta snýst reyndar ekki um að skattleggja ferðaþjónustuna sem slíka heldur verður hugsanlega lagður nefskattur á ferðamenn og hugsanlega verður farin önnur leið, til dæmis skattlagning í gegnum tryggingagjald. Við verðum að finna einhverja leið vegna þess að ferðamannastraumurinn er að aukast svo mikið og því fylgir kostnaður.

Ferðaþjónusta er einn atvinnuvegurinn sem við í þessu ráðuneyti erum mjög montin af. Bara í ágústmánuði var tólf prósenta fjölgun ferðamanna frá ágúst í fyrra, sem er stórkostlegur árangur. Það hefur verið jöfn aukning á undanförnum árum og við erum orðið alvöru ferðamannaland. Þess vegna held ég að það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær sérstök gjöld á ferðaþjónustu verða tekin upp. Ástæðan er sú að við þurfum fjármagn til að byggja upp ferðamannastaði og í rannsóknir og áætlanagerð. Þetta er gert mjög víða, sums staðar er rukkað inn við vinsæla ferðamannastaði en það er bæði þungt í vöfum og kostnaðarsamt. Svo held ég að það sé ekki fýsilegt að setja til dæmis upp hlið við Mývatn! Það er því betra að fara aðrar leiðir.“

*Munu sem sagt tekjur af auknum skatti á ferðaþjónustu renna beint til ferðaþjónustunnar?*

„Já, það er mín framtíðarsýn. Það er ekki komin niðurstaða en ég held að við þurfum að vinna okkur í þá átt. Fyrst um sinn gæti fjórðungur farið til ferðaþjónustunnar og hlutfallið svo hækkað þar til allt rennur til hennar.“

*Að atvinnumálunum almennt, ríkisstjórnin er sögð hafa svikið fyrirheit í stöðugleikasáttmálanum. Ég ætla að fullyrða og spyrja; af hverju dragið þið lappirnar í atvinnuuppbyggingunni?*

„Við höfum alls ekki dregið lappirnar í atvinnuuppbyggingunni. Aðilar að stöðugleikasáttmálanum hafa hins vegar einblínt á Helguvík og halda að hún sé alfa og omega í allri atvinnuuppbyggingu. En á meðan hefur hellingur gerst. Ég nefni ferðaþjónustuna sem við höfum stutt og sveitarfélögin úti um land eru í skýjunum með. Þetta var metsumar og við höfum sett peninga í markaðssókn til að halda þessum straumi í vetur líka. Þetta eru ekki geimvísindi; því meiri peningar sem eru settir í auglýsingar, þeim mun fleiri ferðamenn koma.

Nýsköpunarmiðstöð hefur sett á fót frumkvöðlasetur víða, þar er horft á lítil fyrirtæki, og umhverfi sprotafyrirtækjanna er að verða mjög gott. Tvö frumvörp munu svo valda gjörbyltingu í nýsköpun og þróun, annars vegar endurgreiðsla vegna rannsókna og þróunar innan fyrirtækja sem gefur þeim tækifæri til að vaxa enn frekar inn á við, bæði gömlum og nýjum, og hins vegar ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Þar örvum við fjármagn inn í fyrirtæki sem geta skapað mikil verðmæti og það hratt. Við eigum eitthvað á annað hundrað sprotafyrirtæki sem eru býsna langt komin og vantar ekki mikið upp á að verða traust.

Hér í ráðuneytinu sjáum við kraftaverkin gerast. Ég nefni sem dæmi að í miðborg Reykjavíkur er í gangi eftirvinnsla á stórum Hollywood-kvikmyndum. Ég nefni líka að fyrirtæki eins og Marorka ætlar að stórfjölga hjá sér störfum. Það er margt sem ekki er talað um. Það er til dæmis ekki talað um ferðamennskuna í umræðum um uppbyggingu í atvinnumálum. Það má ekki gera lítið úr því að innri vöxtur, sem gerir meira úr því sem við höfum, hefur mikið að segja bæði til skemmri og lengri tíma.“

*Það er meira en sjö prósenta atvinnuleysi og við eigum því ekki að venjast að hér sé atvinnuleysi.*

„Jájá, það er rétt en það má ekki gleyma því að atvinnuleysið er minna en menn spáðu og ég held að fjölmörg átaksverkefni skili því. Það má heldur ekki gera lítið úr öllu því sem verið er að gera. Aðilar vinnumarkaðarins geta ekki sett allan fókus á að gagnrýna að eitt stórt verkefni gangi eins og það gengur. Það er eins og þeir viti ekki af öllu hinu.

Ég vil líka nefna áritun á drögum að fjárfestingarsamningi við Verne Holding sem ætlar að byggja upp gagnaver. Við það held ég að stíflan muni bresta í uppbyggingu gagnavera hér á landi. Ég nefni líka að tekin var skóflustunga í sumar að nýrri fóðurblöndunarverksmiðju Líflands á Grundartanga. Hverjum hefði dottið í hug að það yrði tekin skóflustunga á þessu sumri? Það var líka tekin skóflustunga um síðustu helgi að verksmiðju þar sem á að framleiða lífrænt eldsneyti úr náttúrulegum koltvísýringi sem kemur upp úr jarðvarmavirkjunum. Það eru mjög góðar fréttir víða. Aflþynnuverksmiðjan á Akureyri fór af stað í ágúst. En ég spyr líka, hvar eru fréttirnar um þetta? Þær vantar og það má líka átelja fjölmiðla fyrir að sýna þessu ekki áhuga. Orkufrekar stórframkvæmdir eru augljóslega mjög frekar á athygli fjölmiðlamanna, stjórnmálamanna og aðila vinnumarkaðarins en ég tel kominn tíma til að við beinum kastljósinu að allri uppbyggingunni sem raunverulega er að eiga sér stað.“

*Snúum okkur að rammaáætluninni um orkunýtingu sem á að liggja fyrir í janúar. Hverju mun hún breyta?*

„Það sem skiptir öllu máli er að við komum okkur upp úr hjólförum deilna


ÚLPUR – JAKKAR – BUXUR – BOLIR
SKYRTUR – BLÚSSUR – PEYSUR ...
TVÖ ÞÚSUND FLÍKUR Á
ÞÚSUND KRÓNUR
ÞÚ GERIR EKKI BETRI KAUP
Fyrstur kemur
– Fyrstur fær!
NÝTT!
Vorum að taka upp nýjar vörur frá DK-Company
LAGERSALAN EHF. S. 662 4499 – SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)
Opið virka daga 12-18, laugardaga 10-17 og helgar 13-17

um nýtingu náttúruauðlinda. Það þarf að skapa sátt, og rammaáætlunin og ný orkustefna sem verið er að móta eru liðir í því. Þetta eru ekki töfralausnir en gera það að verkum að við förum að ræða um kost á móti kosti í staðinn fyrir að deila um einstakar framkvæmdir. Nýtingarstefnan sem hér hefur verið rekin hefur verið með þeim hætti að þegar eftirspurn kemur frá stórum kaupanda förum við af stað í leit og val á orkuöflunarkosti. Þessu vil ég breyta.

Þegar ég fór að starfa að þessum málaflokki áttaði ég mig á að annar iðnaður, eins og grænn iðnaður sem þarf samt töluverða orku, er háður því að brauðmolar í kerfinu falli frá stóriðjunni. Við þurfum að snúa þessu tankskipi við þannig að við vitum hvað við ætlum að sækja, í stað þess að fá og stór verkefni berist inn á borð. Þannig verðum við tilbúin að svara eftirspurn vegna verkefna sem krefjast ekki langrar samningagerðar og mjög mikillar orku. Með rammaáætlun og skýrri orkustefnu getum við byggt upp það sem ég kalla fjórðu stoðina í efnahagslífinu, grænu stoðina, sem er fjölbreyttur hátækniiðnaður.“

*Mér heyrist þú ekki vera mjög spennt fyrir fleiri álverum.*

„Ég er praktísk og ég vil byggja land þar sem við förum ekki úr því að vera algjörlega háð fiski í að vera algjörlega háð álverum. Álverin skila dýrmætum störfum, dýrmætum gjaldeyri og dýrmætum afleiddum störfum. Ég geri alls ekki lítið úr álverum og mér leiðist umræða sem snýst um hvort menn séu með eða á móti þeim. Næstu skref okkar í atvinnumálum eiga að byggja á fjölbreytni en það þýðir ekki að ég sé á móti álverum. Ég held reyndar að við getum byggt töluvert í nýsköpun á áliðnaðinum, vonandi getum við farið að framleiða meira úr álinu sem er framleitt hér á landi.“



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** Hún segist telja að ríkisstjórnin hafi staðið sig ótrúlega vel á erfiðum tímum. Forystumenn hennar hafi unnið kraftaverk. Á hinn bóginn hafi hún orðið fyrir vonbrigðum með stjórnarandstöðuna. Hún segir Samfylkinguna bera sína ábyrgð en hún liggi fyrst og fremst hjá Sjálfstæðisflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Hefurðu í alvöru trú á að hægt sé að skapa breiða sátt um virkjanaframkvæmdir?*

„Ég held að það verði alltaf deilur um virkjanaframkvæmdir, en ég held að við getum nálgast meiri sátt en verið hefur. Ég tel að við séum flest fylgjandi skynsamlegri nýtingu á náttúruauðlinum og sá stóri hópur Íslendinga hafi staðið á milli í skothríð jaðranna sem vilja annars vegar ekkert virkja og hins vegar vilja virkja sama hvað. Þessum stóra hópi þarf að sinna og það gerum við með yfirsýn og heildarmynd. Það liggur þá fyrir hvaða kostir eru uppi á borðinu og hverja á að taka til hliðar og hreyfa ekki við. Rammaáætlunin verður líka merkileg fyrir þær sakir að hún mun fá lögformlega stöðu og verður mjög afgerandi plagg í þeim skilningi.“

*Hvað finnst þér um þá hugmynd að lífeyrissjóðirnir kaupi í Landsvirkjun?*

„Ég tel mikilvægt að ríkið eigi Landsvirkjun og hugmyndin henti því ekki. Mér finnst eðlilegra að Landsvirkjun og lífeyrissjóðirnir stofni sérstök félög utan um einstaka framkvæmdir. Það gæti líka opnað á aðkomu annarra, hvort sem það væru einkaaðilar eða orkufyrirtæki í eigu sveitarfélaganna. Ég tel að með þeim hætti gætum við losað okkur úr þeim vanda sem við erum í vegna lágs lánshæfismats Landsvirkjunar. Lánakjörin sem Landsvirkjun standa nú til boða gera það að verkum að allur arður af virkjunum myndi renna úr landi í formi vaxtagreiðslna.“

*Hefurðu áhyggjur af fjárhagslegri stöðu Landsvirkjunar?*

„Ég hef það ekki nei, vegna þess að eiginfjárstaðan er góð. Hins vegar hef ég áhyggjur af því að staða Landsvirkjunar og ríkisins er með þeim hætti að lán til að ráðast í nýjar framkvæmdir eru of dýr. Það er líka spurning hvort skynsamlegt sé fyrir Landsvirkjun að halda áfram að vaxa og vaxa innan frá eða hvort skynsamlegra sé að hún taki þátt í verkefnum í smærri félögum eins og ég hef nefnt. Ég held að það sem koma skal séu slík orkusamlög, sem geta leyst margt fyrir ríkið og Landsvirkjun.“

*Það hafa komið upp undarleg og erfið mál hjá orkufyrirtækjum sveitarfélaganna. Viðskiptin með hlutina í HS orku eru eitt, REI-málið er annað. Eru lögin um eignarhald og verkefni orkufyrirtækjanna ekki nógu góð?*

„Við sölu ríkisins á sínum hlut í Hitaveitu Suðurnesja 2007, í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, fór þessi bolti af stað og við sjáum ekki fyrir endann á því máli. Einkaaðilar gátu komust inn í fyrirtækið með öllu tilheyrandi; auðlindum og dreifikerfi. Í framhaldinu settum við lög sem segja til um að ekki megi selja auðlindir í eigu hins opinbera og þar með ekki fyrirtæki sem eiga auðlindir. Dreifiveiturnar verða að vera í meirihlutaeigu opinberra aðila en annars konar eignarhald geti verið um framleiðsluna. Þetta tel ég að hafi verið vænlegt skref vegna þess að ef þetta hefði ekki verið gert hefðum við getað horft upp á uppkaup fyrirtækja á auðlindunum.

Þess í stað geta sveitarfélögin leigt auðlindir sínar og einn slíkur samningur hefur verið gerður, milli Reykjanesbæjar og HS orku. Ég tel að sá samningur hefði átt að vera öðruvísi vegna þess að Reykjanesbær hefði getað fengið miklu meira út úr honum. Sveitarfélög geta fengið töluvert mikið út úr því að leigja auðlindir sínar, þau geta gert ákveðnar kröfur eða jafnvel tekið þátt í einhverjum verkefnum. Sveitarfélögin eiga að selja sig dýrar en gert var suður með sjó þar sem menn fullnýttu rammann um 65 ára leigu og byggðu samninginn um afgjald á fyrirmynd Landsvirkjunar og ríkisins. Það afgjald tel ég of lágt.

Viðskipti með eignarhluti eru svo annað mál. Það er erfitt og viðkvæmt þegar einkafyrirtæki kaupa sig inn sem eru byggð upp á áratugum fyrir almannafé.“

*Fyrirtækin gera það væntanlega til að græða.*

„Já, maður skyldi ætla að þau vilji fá eitthvað fyrir sinn snúð en á móti kemur að báðir aðilar geta haft hag af slíkum viðskiptum. Nýju fé fylgja tækifæri á frekari framkvæmdum og frekari atvinnuuppbyggingu, sem þýðir hugsanlega frekara afgjald inn í sveitarfélagið og svo framvegis. Í allri þessari umræðu var ekkert talað um hvað sveitarfélögin geta fengið út úr þessu. Ég held að við megum ekki vera óttaslegin við svona blandað eignarhald en það er spurning hvernig þetta er gert og það verður að tryggja að sveitarfélögin fái það sem þau eiga að fá.“

*Nýtingarréttur á auðlindum til margra, margra áratuga er á pari við að eiga auðlindina, ekki satt?*

„Ég var formaður iðnaðarnefndar þegar ramminn um 65 ára nýtingarrétt var samþykktur og ég skal segja það alveg eins og er að sú niðurstaða var málamiðlun. Sveitarfélögin töldu nefnilega að þingið væri að ganga á stjórnarskrárvarinn sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Þá hugsuðum við; þetta verður þá að vera á pólitíska ábyrgð þeirra sem ákveða að gera þessa samninga, sveitarfélögin eru sjálfstæð stjórnsýslueining og verða að bera sína ábyrgð. Það er alltaf spurning um hversu langt ríkið á að ganga inn á þeirra ákvörðunarsvið. En með þessu var ekki verið að segja við sveitarfélögin að þau ættu að leigja til 65 ára heldur að ramminn væri þessi. Ég vil að í mesta lagi sé leigt til 45 ára í vatnsafli og í 20 til 30 ár í jarðvarmanum. Mín pólitíska sýn leyfir ekki að 65 ára ramminn sé fullnýttur.“

*Víkjum að öðru, hvernig finnst þér ríkisstjórnin hafa staðið sig?*

„Mér finnst ríkisstjórnin hafa staðið sig ótrúlega vel. Forystumenn hennar, forsætis- og fjármálaráðherra, hafa unnið kraftaverk að mörgu leyti, auðvitað með stuðningi okkar hinna. En á þessum tíma er búið að endurfjármagna bankakerfið, gera bankana upp eins og hægt er, mæta skuldavanda heimilanna þar sem gríðarleg vinna er að baki, ráðast í mörg atvinnutengd verkefni og sækja um aðild að Evrópusambandinu, sem að mínu mati er risastór áfangi og eðlilegt skref í okkar málum.

Það er líka búið að klára alla liði sem tengjast öðrum áfanga endurskoðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætluninni og það fól nú engin smá verkefni í sér. Icesave-málið hefur verið gríðarlega erfitt og tekið mikla orku og mikinn tíma frá öðrum verkefnum en engu að síður hefur margt verið gert samhliða sem ég held að muni skipta sköpum.“

*Er engin gagnrýni á Icesave og AGS innan þingflokks Samfylkingarinnar?*

„Það er alltaf gagnrýni á allt en við komumst að sameiginlegri niðurstöðu og teljum að þetta sé sú leið sem við eigum að fara. Icesave-málið er einfaldlega þannig vaxið að Íslendingar hleyptu þessu sjóræningjaskipi af stað og við sem þjóð verðum að axla ábyrgð á því. Þeir menn sem byggðu hér upp veikt eftirlitskerfi kusu þetta mál yfir okkur og við erum nú að taka til eftir það partí. Það skiptir líka miklu máli að menn átti sig á að þegar þáverandi fjármálaráðherra og seðlabankastjóri undirrituðu skjal í nóvember í fyrra og viðurkenndu að þetta yrði greitt, þá borguðu Bretar og Hollendingar innistæðurnar út í trausti þess að þeir fengju peningana til baka. Það verður líka að átta sig á að þeir eru undir pólitískum þrýstingi í sínum heimalöndum.

Þetta eru pólitískir samningar og ég hef haft áhyggjur af því að menn hafi orðið of lagatæknilegir. Í sumar var farið í að njörva ákveðin atriði of mikið niður en eðli pólitískra samninga er að þeir eru teknir upp miðað við aðstæður hverju sinni. Ég ætla ekki að segja að þessi ferill hafi verið til vansa en ég hef áhyggjur af þessari áherslubreytingu sem varð vegna þess að málið er pólitískt.“

*En burtséð frá þessu máli má segja að pólitískt standi Samfylkingin Sjálfstæðisflokknum nær í mörgum málum en VG. Er þetta stjórnarsamstarf heppilegt á erfiðum tímum?*

„Já, ég held það, vegna þess að það er komin ný sýn í pólitíkina og það skiptir miklu máli. Það skiptir miklu máli á erfiðum tímum að öryggisnetið, velferðarkerfið, sé varið. Þar stöndum við Vinstrihreyfingunni – grænu framboði langnæst. Samfylkingin vill markaðsbúskap í atvinnumálum en gríðarlega öflugt velferðarnet. Í atvinnumálum standa þessir tveir flokkar líka nær hvor öðrum en dregið hefur verið upp. Fókusinn hefur verið á stórframkvæmdir þar sem helst er áherslumunur en það er ekkert sem við getum ekki leyst. Við stöndum mjög þétt saman í að vilja fjölbreyttari uppbyggingu í framtíðinni og erum einhuga um það. Þar munum við sjá grænar áherslur.“

*Hvernig finnst þér stjórnarandstaðan hafa staðið sig?*

„Mér er illa við að vera sett í dómarasæti gagnvart öðrum en ég verð að segja að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með stjórnarandstöðuna. Framsókn er að verða eins máls flokkur, þar snýst allt um að vera á móti Icesave og litla framtíðarsýn er að hafa, að minnsta kosti frá forystunni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur svo verið í töluverðri tilvistarkreppu og mér finnst grátlegt og það gerir mig reyndar reiða hvernig hann hefur hagað sér í málum. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki strokað yfir eigin aðkomu að Icesave, það verður ekki strokað yfir fortíðina. Menn verða að bera ábyrgð og axla hana. Ég ætla ekki að segja meira um þessa tvo flokka. Öflug stjórnarandstaða er mjög mikilvæg, bæði til samvinnu og gagnrýni, og ég vona bara að þeir nái vopnum sínum betur í þeim efnum í vetur.“

*Það gleymist stundum, einhverra hluta vegna, að Samfylkingin var í ríkisstjórn frá 2007.*

„Það gleymist ekki neitt. Ég er mjög meðvituð um það.“

*Hún hlýtur að bera einhverja ábyrgð.*

„Jájá. En lítum á það. Menn hafa til dæmis gagnrýnt Samfylkinguna fyrir að hafa ekki gert neitt varðandi Fjármálaeftirlitið. Eitt af fyrstu málunum sem þáverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, lagði fram í þinginu var aukning á tekjustofnum Fjármálaeftirlitsins um 52 prósent. Þegar það var gengið í gegn fyrir áramótin 2008 skipaði hann nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins en þetta var bara of seint. Fjármálakerfið hrundi hálfu ári seinna. Þetta var ekki gert að ástæðulausu, þetta var gert vegna þess að rauð flögg höfðu verið uppi í fjármálakerfi heimsins frá 2006. Ég vil meina að við höfum ekki fengið að njóta þess sem við þó reyndum að gera. Ég veit að þetta hljómar eins og léleg afsökun en við komum bara of seint inn í ferlið. Þetta nefni ég sem dæmi en klárlega berum við okkar ábyrgð og ég ber miklar væntingar til niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis og held að þar verði fjallað um fólk með réttlátum hætti. Okkar fólk verður ekki undanskilið.“

*Það á að sameina iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Munt þú stýra hinu nýja ráðuneyti?*

„Ég hef enga hugmynd um það og spái ekki í það. Ég hef setið á þingi í sex og hálft ár og hef á þeim tíma verið í stjórnarandstöðu, stýrt nefnd og nú er ég í ráðuneyti. Allt eru þetta mikilvæg störf í stjórnmálum. Á meðan ég er hér reyni ég að gera eins vel og ég get og svo verðum við bara að sjá.“

*Þú ert nú ekki með öllu metnaðarlaus, ég trúi ekki öðru en að þú munir sækja það að fá embættið.*

„Neinei, ég er það ekki og auðvitað mun ég sækja það en ég gef mér ekki niðurstöðuna fyrir fram. Aðalverkefni mitt núna er að gera gagn núna.“

## Í STUTTU MÁLI

Katrín er fædd í nóvember 1974. Hún lauk stúdentsprófi frá MK 1994 og nam mannfræði við HÍ. Katrín sinnti verslunarstörfum, viðskiptum og ráðgjöf og var framkvæmdastjóri Stúdentaráðs áður en hún var kjörin á þing 2003.

Hún starfaði í ungliðahreyfingu Alþýðubandalagsins og sat meðal annars í miðstjórn flokksins. Hún var í stjórn Ungra jafnaðarmanna og í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar. Þá sat hún í stjórn Evrópusamtakanna.

Katrín var skipuð iðnaðarráðherra 10. maí síðastliðinn.

Hún á tíu ára gamlan son.

## IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Helstu málaflokkar iðnaðarráðuneytisins eru iðnaður og stóriðja, nýsköpun og tækniþróun. Undir það heyra rannsóknir og nýting orku og málefni orkufyrirtækja, atvinnuþróun og ferðaþjónusta.

Helstu stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Impra, Orkustofnun, Byggðastofnun og Ferðamálastofa.

Starfsmenn eru rúmlega 20.




# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!










## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala, eða um 20 af alls um 80 þekktum hvalategundum á jörðinni. Eina sjálfbæra og mannúðlega nýting þessarar náttúruauðlindar er hvalaskoðun.

**Virðum náttúruna og njótum hennar!**

Veiðar á stórhvölum hafa oft í för með sér langt **dauðastríð**

13 milljónir manna í 119 löndum fóru í hvalaskoðun á síðasta ári sem skilaði **460 milljörðum króna í tekjur**



**Langflest stórhveli** lifa á smágerðum kröbbum og fiski sem maðurinn nýtir ekki

**Flestar tegundir stórhvala** eru í sögulegu lágmarki

# Ofurgrúppa Íslandssögunnar

Fréttablaðið leitaði álits tæpra fjörutíu af helstu poppspekingum þjóðarinnar á því hvaða íslensku popptónlistarmenn hefðu skarað fram úr á sínu sviði í gegnum tíðina. *Kjartan Guðmundsson* brá á leik og myndaði ímyndaða **súpergrúppu þjóðarinnar**.

Hinir valinkunnu poppspekúlantar, sem allir eiga það sameiginlegt að ýmist vinna fyrir sér með tónlistarumfjöllun eða eru þekktir fyrir yfirgripsmikla þekkingu og allt að því undarlega mikinn áhuga á öllum popp-tengdum hlutum, voru beðnir um að gera lista yfir þrjá bestu Íslendingana, lífs og liðna, í þeim stöðum sem skipað hafa flestar popphljómsveitir frá því í árdaga. Efsta sæti í hverjum flokki gaf viðkomandi tónlistarmanni þrjú stig, annað sætið tvö stig og þriðja sætið eitt stig.

Álitsgjafarnir voru einungis beðnir um að nefna þrjá bestu einstaklingana í hverri stöðu fyrir sig, alls óháð því hvernig sigurvegararnir í hverjum flokki myndu pluma sig saman í hljómsveit. Það er svo lesenda að geta sér til um hvernig þessi ímyndunar-súpergrúppa Íslandssögunnar hefði hljómað á sviði og plötu. Eitt er þó víst; Það er valinn maður í hverju rúmi.

### BESTI BASSALEIKARINN

1. **Jakob Smári Magnússon** (27 stig) *„Flinkur, þéttur, fljótandi...allt sem hægt er að segja jákvætt og uppbyggilegt um hljóðfæraleik á við um Jakob og bassana hans."*
2. Tómas Tómasson *(26 stig)*
3. **Pálmi Gunnarsson** *(20 stig)*
4. Bragi Ólafsson *(13 stig)*
5. Skúli Sverrisson *(12 stig)*



### BESTI GÍTARLEIKARINN

1. **Guðmundur Pétursson** (46 stig) *„Fjölhæfur gítarleikari sem hefur leikið flestalla stíla í gegnum tíðina af smekkvísi. Hann lætur lítið yfir sér en handbragð hans er ætíð auðþekkjanlegt."*
2. Björgvin Gíslason *(22 stig)*
3. Þorsteinn Magnússon *(17 stig)*
4. Gunnar Þórðarson *(13 stig)*

5/6. Guðlaugur Kristinn Óttarsson *(6 stig)*

5/6. Halldór Bragason *(6 stig)*

### BESTA SÖNGKONAN

1. **Björk Guðmundsdóttir** (58 stig) *„Röddin hennar og tóngerningar opna sífellt fyrir manni nýja heima sem maður vissi ekki að væru til."*
2. Ellý Vilhjálms *(38 stig)*
3. Ragnhildur Gísladóttir *(20 stig)*
4. **Andrea Gylfadóttir** *(16 stig)*
5. Ellen Kristjánsdóttir *(15 stig)*



### BESTI SÖNGVARINN

1. **Egill Ólafsson** (34 stig) *„Hinn sígildi íslenski poppsöngvari, eldist eins og eðalskoti."*
2. Vilhjálmur Vilhjálmsson (25 stig)
3. **Haukur Morthens** (22 stig)
4. Megas (12 stig)

5/6. Páll Rósinkrans (10 stig)

5/6. Stefán Hilmarsson (10 stig)



### BESTI HLJÓMBORÐSLEIKARINN

1. **Karl Sighvatsson** (57 stig) *„Allir aðrir eru hjóm í samanburði. Hefði háð heiðarlega baráttu við Manzarek um sæti í Doors, ef hann hefði ekki álpast til að fæðast á Íslandi."*
2. Eyþór Gunnarsson (28 stig)
3. **Davíð Þór Jónsson** (25 stig)
4. Jakob Frímann Magnússon (11 stig)
5. Magnús Kjartansson (8 stig)



### BESTI TROMMARINN

1. **Gunnar Jökull Hákonarson** (40 stig) *„Það var eins og orkumikill trommuleikur hans smitaði yfir í hljóðfæraleik meðspilara og allur flutningur öðlaðist líflegt og frísklegt yfirbragð."*
2. Sigtryggur Baldursson (37 stig)
3. Ásgeir Óskarsson (19 stig)
4. Gunnlaugur Briem (14 stig)
5. **Björn Stefánsson** (9 stig)



### ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS VORU:

Arnar Eggert Thoroddsen
Ágúst Bogason
Ásgeir Tómasson
Bergþóra Jónsdóttir
Bertel Andrésson
Björn Gunnlaugsson
Bobby Breiðholt
Dr. Gunni
Felix Bergsson
Freyr Bjarnason
Freyr Eyjólfsson
Georg Magnússon
Gestur Guðmundsson
Guðni Már Henningsson
Heiða Eiríksdóttir
Helga Þórey Jónsdóttir
Hildur Maral Hamíðsdóttir
Jens Guð
Jón Agnar Ólason
Jónatan Garðarsson
Klemens Ólafur Þrastarson
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir
Kristinn Gunnar Blöndal
Kristinn Pálsson
Magnús Einarsson
Margrét Erla Maack
Ólafur Páll Gunnarsson
Snorri Sturluson
Steinþór Helgi Arnsteinsson
Stígur Helgason
Sveinn Birkir Björnsson
Trausti Júlíusson
Þórður Helgi Þórðarson
Þórleifur Ásgeirsson
Ölvir Gíslason

## → HEF UNNIÐ MEÐ ÖLLUM NEMA GUNNARI

„Ég er ánægður með þetta. Þetta er frábært og ég er þakklátur fólki fyrir að hafa nefnt mig á nafn í þessu samhengi," segir Jakob Smári Magnússon, sem álitsgjafar blaðsins telja besta bassaleikara Íslandssögunnar.

Aðspurður segist Jakob allt eins hafa búist við því að verða meðal fimm efstu í könnuninni. „Þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt til hljóðfæraleikara á sínum tíma var ég alltaf á topp fimm, en náði bara að vinna einu sinni. Þannig að það kemur mér nokkuð á óvart að vera efstur. Ég hef nú spilað mikið og lengi og verið áberandi, svo það er kannski ekki óeðlilegt að nafn manns komi upp."

Jakob segir hina ímynduðu súpergrúppu skipaða einvalaliði. „Einhvern tímann á lífsleiðinni hef ég unnið með öllu þessu fólki, nema Gunnari Jökli. Ég var með Björk í Tappa Tíkarrassi, hef spilað heilan helling með Guðmundi Péturssyni og svo lék Kalli Sighvats inn á eina plötu með SSSól. Þetta er allt frábært fólk."

Bassaleikarinn telur líklegt að samstarfið hefði getað gengið. „Eitthvað hefði kannski þurft að miðla málum, svona tónlistarlega séð, en þetta hefði eflaust getað orðið hin fínasta plata. Ég gæti kannski ímyndað mér að bandið hefði hljómað eins og blanda af Tappa Tíkarrassi og Þursaflokknum, með smá Hendrix-fíling frá Gumma," segir Jakob Smári Magnússon.

## → ALDREI BETRI EN ÞAÐ SEM ÉG GERÐI SÍÐAST

„Það er alltaf verið að hengja á mann hina ýmsu titla. Menn gera sér margt til gamans og dundurs. En það er gaman að þessu," segir Egill Ólafsson, besti poppsöngvari Íslandssögunnar að mati álitsgjafa blaðsins.

„Angist listamannsins er sú að í eigin huga er hann aldrei betri en það síðasta sem hann gerði. Ég er nokkuð vel haldinn í því tilliti núna, var að koma frá Akureyri þar sem Þursarnir héldu tónleika. Við vorum helvíti góðir," segir Egill og bendir á að Þursaflokkurinn verði með tónleika í Reykjavík hinn 14. næsta mánaðar.

Spurður hvernig honum lítist á samherja sína í hinni ímynduðu ofurgrúppu segir Egill að mjög gaman hefði verið að heyra hvernig bandið hefði hljómað. „Ég er og var málkunnugur öllu þessu fólki og þetta eru allt snillingar," segir Egill og bætir við að hann hafi einnig þekkt alla sem urðu fyrir neðan hann á listanum yfir fimm bestu söngvarana. „Á þessum lista tel ég mig vera meðal jafningja, en alls ekki fremstan meðal jafningja. Annars eru margir sem misskilja og halda að hægt sé að keppa í tónlist. Menn geta keppt í hundrað metra hlaupi og hverju sem þeir vilja og þar deilir enginn um úrslitin, en það sama á ekki við um tónlistina. Sem betur fer. Þess vegna er ég ekki hundrað metra hlaupari," segir Egill Ólafsson og skellir upp úr.






# Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup 15. - 25. október

OSTAMEISTARAR OG MJÓLKURFRÆÐINGAR VERÐA Á STAÐNUM TIL AÐ SVARA SPURNINGUM VIÐSKIPTAVINA

Laugardag í Hagkaup Garðabæ kl. 14-18






GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI
Komdu og giskaðu á magnið af kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

*Þú færð kraft úr kókómjólk*






**FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÍSLENSKUM OSTUM Á TILBOÐI**
í ostaborði Kringlunnar



**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Myrkraheimar mansals ljúkast upp

Mál tveggja þolenda mansals, sem þrælahaldarar nútímans hafa blekkt hingað í því skyni að halda þeim í kynlífsánauð, hafa opnað augu þjóðarinnar fyrir þessu óhugnanlega samfélagsmeini. *Stígur Helgason* kynnti sér eina umfangsmestu glæpastarfsemi heims.

Minnst 59 fórnarlömb mansals hafa komið fram á Íslandi undanfarin ár, samkvæmt nýlegri skýrslu Fríðu Rósar Valdimarsdóttur. Af þeim má ætla að þriðjungur sé seldur í kynlífsánauð. Einungis mál tveggja fórnarlamba hafa hins vegar ratað í fjölmiðla svo eftir var tekið, og það nýlega.

### Veltir 5.000 milljörðum á ári

Mansal er ein ábatasamasta glæpastarfsemi veraldar, á eftir fíkniefnasölu og ólögmætum vopnaviðskiptum og sú sem örast hefur vaxið undanfarinn áratug. Bransinn er talinn velta upp undir 5000 milljörðum árlega, og þar af renna 500 til þúsund milljarðar beint í vasa þrælahaldara nútímans. Á ári hverju eru þúsundir manna, einkum ungar konur og börn, seld í kynlífsþrælkun og aðra nauðungarvinnu í Evrópu. Fullyrða má að starfsemin sé enn viðameiri í öðrum heimshlutum.

Þar til nýlega hefur umræða um mansal ekki farið ýkja hátt á Íslandi; súlustaðir hafa vissulega verið bendlaðir við mansal með reglulegu millibili, það sama má segja um erlendar starfsmannaleigur. En ásakanirnar hafa jafnharðan verið slegnar út af borðinu, enda eru rannsóknir á mansalsmálum sérlega torveldar og sönnunarbyrðin þess þá heldur. Og hjá hinum þögla meirihluta samfélagsins virðist hafa ríkt sátt um að þessi óværa geti ekki hafa tekið sér bólfestu á litla, saklausa Íslandi.

En skýrsla Fríðu Rósar og tvö óhugnanleg og áþreifanleg dæmi sem skotið hafa upp kollinum síðan benda sterklega til þess að aðvörunarorðin sem stundum heyrðust hafi verið á rökum reist: Á Íslandi þrífst mansal. Og ekki nóg með það, heldur telur lögregla sig nú komna á slóð mansalshrings.

### Aldrei fallið dómur fyrir mansal

Eins og fram kemur í skýrslu Fríðu Rósar hefur aldrei fallið dómur vegna mansals á Íslandi. Raunar höfðu mál tengd mansali einungis tvisvar komið til kasta dómstóla þegar skýrslan kom út. Í öðru málinu var eigandi nuddstofu dæmdur til að greiða fyrrverandi starfsmanni ógreidd laun og fyrir að hafa falsað undirskrift hans. Eigandinn var talinn hafa haldið starfsmanninum í aðstæðum sem „jöðruðu“ við mansal. Hitt málið varðaði nokkra Kínverja sem millilentu á Íslandi á fölskum vegabréfum. Talið var að þeir væru á leið til Bandaríkjanna í nauðungarvinnu. Kínverjarnir voru dæmdir fyrir skjalafals.

### Fyrsta ákæran lítur dagsins ljós

Einungis nokkrum vikum eftir að sagt var frá skýrslu Fríðu Rósar dró hins vegar til tíðinda; fyrsta ákæran fyrir mansal var gefin út á Íslandi. Ríflega þrítug kona ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, Catalina Mikue Ncogo, var ákærð fyrir að hafa blekkt samlöndu sína til landsins með loforði um frí, en síðan svipt hana skilríkjum og fatnaði, haldið henni í kynlífsþrælkun og selt körlum aðgang að henni. Jafnframt að hafa haft lifibrauð sitt af vændi fjölda annarra kvenna. Hún virðist hafa haft sér til halds og trausts ríflega fertugan íslenskan hugbúnaðarsmið, sem myndaði vændiskonurnar og sá um að auglýsa þær á vefnum. Bæði bíða þau nú dóms.



**KYNLÍFSIÐNAÐUR LIFIR BLÓMLEGU LÍFI** Talið er að um þriðjungur fórnarlamba mansals á Íslandi sé neyddur í kynlífsþrælkun. Það hlutfall er mun hærra erlendis. Bæði tilvikin sem komist hafa í fjölmiðla nýlega varða kynlífsiðnaðinn. NORDICPHOTOS / GETTY

### Nítján ára fórnarlamb til landsins

Ekki tóku geðslegri fréttir við í þarsíðustu viku, þegar lögregla greindi frá því að nítján ára stúlka frá Litháen hefði ærst um borð í flugvél á leið til landsins af ótta við það sem hér beið hennar. Stúlkan var yfirheyrð af lögreglu, úrvinda og þrekuð, og í kjölfarið komið fyrir í húsnæði á vegum félagsmálayfirvalda í Reykjanesbæ. Þaðan hvarf hún tveimur dögum síðar og fannst loks á gangi í miðbæ Reykjavíkur eftir þriggja sólarhringa leit.

Þrátt fyrir að atburðirnir hafi greinilega reynt mjög á stúlkuna ungu hafa raunir hennar nú leitt til þess að átta manns sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um umfangsmikla skipulagða glæpastarfsemi, þar á meðal vændisstarfsemi.

### Á slóð mansalshrings á Íslandi

Saga ungu stúlkunnar liggur ekki ljós fyrir. Vitað er að henni var fylgt á flugvöllinn í Varsjá í Póllandi og séð til þess að hún skilaði sér í flugvélina. Flugmiðinn hafði verið keyptur fyrir hana. Í miðju flugi trylltist hún af hræðslu og barðist um á hæl og hnakka þar til hún var tjóðruð föst. Þegar vélin lenti á Keflavíkurflugvelli biðu hennar þrír menn, allir samlandar hennar, og allir dæmdir glæpamenn. Þeim lukkaðist þó ekki að hafa hendur í hári hennar, enda var hún tafarlaust færð í umsjá lögreglu.

Þremenningarnir fylgdu henni síðan hvert fótmál. Þeir biðu hennar fyrir utan Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þegar hún var þar í læknisskoðun. Þeir biðu einnig fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu í Reykjavík þegar stúlkan var þar í skýrslutöku og reyndu að hafa samband við hana með aðstoð Íslendings. Lögregla varð þess svo vör þegar þeir reyndu að ná aftur í skottið á henni í Reykjanesbæ.

Þremenningarnir voru handteknir daginn eftir að konan hvarf, grunaðir um að hafa haft eitthvað með það að gera, og úrskurðaðir í varðhald. Eftir að konan kom í leitirnar var svo lýst eftir þremur litháískum karlmönnum til viðbótar og tveimur þeirra stungið í varðhald. Það var svo á miðvikudag sem þrír Íslendingar um fertugt voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins eftir umfangsmiklar aðgerðir í mörgum lögregluumdæmum.

Málið hafði undið verulega upp á sig og snerist ekki lengur bara um eitt einangrað mansalstilvik, heldur skipulagða glæpastarfsemi á fjölmörgum sviðum, til dæmis ofbeldisverkum, þjófnaði og tryggingasvikum, auk mansals. Heimildir Fréttablaðsins herma að lögreglan telji sig komna á slóð mansalshrings, þótt lítið hafi fengist gefið upp um fleiri mögulega þolendur glæpamannanna. Greint hefur verið frá því að Litháarnir hafi unnið hjá verktakafyrirtæki í eigu Íslendinganna. Frekari handtökur eru ekki útilokaðar og vinnur lögregla hörðum höndum að því að afla frekari gagna.

### Treysta ekki lögreglunni

Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, hefur sagt að ljóst sé að alþjóðleg glæpastarfsemi hafi fest rætur hér á landi. Austurevrópskar glæpaklíkur hafi teygt anga sína til Íslands og myndað tengsl við hérlenda afbrotamenn. Ekki sé óeðlilegt að ætla að mansal sé hluti af slíkri glæpastarfsemi, enda sé það ábatasamt og feli í sér tiltölulega litla áhættu, vegna þess hve örðugt er að rannsaka og færa sönnur á slíka glæpi.

„Þetta er alveg hræðileg brotastarfsemi,“ segir Berglind Eyjólfsdóttir, rannsóknarlögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur sérstaklega kynnt sér mansalsmál. Spurð hvort mansalsstarfsemi sé tiltölulega nýtilkomin hérlendis, eða hvort augu landans séu bara núna fyrst að opnast fyrir vandanum, segir Berglind erfitt að segja til um það. Sagan kenni okkur að breytingar í alþjóðlegum glæpaheimi berist alltaf nokkru síðar til Íslands en til nágrannalandanna, en að sama skapi hafi orðið mikil vitundarvakning vegna mansalsins síðustu ár og ekki síst nú nýlega.

Berglind segir mansalsmál mjög erfið í rannsókn, fórnarlömb séu oft treg til að tjá sig og langan tíma taki að vinna traust þeirra. Þá sé sérstaklega fátítt að fórnarlömbin leiti til lögreglu að fyrra bragði. Ýmislegt geti skýrt þetta. Fórnarlömbin hafi oft mátt sæta hótunum og treysti jafnvel ekki lögreglu vegna biturrar reynslu frá heimalandi sínu.

### Langt í land

Ísland á langt í land með að uppræta mansal. Í nýlegri skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins erum við sögð annars flokks þegar kemur að aðgerðum gegn mansali – þær uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til þjóðríkja. Við erum í flokki með ýmsum þróunarlöndum og Austur-Evrópuríkjum, og Írland og Grikkland eru einu Vestur-Evrópulöndin sem falla í flokkinn, auk Íslands. Í skýrslunni segir að ljóst sé að fórnarlömb mansals finnist hér á landi, í vændi, byggingariðnaði og veitingarekstri, og að þau fórnarlömb fái ónæga aðstoð og vernd.

Eins og áður er rakið hafa mál tveggja þolenda mansals vakið athygli á málaflokknum og að því er virðist hleypt kappi í ráðamenn. En þau mál eru því miður líklega aðeins tvö af mörgum tugum. Verður saga hinna einhvern tíma sögð?

## HVAÐ ER MANSAL?

Man er fornt orð yfir þræla af báðum kynjum, þótt það hafi einkum tíðkast um ambáttir. Orðið þekkist einnig í merkingunni ‚kona‘.

Mansal er notað um þá glæpastarfsemi sem snýst um verslun með fólk, hvort heldur er í kynlífsiðnað, nauðungarvinnu, glæpastarfsemi eða hernað. Undir skilgreininguna á fórnarlömbum mansals falla einnig þeir sem úr eru numin líffæri til sölu á ólöglegum markaði og börn sem seld eru til ólöglegrar ættleiðingar.

Á alþjóðavísu er mansal algengast í tengslum við kynlífsiðnað, en í skýrslu Fríðu Rósar Valdimarsdóttur um mansal á Íslandi, sem byggir á upplýsingum frá fagaðilum, er um þriðjungur fórnarlamba mansal hérlendis í kynlífsiðnaði.

## BREYTINGA ER ÞÖRF Á ÍSLANDI



ARNAR JENSSON

Í Evrópu er litið á mansal sem næstalvarlegustu skipulögðu glæpastarfsemina, á eftir fíkniefnasölu. Þetta segir Arnar Jensson, fulltrúi Íslands hjá Evrópulögreglunni Europol í Haag. Hryðjuverkastarfsemi falli utan skilgreiningarinnar á skipulagðri glæpastarfsemi, og sé efst á blaði, en þeim næst komi fíkniefnin og mansalið.

Arnar segir Europol hafa verið að auka áherslu á mansal síðustu ár og jafnframt hvatt Evrópulöndin til að setja meira púður í aðgerðir gegn mansali, meðal annars með því að fullgilda Palermo-bókunina um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Hún hafi verið fullgilt víðast hvar á nágrannalöndum okkar, en ekki á Íslandi þótt það standi til bóta.

Arnar bendir á þrjú atriði sem Íslendingar mættu breyta til að stemma betur stigu við mansali. Í fyrsta lagi að fullgilda Palermo-bókunina, því að hún feli það meðal annars í sér að binda þurfi í lög að hægt sé að refsa mönnum fyrir það eitt að starfa innan hóps sem skilgreindur er sem skipulagður glæpahópur. Viðkomandi þurfi ekki að hafa orðið uppvís að tilteknu broti öðru.

Í öðru lagi að binda í lög það sem gert hefur verið víða í nágrannalöndum, að sé ákveðnum skilyrðum fullnægt megi snúa sönnunarbyrði þegar kemur að fjármunum skipulagðra glæpasamtaka. Þau þurfi þá að sýna fram á sjálf að fjárins hafi verið aflað með lögmætum hætti. Þetta sé afar gagnlegt við að kippa stoðunum undan starfseminni, enda reynist lögreglu oft ómögulegt að sanna að féð sé tilkomið ólöglega. Bæði fyrrnefndu atriðin séu komin á rekspöl á Íslandi.

Þriðji mikilvægi þátturinn sé svo aukið samstarf við evrópsk lögregluembætti. Arnar segist raunar hafa fundað um það í heimsókn sinni til landsins nú að Íslendingar tengi sínar upplýsingar inn í samevrópskan gagnagrunn.

Arnar segir að mansalsstarfsemi í Evrópu hafi breyst mjög með tilkomu Schengen-samstarfsins og ekki síst þegar austur-evrópsk lönd voru innlimuð í það. Áður hafi aðeins stærstu glæpasamtökin, til dæmis sikileyska og rússneska mafían, staðið í mansalsstarfsemi, en hún hafi síðan færst niður stigann og sé nú oft og tíðum stýrt af smærri og lægra settum glæpahópum.

## AÐGERÐAÁÆTLUN KYNNT Í VOR

Síðastliðið vor kynnti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, sérstaka aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali. Þegar sú áætlun var gerð lá umfang mansals á Íslandi ekki fyrir, frekar en nú. Ljóst er hins vegar að vísbendingarnar um að hér þrífist blómleg mansalsstarfsemi hafa hins vegar styrkst til muna síðan þá.

Í skýrslunni segir meðal annars að talið sé að Ísland sé fyrst og fremst gegnumstreymisland fyrir smygl á fólki. Engin staðfest dæmi séu um fórnarlömb mansals á Íslandi, þótt stjórnvöld séu sannfærð um að Ísland sé í einhverjum tilfellum áfangastaður mansals og að ábendingar þess efnis hefðu borist frá fagaðilum á borð við Stígamót og Alþjóðahús.

**Í áætluninni voru boðaðar ýmsar aðgerðir til að sporna við mansali á Íslandi:**

- Fullgilding alþjóðlegra samninga gegn skipulagðri glæpastarfsemi, mansali og vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun.
- Sérfræðiteymi verði sett á fót sem heldur utan um mansalsmál og aðstoðar fórnarlömb þeirra.
- Þolendur mansals fái tímabundið dvalarleyfi, skjól, fjárhagslega og félagslega aðstoð á meðan þau gera upp hug sinn um framtíðardvalarstað sinn og samstarf við lögreglu.
- Þolendum verði tryggð örugg endurkoma til heimalands síns ef þeir kjósa og endurhæfing þar ytra.
- Þolendur fái vitnavernd og nafnleynd.
- Komið verði á fót sérhæfðum lögregluteymum til að vinna að mansalsmálum.
- Heimildir til forvirkra rannsóknaraðferða endurskoðaðar.

Nú er unnið að því af fullum þunga að hrinda áætluninni í framkvæmd. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem gert er ráð fyrir því að skýrar verði kveðið á um skilgreininguna á mansali og refsingu fyrir það.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
Opnum kl.10 laugardag!
598
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKINGUR 598 kr.kg.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr.kg.
BÓNUS
Kjúklingur
Leggir
498
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR 498 kr.kg.
BÓNUS
Kjúklingur
Læri
498
BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI 498 kr.kg.
McCORMIC
SEASON ALL
KRYDD 453g
279 kr.
Hentar sérlega vel
á ferskt lambakjöt !
SEASON ALL
SEASONED SALT
279
1189
K.S FERSKT LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR
1189 kr.kg.
Ali
Grísakjöt
GRÍSAHNAKKI
998
ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
998 kr.kg.
Ali
Saltaðir Grísaskankar
298
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR 298 kr.kg.
GOUDA
25%
AFSLÁTTUR
GOUDA 26% OSTUR 972 kr.kg.
MERKT VERÐ 1296 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
ÞÝSKAR FROSNAR
UNGNAUTALUNDIR
2998 kr.kg.
PÓLSKAR FROSNAR
NAUTAGRIPALUNDIR
2698 kr.kg.
Fanta
159
159 kr. 2 ltr.
129
ÍSLENSKT HVÍTKÁL 129 kr.kg.
578
198
ÍSLENSKIR KIRSUBERJATÓMTAR
250g 198 kr.
STEINALAUS VÍNBER
AMERÍSK VÍNBER 578 kr.kg.
279
298
HOLLENSK PAPRIKA
RAUÐ 298 kr.kg. GRÆN 279 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00






















MYNDIR/INGVAR HÖGNI RAGNARSSON

# Áhrifa gætir alls staðar að

Gróska og fjölbreytni einkennir íslenska hönnun sem sjá má á farandsýningunni Íslenskri hönnun sem verður opnuð í Ketilhúsi á Akureyri í dag. Í bókinni Íslenskri samtímahönnun sem kemur út á næstu dögum er sagt frá bakgrunni verkanna. *Sigríður B. Tómasdóttir* skoðaði gripinn og spjallaði við höfund bókarinnar og sýningarstjórann **Elísabetu V. Ingvarsdóttur.**

Hönnunin á sýningunni á það sammerkt að vera vönduð, þetta eru hlutir sem hægt er að nota og eru notaðir," segir Elísabet, sem hafði það markmið þegar hún setti sýninguna upp fyrst, á Listahátíð vorið 2009, að uppistaðan væri þekkt hönnun sem hefði sannað gildi sitt. „Íslendingar eru mjög nýjungagjarnir og stefnan á hönnunarsýningum hefur iðulega verið að sýna sniðuga hluti sem eru ekki komnir í framleiðslu. Ég tók annan pól í hæðina," segir Elísabet, sem gjarnan vill festa góða hluti í vitund landans.

Elísabet hefur rannsakað íslenska hönnun og komst að þeirri niðurstöðu í meistararitgerð sinni að mjög erfitt væri að skilgreina einkenni íslenskrar hönnunar. Ein skýring þessa er sú að íslenskir hönnuðir eru menntaðir víða, enda er stutt síðan farið var að kenna hönnun á Íslandi. Hér á síðunni má sjá dæmi um gripi sem eru á sýningunni Íslenskri hönnun, en umfjöllunin um höfundana byggir á bókinni Íslenskri samtímahönnun. Þess má geta að einnig er fjallað um samtímaarkitektúr á sýningunni.

### 1. Ornametrica

Ornametrica er ljósakróna sem var að sögn hönnuðanna gerð með það í huga að glæða danskan einfaldleika nýju lífi, enda er hún á engan hátt einföld að gerð. Hugmyndin varð til árið 2001 og hefur síðan verið markvisst þróuð áfram. Hönnun ljósakrónunnar er byggð á stærðfræðilegum hlutföllum þannig að breyta má útliti hennar og umfangi með hreyfingu að eða frá miðju hringsins sem mótar form hennar.

**Hönnuður:** Aðalsteinn Stefánsson (f. 1970)

**Nám:** Lærði leikmyndahönnun við Danmarks Designskole og útskrifaðist þaðan árið 1999 en hafði áður lært bæði rafvirkjun og myndlist.

**Starf:** Hann hefur unnið að fjölbreytilegum hönnunarverkefnum, við ljósahönnun og ljósainnsetningar, þar á meðal með úkraínska hönnuðinum Aleksej Iskos.

### 2. Áhöld

Áhöld eru hönnuð út frá silfurborðbúnaði sem hefur verið framleiddur til margra ára af Gull- og silfursmiðjunni Ernu. Markmið hönnuðarins Sóleyjar Þórisdóttur var að kosta litlu til með því að nýta það sem til var af tólum og tækjum smiðjunnar. Mynstrið á Áhöldum er sótt til þekktra skreytinga á borðbúnaðinum frá Ernu og er eins konar vísun til fortíðar í nútímabúningi. Þau eru óregluleg að formi og gera þannig kröfu til notandans um að finna þeim hlutverk.

**Hönnuður:** Sóley Þórisdóttir (f. 1984)

**Nám:** Útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands vorið 2008. Á námstímanum var hún skiptinemi í iðnhönnunardeild Konstfack í Stokkhólmi og að því loknu tók við starfsnám hjá sænska hönnunarteyminu FRONT.

**Starf:** Hún starfar að eigin verkefnum og þróun þeirra.

### 3. Krummi

Herðatréð Krummi er hannað jafnt út frá sjónarmiðum notagildis sem fagurfræði og hugsað ýmist til notkunar eða sem fallegur skrauthlutur, eða hvort tveggja í senn. Krummi er úr sprautulökkuðum krossviði og jafnvel þótt fyrirmynd formsins sé svartur hrafninn er hann fáanlegur í þremur litum: svörtum, hvítum og bleikum.

**Hönnuður:** Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir (f. 1976)

**Nám:** Hún lauk BA-prófi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2001.

**Starf:** Vinnur sjálfstætt auk þess sem hún er meðlimur í hönnunarteyminu Stella Design.

### 4. Skrauti

Kertastjakinn Skrauti (2008) er annar helmingurinn af tvíeykinu Skrauta og Fjanda. Kertastjakarnir urðu upphaflega til þegar hönnuðinn sjálfan langaði í fallegan kertastjaka og leysti málið með því að hanna sjálfur kertastjakann sem hann hafði leitað að. Þannig varð fyrst til kertastjakinn Fjandi og síðar Skrauti. Lögun Skrauta er byggð á hefðbundnum gamaldags sjö arma kertastjaka sem er útfærður á nýjan hátt, eins konar einfölduð mynd af gömlu stefi.

**Hönnuður:** Stefán Pétur Sólveigarson (f. 1977)

**Nám:** Útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2006.

**Starf:** Sjálfstætt starfandi vöruhönnuður.

### 5. Hillurnar eru komnar á fætur

Fráleggshillur sem Snæfríð Þorsteins og Sigríður Sigurjónsdóttir hönnuðu fyrir 101 hótel vöktu mikla athygli og voru þær framleiddar í nokkrum litum fyrir almennan markað. Í framhaldinu kom upp sú hugmynd hjá hönnuðunum að þróa þær í smáborð á fótum. Eins og í fleiri samvinnuverkefnum þeirra ganga þær út frá notagildinu en láta það ekki vefjast fyrir sér í hugmyndavinnu og úrvinnslu.

**Hönnuðir:** Snæfríð Þorsteins (f. 1968) og Sigríður Sigurjónsdóttir (f. 1968)

**Nám:** Snæfríð lauk námi frá École Supérieur de Design Industriel í París árið 1994. Sigríður útskrifaðist frá Central Saint Martins College of Art and Design í London árið 1999.

**Starf:** Sigríður er prófessor í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Aðalstarf Snæfríðar er rekstur hönnunarvinnustofu í samstarfi við Hildigunni Gunnarsdóttur.

### 6. Rocky Tre

Kveikjan að ruggustólnum var þörf hönnuðarins, Daggar Guðmundsdóttur, til þess að hanna þægilegan stól fyrir brjóstagjöf þegar hún var barnshafandi. Stóllinn ber sterk einkenni norrænnar hönnunar, einkum Alvars Aalto, en hann var og framlag Daggar til verkefnis þar sem hönnuðir fengu það viðfangsefni að hanna hluti í anda Aaltos. Hann er einnig undir sterkum áhrifum frá lampahönnun Daggar þar sem þríhyrningar eru áberandi.

**Hönnuður:** Dögg Guðmundsdóttir (f. 1970)

**Nám:** Útskrifaðist sem iðnhönnuður fá Istituto Europeo di Design í Mílanó árið 1996 og var gestanemandi við Danmarks Designskole á árunum 1996–1998.

**Starf:** Dögg sinnir almennri iðnhönnun fyrir heimili jafnt sem opinbera staði og opinberar byggingar og leggur áherslu á að hönnun hennar sé tímalaus og geti átt við víða og lengi. Hún hefur einnig fengist við ljósahönnun og unnið ýmiss konar innsetningar þar sem ljósið er í forgrunni. Hún rekur fyrirtækið Dögg Design.

### 7. Visual Inner Structure

Stóll Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur er framleiddur í takmörkuðu upplagi. Eins og í flestum verkum Guðrúnar Lilju er eins konar saga eða boðskapur að baki verkinu en Guðrún hefur í sínum verkum leitað að innri fegurð hlutanna og spurt siðferðislegra spurninga um endurnýtingu, umhverfisvernd og gildi hluta í heimi offramboðs. Hugmyndin að stólnum varð upphaflega til við vinnu með flóttamönnum sem leituðu að nýjum tilgangi og nýju lífi í ókunnu landi. Eins og flóttamaðurinn var stóllinn rúinn öllu þar til aðeins gormarnir og grindin voru eftir. Með nýjum efnivið var „spunnið" nýtt líf utan um gamla undirstöðu.

**Hönnuður:** Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir (f. 1968)

**Nám:** Útskrifaðist frá Design Academy Eindhoven í Hollandi árið 2005.

**Starf:** Að námi loknu stofnaði hún fyrirtækið Studiobility sem fengist hefur við hönnun vöru, húsgagna og innréttinga auk sýningarhönnunar.




# LYFTU ÞÉR UPP MEÐ LOTTÓ

Fjórfaldur Lottópottur stefnir **beinustu leið í 24 milljónir**.
**Hoppaðu um borð** og leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Fíton/SÍA FI030954 4X24102009



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EINU SINNI ÚTRÁSARVÍKINGUR** Mikael hafði það eitt sinn að starfi að rannsaka danska blaðamarkaðinn til að undirbúa jarðveginn fyrir kaup Íslendinga á Berlingske Tidende. Ekkert varð af þeim kaupum.

# Nennir ekki lengur að vera dóni

Þegar **Mikael Torfason** var fimm ára strauk hann úr leikskólanum, fór heim til sín og reyndi að kveikja í. Hann sagði ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** frá því hvernig hann breyttist úr óalandi og óferjandi barni í dónalegan ungan mann. Nú hafi hann hins vegar þroskast, eins og nýjasta skáldsaga hans, Vormenn Íslands, beri merki um. Margt er nauðalíkt með aðalsöguhetjunni og höfundinum.

Söguhetjan í nýjustu skáldsögu Mikaels Torfasonar á furðumargt sameiginlegt með höfundi sínum. Sögusviðið er Breiðholtið, æskuslóðir Mikaels, alkóhólismi kemur við sögu og söguhetjan er gjaldþrota útrásarvíkingur. Sögumaðurinn er fyrrverandi ritstjóri Dagblaðsins sem sagði upp störfum þegar 35 þúsund manns skrifuðu undir undirskriftalista eftir að maður á Ísafirði hengdi sig. Manni dettur í hug að skáldsagan sé dulbúin sjálfsævisaga, með dálítið af ýkjusögum í bland. Er það svo? „Þetta er skáldsaga. En það eru ótrúlega mikil líkindi með lyginni og sannleikanum," segir Mikael, með glott á vör. Vormenn Íslands er fimmta skáldsaga hans og sú fyrsta frá honum í sjö ár. Á milli bóka hefur hann meðal annars lifað í vellystingum í góðærissveiflu, tekið þátt í áhlaupi á danska blaðamarkaðinn, keypt útgáfufélag og selt það aftur og fundið ástina. Svo fátt eitt sé nefnt.

**Vormenn Íslands**

Nýja bókin er komin í verslanir og má reikna með að gagnrýnendur fari að tjá sig hvað úr hverju. Ef eitthvað er líkt með þessari og fyrri skáldsögum Mikaels má gera ráð fyrir lofi og niðurrifi í bland. Þannig virðist flest sem Mikael kemur að virka. Ýmist líkar fólki hann eða mislíkar – og fátt þar á milli. Mikael er þó nokkuð bjartsýnn. „Ég held að þetta sé besta bókin mín til þessa. Hún er þroskaðri en þær fyrri. Þegar ég var yngri vildi ég alltaf vera að rífa upp einhver tabú. Ég var satt að segja í dálítilli kreppu með að endurtaka það ekki. Bækurnar mínar eru mjög persónulegar og þessi er engin undantekning. En ég held að þroskinn skíni alveg í gegn."

Sagan fjallar um besta vin sögumanns, sem er gjaldþrota senditík útrásarvíkinga. Hann er í samfélagsþjónustu, er skilinn við konuna sína, sem er aðalgellan í Íslandi í dag, og fluttur aftur upp í Fellahverfi til afa síns, sem er elliær og jafnan blindfullur. Sonur hans, sem er Marilyn Manson-aðdáandi, flytur á eftir honum og pabbi hans í kjölfarið, nýkominn úr meðferð. Þarna eru þeir allir, ýmist alkóhólistar eða meðvirkir, og gera upp fortíð sína. Við það tvinnast raunsatt íslenskt sakamáladrama, sem tengist hugsanlegu sjálfsmorði móður hans þegar hann var sex ára.

**Útrásarvíkingur um tíma**

Sjálfur daðraði Mikael við útrásina um tíma. „Í sex mánuði tók ég þátt í að setja Ísland á hausinn. Jón Ásgeir ætlaði að kaupa Berlingske Tidende og ég fór í það mál, skrifaði skýrslur og rannsakaði danska blaðamarkaðinn. Á þessum tíma keyptu menn hvað sem er og það þótti nú ekkert tiltökumál að kaupa þetta blað. En það tókst ekki, því annar fjárfestir tók fram úr á endasprettinum. Eftir það fór ég í að skipuleggja og setja upp ritstjórnina fyrir Nyhedsavisen."

Hann hætti hins vegar áður en blaðið kom út. „Ég vildi ekki flytja til Danmerkur á þessum tíma svo ég flaug út á mánudögum og kom aftur heim á föstudögum. Ég var sjálfur kominn í kreppu, því í rauninni hafði ég engan áhuga á þessu."

Áður en Mikael fór til Danmerkur gegndi hann starfi ritstjóra DV, við hlið Jónasar Kristjánssonar. „Ég hafði áhuga á DV, því mér fannst það raunveruleg tilraun til að segja sannleikann. Í Danmörku flæddu peningar út um eyrun á mér. Ég var á hæstu launum sem ég hef nokkurn tímann verið með. Eftir það tók ég þátt í að kaupa Fróða og var kominn á kaf í 2007-geðveikina. Þegar ég var búinn að vera þar í nokkra mánuði keypti Baugur batteríið og þá fór ég út úr þessu. Ég uppgötvaði að ég hefði verið í tómu tjóni eftir DV. Stóra ástríðan í lífi mínu hefur alltaf verið að vera rithöfundur. Ég hef áhuga á dagblöðum en mitt áhugasvið náði aldrei yfir dagblöð í Danmörku eða tímarit á Íslandi. Ég var bara í ruglinu."

> Ég held að þetta sé besta bókin mín til þessa … Bækurnar mínar eru mjög persónulegar og þessi er engin undantekning. En ég held að þroskinn skíni alveg í gegn."

**Engin eftirsjá**

Þrjú ár eru liðin frá því að þeir Mikael og Jónas sögðu af sér sem ritstjórar DV. Það gerðu þeir í kjölfar mikillar hitaumræðu sem skapaðist í samfélaginu þegar grunnskólakennari á Ísafirði svipti sig lífi eftir umfjöllun DV um misnotkun hans á ungum drengjum. Mikael og Jónas voru með óvinsælli mönnum landsins á þessum tíma. „Það böggaði mig ekki neitt. Þetta minnti mig bara á að vera í grunnskóla. Þá var alltaf einhverjum illa við mann, einhver að stríða manni og einhver sem ætlaði að lemja mann. Þannig var það bara. Ég fann ekki til neinnar ábyrgðar vegna sjálfsmorðs þessa manns. En ég hafði samviskubit gagnvart drengjunum, sem maðurinn misnotaði. Þarna stigu menn eins og Össur Skarphéðinsson fram, sem skrifaði lofrullu um manninn í minningargrein. Þingflokksformaður Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason, sagði okkur ekki bara hafa framið mannorðsmorð heldur morð í eiginlegum skilningi. Hann sagði mun öfgafyllri hluti um okkur heldur en þá sem hann var að saka okkur um að hafa sagt. Tveimur árum eftir að við sögðum af okkur úrskurðaði bótanefnd ríkisins drengjunum hæstu mögulegu bætur vegna þess að það þótti sýnt að maðurinn hafði brotið á þeim. Íslenskt samfélag er svo klikkað. Hitinn var svo mikill að einhvern tímann þurfti ég að sækja börnin mín á leikskólann, vegna hótana."

**Ekki blaðamanna sök**

Margir eru reiðir út í fjölmiðla og telja þá bera mikla ábyrgð á hruninu. Mikael gefur lítið fyrir þá skoðun. „Ég er ósammála þessu rugli. Allir sem lásu fjölmiðla árið 2006 vissu að það væri eitthvað verulega mikið að í íslensku viðskiptalífi. Ég veit ekki betur en að flest blöð hafi verið með ítarlegar fréttaskýringar um hvernig Sjálfstæðisflokkurinn gaf einhverjum sjálfstæðismönnum Landsbankann og Framsóknarflokkurinn fékk í staðinn að gefa einhverjum framsóknarmönnum Búnaðarbankann. Þetta vissu allir, en kusu samt Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn. Þessar upplýsingar eru búnar að vera til allan tímann. Fólk neitaði bara að taka mark á þeim. Eina fólkið sem við er að sakast á þessu landi er fólkið sem las fréttirnar og fór svo og kaus sömu vitleysingana. Því sem fjölmiðlarnir fóru ofan í saumana á var hvergi sinnt. Í góðærinu skipti engu máli hvað var sagt. Ég vann við það á bilinu 2003 til 2006 að segja fólki neikvæðar fréttir á DV. Fólk vildi ekki heyra það. Á endanum vorum við púaðir niður af sviðinu. Það hötuðu okkur allir."

**Fellavillingur frá upphafi**

Mikael hefur samt alla tíð verið laginn við að fá fólk upp á móti sér og var orðinn Fellavillingur áður en hann byrjaði í grunnskóla. „Ég var óalandi og óferjandi frá upphafi. Þegar ég var í leikskóla strauk ég einn daginn og fór heim til mín og reyndi að kveikja í húsinu. Þá var ég tekinn af löggunni, fimm ára gamall. Fyrsta skóladaginn minn kom ég heim með glóðarauga eftir slagsmál. Og ég stal öllu steini léttara. Ég var kolbrjálaður þangað til ég varð átján ára. En svo bráði aðeins af mér, enda fór ég ungur að eignast börn."

Föðurhlutverkið mýkti hann þó ekki nógu mikið til þess að hann hætti að rífa kjaft og hneyksla. Fyrri bækur Mikaels voru opinskáar og dónalegar. Vormenn Íslands er ekki jafn gróf. „Ég var ógurlegur dóni í hinum bókunum. Ég er miklu minni dóni í þessari. Ég var líka með hrokafyllri, grófari og aggressívari húmor einu sinni. Það er mikill húmor í þessari bók líka, en hann er miklu fínni. Enda er ég orðinn 35 ára. Fólk yfir þrítugt sem er dónalegt er einhvern veginn bara ógeðfellt. Ég hef engan áhuga á að vera dóni alla mína ævi."



# SULTAN KÖSEN HÆSTI MAÐUR HEIMS!

## 2,465 METRAR!

Sultan gefur aðdáendum sínum RISAfingrafar í Heimsmetabókina í
**HAGKAUP SMÁRALIND**
**í DAG kl:14:00 og 16:00**




TILBOÐ
**4.499kr**
FULLT VERÐ 5.990.-

Sultan er frá Tyrklandi. Fjölskylda Sultans er af „hefðbundinni stærð“ og sjálfur stækkaði hann eðlilega til 10 ára aldurs. Eins og aðrir jafnaldrar sínir hefur Sultan yndi af því að hlusta á tónlist, spila tölvuleiki og horfa á bíómyndir en hann er líka afar spenntur fyrir því að skoða heiminn.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár












**ÍSLENDINGAR ERU KRÖFUHARÐIR ÞEGAR KEMUR AÐ ÁVAXTANEYSLU** Kjartan Már Friðsteinsson í Banönum. Stemningin er óneitanlega dálítið hitabeltisleg enda eru ávextir í sjálfu sér framandi hér við norðurheimskautsbaug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá

Ávextir og grænmeti er fyrirferðarmikil fæða á íslenskum heimilum, þótt gera megi betur. *Dr. Gunni* kíkti í heimsókn til Banana og fékk framkvæmdastjórann, **Kjartan Má Friðsteinsson,** til að svara nokkrum brennandi spurningum um ávaxtabransann.

Fjögur fyrirtæki sjá Íslendingum fyrir ávöxtum og grænmeti, Búr, Mata, Sölufélag garðyrkjumanna og Bananar. Bananar er stærst, þar vinna um 70 manns og á ári fara 25.000 til 30.000 tonn af ávöxtum og grænmeti í gegnum fyrirtækið. Framkvæmdastjóri Banana heitir Kjartan Már Friðsteinsson. Hann tekur á móti mér og leiðir mig um fyrirtækið. Það var stofnað árið 1955 en Kjartan er búinn að vinna þar síðan 1995.

„Íslendingar eru mjög kröfuharðir neytendur,“ segir hann. „Við viljum bestu gæðin og stærstu tegundirnar. Öfugt við víða annars staðar er hér minna af árstíðabundnum vörum. Hér þykir sjálfsagt að fá papriku allan ársins hring. Í Suður-Evrópu, sem dæmi, er paprika árstíðabundin vara og bara til hluta af árinu. Það sama má segja um margar aðrar tegundir. Það er helst að við gerum okkur það að góðu að fá bara mandarínur í kringum jólin. Jólaeplin og suður-afrísku vínberin eru líka árstíðabundnar vörur hér. En ávaxtasalan eykst ekkert í sjálfu sér þegar þessar vörur koma inn því fólk minnkar bara neysluna á banönum á móti.“

### Bananar vinsælastir

Kjartan sýnir mér risavaxinn banana-lagerinn. Þar liggja grænir og grjótharðir bananar í kössum í ákveðnu raka- og hitastigi og bíða þess að verða nógu þroskaðir til að fara í búðirnar. Þetta þroskaferli tekur 3-4 daga. „Bananar eru vinsælasti ávöxturinn á Íslandi. Íslendingar neyta á milli 120 til 130 tonna af banönum á viku. Yfir árið erum við því að tala um að Íslendingar borða meira en 6.000 tonn af banönum,“ segir Kjartan.

Leggist maður í útreikninga og geri ráð fyrir því að hver banani sé 200 grömm og að Íslendingar séu 320.000 þýðir þetta að hver Íslendingur borðar um 93 banana á ári!

Næst erum við hjá vínberjakössunum. „Ísland er eina landið í Evrópu sem selur vínber frá Kaliforníu,“ segir Kjartan. Við ræðum um flutningsleiðirnar. „Af þessu magni hjá okkur – tæplega 30.000 tonnum á ári – eru sirka sjö þúsund tonn íslenskt grænmeti, í flugi koma tvö til þrjú þúsund tonn, en restin kemur sjóleiðina. Það koma skip vikulega frá Evrópu en bara einu sinni í mánuði frá Bandaríkjunum.“

Nú erum við komnir að mangókössunum. Ég segi Kjartani að maður finni aldrei nema glerhörð mangó í búðunum hérna. „Við getum ekki flutt inn þroskað mangó og höfum ekki aðstöðu til að þroska það hjá okkur. Mangó-sinnar vita að ávöxturinn þarf að standa á borðum í þrjá daga áður en hægt er að borða hann. Sama er með avókadóið. Það stóð til að við færum í nýtt húsnæði rétt fyrir hrun og þar var gert ráð fyrir þroskunarklefum fyrir mangó og avókadó. Ef við myndum senda þroskað mangó í búðirnar gæti það bara staðið þar í einn, tvo daga og þá yrði meiri rýrnun. Rýrnunin er stór partur af þessum bransa. Maður er alltaf að berjast við að panta ekki of mikið inn og ekki of lítið.“

### Íslenskt vinsælt

Við höldum áfram að ganga um lagerinn. Menn á lyfturunum þjóta hjá að taka til pantanir. „Það er byrjað að vinna hérna klukkan fimm á morgnana og svo er unnið til ellefu á kvöldin,“ segir Kjartan. „Það byrjar vakt klukkan fjögur og þá fyllist gólfið hérna af tilteknum pöntunum fyrir búðirnar.“

Í melónugeymslunni eru litríkir kassar frá framandi stöðum. „Melónurnar kaupum við beint frá framleiðanda í Brasilíu og þannig sleppum við við þrjá milliliði. Melónutegundirnar eru aðallega þrjár: vatnsmelónur, þessar gulu og þessar ílöngu með græna og gula berkinum. Þær eru kallaðar Piel de Sapo-melónur sem þýðir froskaskinnsmelónur. Svo eru til Galíu- og Kantalópu-melónur.“

Kjartan segir íslenskar vörur vinsælar. „Við seljum allt sem framleitt er innanlands. Það er líka orðið „trend“ að Íslendingar vilja íslenska vöru, til dæmis íslenska tómata. Ef það eru ekki til íslenskir tómatar þá dregst salan á tómötum einfaldlega saman.“

Á síðustu árum, í kjölfar almennrar lýðheilsuvakningar, hefur sala á ávöxtum og grænmeti aukist. Kjartan segir kreppuna ekki hafa haft mikil áhrif. „Það er helst að aðeins hafi slegið á sölu á jarðarberjum og vínberjum,“ segir hann. „Þessi vara er þó ekki dýr á Íslandi, miðað við hvernig gengið á krónunni er. Sem dæmi kosta bananar víða 1,99 evrur kílóið í Evrópu, en bananakílóverð í Bónus er um 230-280 krónur.“

### Milliliðalaust

Eins og gefur að skilja borðar Kjartan mikið af ávöxtum sjálfur. „Ég fæ mér gjarnan banana í morgunmat, það er hentugt að borða hann bara í bílnum á leiðinni í vinnuna. Í hádegismat epli og svo kannski hráskinku með melónu í kvöldmat.“

Hann hefur margoft heimsótt framleiðslubýli á framandi slóðum, meðal annars í Kína, Spáni og Mið-Ameríku. „Til að fullnægja kröfum markaðarins verðum við að kaupa inn ávexti þaðan sem þeir vaxa í hvert skipti. Með því að taka þetta inn milliliðalaust erum við að fá ferska vöru á hagkvæmasta verðinu. Eins og Ólafur Ragnar í Fangavaktinni myndi segja þá er þetta win/win. Ég hef þvælst út um allan heim. Þetta byggist mikið á persónulegum samböndum og það er best að mæta á svæðið, beint í grasrótina. Ég var nýlega í S-Afríku á Freedom Fruit-býli, sem er rekið af bændunum sjálfum. Það er mjög gaman að sjá þetta með eigin augum og fræðast í leiðinni. Bananatré bera til dæmis bara einu sinni ávöxt. Eftir að búið er að tína af þeim eina uppskeru eru þau bara hoggin niður.“

## ➜ ÞAÐAN KOMA ÁVEXTIRNIR OKKAR




**Bananar**
Panama og Kosta Ríka (allt árið)
**Vínber**
Kalifornía (júlí-des.)
S-Afríka (des.-apríl)
Chile (maí-júní)
**Appelsínur**
Spánn (nóv.-apríl)
Egyptaland (maí)
Argentína (sumar)
S-Afríka (sept.-okt.)
**Tómatar**
Kanaríeyjar (des.-apríl)
Holland og Ísland (maí-nóv.)
**Rauð epli**
Washington og Breska-Kólumbía (nóv.-maí)
Argentína (júní-okt.)
**Perur**
Holland (allt árið)
**Jarðarber**
Spánn (vetur)
Egyptaland (maí)
Holland (sumar)
**Melónur**
Brasilía (sept.-maí)
Kosta Ríka (sumar)
Spánn (ágúst-sept.)
**Kíví**
Chile (maí-ágúst)
Ítalía (sept.-apríl)
**Mangó**
Panama og Kosta Ríka (allt árið)
**Engifer**
Kína (allt árið)

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

október 2009

## Himnesk hjónabandssæla

Katrín Bessadóttir ritstjóri bakar einfalda og bragðgóða hjónabandssælu fyrir lesendur. SÍÐA 2





## Öðruvísi og gott

Rúnar Marvinsson matreiðslumaður hefur þróað ljúffengar uppskriftir úr þara. SÍÐA 4








Hrekkjavaka gefur okkur tækifæri til að kæta börnin og sjálf okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hryllingur borinn á borð

Hrekkjavakan er að festa sig í sessi sem hátíðisdagur á Íslandi. Börn í grímubúningum ganga þá á milli húsa og verslana og syngja og fá í staðinn sælgæti. Eigi viðkomandi ekki slíkt er reglan sú að barnið geri honum grikk.



Hrekkjavaka í þeirri mynd sem Íslendingar þekkja er frá Bandaríkjunum komin en upphaflega er hún hátíðisdagur úr keltneskri trú, haldinn til að þakka fyrir uppskeru sumarsins ásamt því að boða komu vetrar. Talið var að á þessum degi færu líka afturgöngur og ýmsar óvættir á kreik og því dulbjóst fólk og færði þeim matar- og drykkjarföng til friðþægingar.

Enn eimir eftir af þessum hefðum í hrekkjavöku nútímans, með fyrrnefndum sælgætisgjöfum til barna sem búa sig upp sem drauga, vampírur eða einhverjar aðrar ófreskjur. Auk þess þykir hrekkjavaka gott tilefni til veisluhalda þar sem börnum og fullorðnum gefst færi á að sleppa fram af sér beislinu.

### Afsagaðir fingur og aðrar kræsingar

„Ekki er langt síðan farið var að halda hrekkjavöku hátíðlega á Íslandi. Sumir eru því reyndar mótfallnir þar sem við eigum okkur áþekkan hátíðardag, öskudag, en ég spyr á móti hvort við getum bara ekki átt báða dagana. Mér finnst hrekkjavaka að minnsta kosti tími til að gera eitthvað skemmtilegt saman.“

Þetta segir Katrín Lillý Magnúsdóttir, stofnandi Partíbúðarinnar, sem heldur upp á hrekkjavökuna með börnunum sínum ár hvert. „Ég slæ upp lítilli veislu fyrir krakkana og vini þeirra, yfirleitt síðustu helgina í október, jafnvel þótt hrekkjavöku beri upp á annan dag. Það hentar einfaldlega betur að halda þetta um helgi.“

Katrín hefur einfaldleikann að leiðarljósi og leyfir börnunum stundum að taka þátt í undirbúningnum. „Þetta á alls ekki

FRAMHALD Á SÍÐU 6




# NJÓTUM ÓHUGNAÐARINS

**Karen Dröfn Kjartansdóttir skrifar**

Þegar ég var yngri var mér ægilega uppsigað við hinar og þessar hátíðir. Valentínusardagurinn var eitur í mínum beinum og hrekkjavakan viðurstyggilegt uppátæki þeirra sem höfðu horft of mikið á bandarískar barnamyndir. Fólk sem afsakaði þessar uppákomur bar því oft við að þarna væru ekki endilega á ferð bandarískir siðir heldur væri Valentínusardagurinn ættaður frá Ítalíu og hrekkjavakan keltnesk.

„Gott og vel, uppruni þeirra er ef til vill þaðan en Íslendingar taka upp siðina frá Könum og þeir hafa svo haft áhrif á þróun hátíðarinnar í upprunalöndunum,“ sagði ég þá geðvonskulega og bætti við svei! En síðan hafa liðið mörg ár og ég skil bara engan veginn hvernig ég nennti að fetta fingur út í jafn skemmtilega hluti og hrekkjavöku.

Hvers vegna ætti maður að væla yfir tækifæri til að kæta börnin sín og sjálfan sig eingöngu vegna þess að viðburðurinn kemur fyrir í bandarískum barnamyndum? Meira vælið í manni sí og æ. Þetta gefur manni líka gott tækifæri til að skoða öðruvísi matreiðsluhætti, uppskriftir og skreytingar.

Hrekkjavakan er nú einmitt sú nótt sem skilin á milli heima verða þynnri eða hverfa og geta því ýmsar verur farið á milli aðeins þessa stund. Auk þess markar hún þáttaskil í náttúrunni, veturinn og myrkrið er að taka við og þá er tími til að kveikja á kertum og verjast óvættum. Er ekki tilvalið að nota þann tíma til að kynnast nýjum siðum til dæmis í eldhúsinu? Hvenær gefst annars tækifæri til að prófa að skera út grasker, eða setja upp draugaskraut, útbúa kræsingar með óhugnanlegu ívafi? Slíku hafa ekki aðeins börn gaman af heldur líka fullorðnir. Það er líka alveg tilvalið að fagna skammdeginu og torráðnum leyndardómum sem kunna að leynast í skuggum þess svona rétt áður en sjálf hátíð ljóss og friðar gengur í garð í allri sinni fegurð.

Leitum því uppi skemmtilegar bandarískar matreiðslubækur og síður á netinu og njótum þess að útbúa öðruvísi mat. Haganlega skreyttar múffur með hlaupormum, súkkulaðiköngulóm og vampírutönnum auk ófrýnilegra paddna úr lakkrísreimum geta bæði glatt börn og fullorðna. Við getum svo útbúið litla sæta drauga með því að setja lakkrísaugu í sykurpúða og notað til skreytingar og átu. Möguleikarnir eru óendanlegir og hver öðrum skemmtilegri. Graskersréttir geta svo verið dásamlegir, einkum súpurnar. Sleppum fram af okkur beislinu og gerum skilin milli æsku og fullorðinsára óljós, úðum í okkur krásum, kveikjum á kertum og segjum draugasögur. Það er ekki eins og hægt sé að tapa einhverju á því en líklega er þetta skrambanum skemmtilegra.



SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · M Meðlæti · S Smáréttir · Hvunndags · Til hátíðabrigða · Hollt · Fuglakjöt · Kökur · Sætindi


BÆKUR FYRIR BETRA LÍF




BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST
Fæst í öllum betri bókabúðum • bokaforlagidbifrost@simnet.is



YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, símar 588 5711 & 694 6103
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is
YOGA • YOGA • YOGA
Morguntímar, hádegistímar, síðdegistímar og kvöldtímar.
Líkamsæfingar, öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla.
Sértilboð í 6 vikur kr. 13.000,-
Sértímar fyrir barnshafandi konur, byrjendur og lengra komna.




Katrín, ritstjóri Smugunnar, segist afbragðs kokkur og bakari. Hún sé harður jafnréttissinni en hleypi eiginmannsefni sínu þó ekki oft í eldhúsið enda eigi hann ekkert með að vera að dandalast í kringum Kitchen-Aid hrærivélina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjónabandssæla HAMFARAKOKKSINS

Katrín Bessadóttir vill ekki að eiginmannsefnið komi nálægt Kitchen-Aid vélinni.

Nammi namm!

Mér finnst voða gaman að baka en ég er svoddan hamfarakokkur, þoli eiginlega ekki að fara eftir uppskriftum. Ég vil bara slumpa og gera tilraunir hvort sem ég er að elda eða baka,“ segir Katrín Bessadóttir, ritstjóri vefritsins Smugunnar. „Það held ég að hún Benedikta sem kenndi mér eldússtörfin í Hússtjórnarskólanum yrði ekki hrifin af tilburðunum,“ bætir hún því næst við glettnislega.

Katrín segir að sér þyki tilraunir sínar þó yfirleitt heppnast vel, í það minnsta kvarti Helgi Seljan, tilvonandi eiginmaður hennar, ekki. „Ég held að flestir séu sammála um að ég sé afbragðs kokkur og bakari. Þó að ég sé harður jafnréttissinni þá hleypi ég Helga ekki oft í eldhúsið – nema þá til þess að vaska upp. Ég er svo viss um mitt eigið ágæti í eldhúsinu, hvort sem það er nú réttmætt eða ekki, að mér hrýs hugur yfir því að hann sé eitthvað að dandalast í kringum Kitchen-Aid vélina mína. Eða okkar,“ segir Katrín. - kdk

## HJÓNABANDSSÆLA KÖTU



**100 g hafragrjón**
**100 g hveiti**
**80 g púðursykur**
**1 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. kanill**
**120 g lint smjörlíki eða smjör**
**sulta eða ber**

*Öllu blandað saman, annaðhvort hnoðað með höndunum eða sett í matvinnsluvél. 3/4 af deiginu þrýst í eldfast mót. Svo er sett sulta eða ber, til dæmis rabarbara-, bláberja- eða jarðarberjasulta, apríkósumarmelaði og frosin hindber með smá agave-sýrópi. Það er bara um að gera að prófa sig áfram. Svo er restin af deiginu tætt yfir. Þetta er bakað í ca 25 mínútur við 170° C. Best volgt með þeyttum rjóma. Ef notuð eru ber er þetta líkara böku, þá má líka minnka hlutfallið af haframjöli og setja meira hveiti. Þetta er fljótlegt, tekur ekki nema 5 til 10 mínútur frá því maður byrjar þar til bakan er komin í ofninn. Þetta er líka hráefni sem flestir eiga.*

ÍSBÚÐIN VIÐ LAUGALÆK

# Heitt á vel við í vetur

Á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru síðan Lóa Bjarnadóttir opnaði Ísbúðina við Laugalæk að nýju hafa ýmsar breytingar og nýjungar litið dagsins ljós í búðinni. Meðal þeirra eru heitt kaffi frá Te og kaffi, kaffi/ísréttir og breyttur afgreiðslutími, en nú er búðin opnuð búðin klukkan 7.30 á morgnana. „Þetta er eiginlega orðið hálfgert kaffihús,“ segir Lóa og hlær. „Hugmyndin er sú að árrisulir og kaffiþyrstir íbúar Laugarness og nágrennis geti snætt hér inni hjá okkur í hlýjunni.“



Lóa segir kaffi og ís passa vel saman. „Meðal nýjunga hjá mér er rétturinn affagato, sem þekkist til dæmis á ítölskum kaffihúsum, og samanstendur af vanillu og súkkulaði kúluís sem einum heitum espresso er hellt yfir. Þessi réttur er mjög einfaldur og góður. Svo bjóðum við líka upp á kaffisjeik sem er mjög vinsæll,“ segir hún.

Ísbúðin hefur einnig hafið sölu á nýbökuðum, heimagerðum vöfflum sem viðskiptavinir geta svo bragbætt með miklu úrvali af sælgæti, sósum og sírópi. Þá er hollustuhristing af ýmsu tagi einnig að finna á matseðlinum.

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Karen Dögg Kjartansdóttir, Kjartan Guðmundsson og Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

# JAPANSKT Wakame SALAT

**Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.**

**Nýtt**



Kynningarverð
**995**
krónur



*Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.*

***-alltaf eitthvað nýtt!***

# NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **Sími: 588 9899**

**www.nings.is**


Í súpunni er beltisþari og marinkjarni.

MYND/ÁSLAUG SNORRADÓTTIR


Rúnar segir þarasnakkið betra en kartöfluflögur.

MYND/ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

# Þarinn bragðgóður OG HREINSANDI

**Matreiðslumeistarinn Rúnar Marvinsson er fylgjandi því að gera mat úr því sem náttúran og nærumhverfið gefa og fer ekki endilega troðnar slóðir í þeim efnum. Hann hefur til að mynda þróað uppskriftir úr þara sem allar renna ljúflega niður.**

Ég smitaðist af þeim Karli Gunnarssyni þörungafræðingi og Ólöfu Hafsteinsdóttur næringarfræðingi sem bæði hafa frætt mig um ágæti þarans og byrjaði að nota hann þegar ég vann á Tjörninni. Síðan hef ég látið sannfærast um að þetta sé mjög gott fyrir kroppinn en þarinn er fullur af næringarefnum. Hann er auk þess mjög hreinsandi og losar líkamann við ýmis óæskileg efni," segir Rúnar.

Hann notar meðal annars beltisþara, söl og purpurahimnu. Rúnar segir best að tína þarann í stórstreymisfjöru og þá helst einvers staðar utan við borgarmörkin til að gæta fyllsta hreinlætis. Hann segir þá hugmynd liggja á borðinu hjá sér að gera lítið upplýsingakver um hvernig sé best að tína, verka og matreiða þarann og ekki sé loku fyrir það skotið að hún verði að veruleika. Rúnar gefur lesendum uppskrift að þarasnakki og tveggja þara súpu þar sem hann notar beltisþara og marinkjarna. „Beltisþara má finna víða en hömruð áferð einkennir hann. Úr honum geri ég snakkið sem ég fullyrði að sé betra en venjulegt kartöfluflögusnakk." Fleiri þarauppskriftir er að finna í bók Rúnars og ljósmyndarans Áslaugar Snorradóttur, Náttúran sér um sína. - ve


Bóluþang er yfirleitt ekki notað í matargerð en á steinunum undir því fann Rúnar meðal annars maríusvuntu, sem er náskyld purpurahimnu eða norí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

A M

## GÓÐGÆTI ÚR GNÆGTABRUNNI NÁTTÚRUNNAR

### DJÚPSTEIKT ÞARASNAKK, SEM KALLAST ÞARUD

**Beltisþari**
**Heilhveiti**
**Sesamfræ**
**Maísolía**

*Skerið beltisþarann í hæfilega bita og veltið honum upp úr heilhveiti og sesamfræjum. Djúpsteikið síðan í maísolíu.*

### TVEGGJA ÞARA SÚPA

**1 bolli fínt saxaður laukur**
**1/2 bolli fínt saxaðar gulrætur**
**1/2 bolli fínt saxað sellerí**
**vænn biti af engiferrót**
**5 hvítlauksrif**
**150 g ristuð sesamfræ**
**1 msk. tómatmauk**
**4 msk. sesamolía**
**skvetta af worcestersósu**
**1 1/2 bolli beltisþari**
**1 bolli marinkjarni**
**1 msk. sojasósa**
**3 l krabbasoð/má líka nota grænmetissoð**
**salt**
**pipar**
**ef til vill hvítvín**

*Sjóðið allt saman um stund og bragðbætið með hvítvíni í lokin.*





## Vilt þú létta á líkamanum

**Birkisafinn frá Weleda er vatnslosandi og virkar vel á eðlilega hreinsun líkamans.**

- Lífrænt ræktaður, án aukaefna
- Losar bjúg
- Léttir á liðamótum
- Losar óæskileg efni úr líkamanum
- Góður fyrir húð, hár og neglur
- Blanda má safann með vatni
- Má einnig drekka óblandað

**Útsölustaðir:**

Heilsuhúsið, Fræið Fjarðarkaupum, Maður lifandi, Blómaval, Lyfja og Apótekið, Lyf og heilsa og Apótekarinn, Sólarsport Ólafsvík, Lyfjaver, Femin.is, Náttúrulækningabúðin, Hagkaup, Lyfjaval, Heilsuver, Apótek vesturlands, Reykjavíkur apótek, Yggdrasill, Árbæjarapótek Barnaverslanir og sjálfstætt starfandi apótek um allt land

**Velkomin að skoða www.weleda.is**


MATREIÐSLU**BÓKIN**

## Hrært, hnoðað og sneitt

Matreiðslubókin KitchenAid er kjörin fyrir þá sem vilja nýta Kitchenaid-hrærivélina sína til fullnustu. Bókin hefur að geyma samtals 150 alþjóðauppskriftir, sumar sígildar og aðrar nýjar, að grænmetisréttum, salötum, súpum, hádegisréttum, kvöldréttum, eftirréttum og kökum svo dæmi séu nefnd.

Af réttum má nefna indverskt chapatis, ítalskt foccia og þýska hveitibrauðið Hunsrucker bauerenbrot. Í bókinni er einnig að finna leiðbeiningar um notkun á KitchenAid fylgihlutum fyrir hrærivél, hraðara, þeytara, hakkavélar, pastagerðartæki, pylsu og kransakökugerðarsett og fleira. Lesendur ættu því að verða vísari um gerð miðausturlensks hummus, norskan borgara eða þýska bratwurst.





Marengstertur eiga vel við á veturna.

NORDICPHOTOS/GETTY

# SKOTHELDUR MARENGS

Margir veigra sér við að gera marengsbotna enda eiga þeir það til að falla. Með nokkur ráð í pokahorninu ætti þó að vera óhætt að ráðast í verkið. Meginuppistaðan í botnunum er yfirleitt eggjahvíta og sykur þó stundum sé kókosmjöli og rifnu súkkulaði bætt við. Best er að teikna hring á bökunarpappír og koma honum fyrir á bökunarplötu. Deiginu er síðan dreift yfir hringinn og er gott að láta örlítið meira af því fara út í kantana. Oftast er botninn bakaður í um klukkustund en mikilvægt er að láta hann kólna í klukkutíma inni í ofninum áður hann er tekinn út. Að því loknu er óhætt að skreyta hann með berjum og rjóma eða því sem hugurinn girnist.



Ungkokkarnir taka að sér ýmis verkefni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# UNGKOKKAR STEFNA LANGT

Ungkokkar Íslands er félag sem var stofnað í byrjun árs en það er ætlað kokkum og nemum sem hafa áhuga á að kafa dýpra ofan í matreiðslu og taka þátt í keppnum. Stefna félagsins í dag er að komast á heimsmeistaramót ungkokka haustið 2010 og ætla félagsmenn að taka að sér stærri og smærri verkefni í vetur. Með þeim er ætlunin að safna fyrir ferðinni og stilla saman strengi. Stærsta verkefni hópsins hingað til var að elda fyrir árshátíð Bláa lónsins fyrr á árinu en áhugasamir geta haft samband við talsmanninn, Ylvu Helgadóttur, í síma 866-9629 eða formanninn, Bjarna Siguróla Jakobsson, í síma 849-3212.

# NÝR FJÖLSKYLDUSTAÐUR



Veitingastaðurinn Super Sub opnar að Nýbýlavegi 32 18. nóvember næstkomandi. Þar verður hægt að fá 26 gerðir af samlokum og fjórar gerðir af salati auk þess sem ísbúð er í austurenda veitingastaðarins. Á Super Sub eru sæti fyrir 57 manns, þar er rennibraut börnin og boltaland. „Það eru ekki margar ísbúðir sem bjóða upp á jafn mörg sæti og er mikill munur að geta gætt sér á ísnum innandyra í stað þess að hírast með hann úti í bíl," segir eigandinn Hjörtur Aðalsteinsson.

## EKKI KAUPA KÖTTINN Í SEKKNUM

Ferskt grænmeti er eftirsóknarvert en margir hafa eflaust komist að því eftir búðarferð að hafa keypt köttinn í sekknum og sitja uppi með skemmda vöru. Hér eru nokkur atriði til að hafa til hliðsjónar í búðinni: Agúrka skal vera dökkgræn og gljáandi. Föla og lina gúrku með blettum ætti að sniðganga. Eggaldin ætti að síga í. Létt eggaldin eru gömul. Avakado dökknar og mýkist við þroska. Hart avakado er ekki nothæft. Það þarf að gefa örlítið eftir. Blómkálshaus ætti að vera hvítur eða beinhvítur og gæta þarf vel að því að laufblöðin séu frískleg. Því stærri sem paprikan er því mildari er hún á bragðið. Hún skal vera slétt og gljáandi og laus við rispur, rákir og bletti. Því litsterkari sem gulræturnar eru því bragðmeiri. Fölar gulrætur eru bragðlausar.






# Töfrasproti




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Framleiðsla á þessu undratæki hófst í Sviss fyrir meira en 50 árum og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Bamix töfrasprotinn er nánast hljóðlaus, titrar varla og verður samstundir besti vinur þinn í eldhúsinu því hann leysir ólíkustu verkefni með stæl: þeytir, jafnar, saxar, hakkar, malar... Bamix minnir helst á svissneska vasahnífinn og dæmi eru um að hann endist áratugum saman.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is


FRAMHALD AF FORSÍÐU



Einfalt og fljótlegt eru kjörorð Katrínar, sem telur tilvalið að leyfa börnunum að taka þátt í undirbúningnum.






FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Með hugmyndaauðgi í mat og skrauti er hægt að útbúa veislu sem hittir beint í mark hjá yngstu kynslóðinni.

S

## HREKKJAVÖKUPARTÍ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

### VEISLA FYRIR LITLA VARGA
*að hætti Katrínar*

**PITSUR FYRIR PÚKA**
**Tilbúið pitsudeig**
**Tómatsósa að eigin vali**

*Skerið deig niður í nokkrar litla botna og bakið í ofni við 170 til 180° C í 15 mínútur. Þekið með tómatsósu, jafnvel Heinz-baunum, og teiknið svo andlit með kökulit svo útkoman líkist útskornum graskerum.*

**KÖKUSKRÍMSLI**
**Oreo-kexkökur**
**Hvítur glassúr, eða tilbúið krem**

*Makið glassúri eða kremi (sem fæst tilbúið í Partýbúðinni) á Oreo-kexkökurnar og teiknið á þær andlit með kökulit.*

**NORNAFINGUR**
**Súkkulaði, má vera hvítt**
**Fingraform, úr Partýbúðinni**
**Kökulitur**

*Bræðið súkkulaði í örbylgjuofni, án þess að það bulli og notið enga mjólk. Hellið svo ofan í form og látið harðna. Hægt er að lita neglurnar með rauðum kökulit.*

**OSTAPINNAR**
*Raðið ostum, vínberjum eða öðru gotteríi á sérstaka hrekkjavökupinna úr Partýbúðinnni.*

**MÚFFUR**
**Súkkulaðikökudeig, frá Betty Crocker**
**Glassúr**
**Kökulitur**

*Hrærið deig í nokkrar múffur. Hitið við 170° C hita í um það bil 15 mín., þekið með glassúr eða kremi og teiknið á það skraut með kökulit.*

*Allt skraut, litir, form og aukahlutir fást í Partýbúðinni. Svo er bara að nota ímyndunaraflið.*

### HREKKJAVÖKUPARTÍ FYRIR FULLORÐNA
*að hætti Erlu*

**HAUSKÚPUOSTABAKKI**
**Ostar, að eigin vali**
**Vínber**
**Kex, að eigin vali**

**SKINKUFINGUR**
**Skinkusneiðar**
**Rjómaostur**
**Grænn aspas**

*Smyrjið skinkusneiðar með rjómaosti. Setjið grænan aspas í miðju hverrar sneiðar og rúllið síðan upp. Geymið endana á aspasinum og notið til að búa til „neglur" á fingurna.*

**VAMPÍRUBITI**
**Ostur, til dæmis Kastali eða Brie**
**Kex, til dæmis tekex**
**Rauð paprika**
**Jarðarberjasulta**

*Skerið ost í sneiðar og setjið ofan á kex. Skerið papriku í sneiðar, sem líkjast sem mest vampírutönnum, og leggið ofan á ost. Jarðarberjasulta, sem á að minna á heilasultu, er höfð sér og sett ofan á gervihauskúpu.*

**LEÐURBLÖKURVÆNGIR**
**Kjúklingavængir**
**Grillsósa**

*Eldið kjúklingavængi í grillsósu og raðið á disk, tveimur og tveimur saman svo þeir líkist leðurblökuvængjum.*

**HLAUP**
**Hlaup (rautt jello)**

*Skellið hlaupi í form. Ég notaði hlaup sem er afsteypa af andliti Alberts Einstein og tyllti svo undir það lítilli seríu.*

**FERSKT BLÓÐ**
**Trönuberjasafi (eða grenadine og þá út í áfenga drykki)**

*Hellið safa í glös og út í ísmola, sem innihalda hauskúpur, rifbein eða beinlegg eða þurrís úr Partýbúðinni, en þá rýkur úr glösunum hálfgerð þoka.*



**BREIÐHOLTSDAGAR** standa fram á sunnudag. Breiðhyltingar gera sér glaðan dag með ýmsu móti en þar má helst nefna fjölmenningardagskrá í Gerðubergi á laugardag og sunnudag frá 13 til 17. Yfirskrift dagskrárinnar er Litrík menning – gagnkvæm miðlun. www.gerduberg.is






Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

UWAGA KIEROWCY
Kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 30pazdziernika o godz 18.00. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 5670300

Eirberg
Örugg pökkun
í þínum höndum
- okkar sérgrein!
STERIKING
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25




Fjóla og barnabörnin Jóhanna Steina og Kristín undirbúa markaðinn sem haldinn verður á Skólavörðustígnum á morgun og sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Amma og barnabörnin safna fyrir húsi í Tógó

**Fjóla Magnúsdóttir í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg stendur ásamt tveimur barnabörnum sínum fyrir markaði í dag og á morgun. Ágóðinn rennur til styrktarfélagsins Sóleyjar og félaga sem styður við fátæk börn í Tógó.**

„Í sumar komu til mín barnabörnin mín þær Jóhanna Steina Matthíasdóttir og Kristín Ingadóttir sem eru átta og níu ára gamlar. Þær langaði til að halda markað fyrir utan búðina mína,“ segir Fjóla Magnúsdóttir, eigandi Antíkhússins á Skólavörðustíg. „Ég tíndi til einhverja smámuni og þar sátu þær og seldu fyrir níu þúsund krónur. Þá ákváðum við að setja peninginn inn á bankabók fyrir fátæku börnin í Tógó,“ segir Fjóla. Ástæðan var sú að Fjóla þekkir vel til Öldu Lóu Leifsdóttur sem starfrækir styrktarfélagið Sóley og félaga og vinnur með nunnu að nafni Victo til stuðnings samfélagshjálp hennar í bænum Aneho í Tógó í Afríku.

Stúlkurnar litlu héldu annan markað fyrir utan búð ömmu sinnar á Menningarnótt. „Þær sátu frá klukkan tvö um daginn og langt fram á kvöld og seldu fyrir 32 þúsund krónur,“ segir Fjóla stolt af stelpunum sínum.

Nú ætla þær að bæta um betur og halda enn stærri markað í lausu húsnæði við hliðina á Antíkhúsinu í dag og á morgun. Það á vel við enda verður þá einnig árlegur Kjötsúpudagur á Skólavörðustígnum sem ávallt er haldinn í kringum vetrardaginn fyrsta. Á markaðnum verður ýmislegt á boðstólum. Þangað koma þeir sem standa að Sóleyju og félögum og selja vörur úr geymslum sínum og Fjóla leggur einnig til smámuni úr sinni verslun.

En hvað á að gera fyrir peningana sem safnast? „Nú er verið að safna fyrir húsbyggingu handa börnunum í Tógó sem eru um sextíu talsins. Búið er að teikna húsið og fá lóð undir það og nú vantar bara fjármunina til að hefjast handa,“ útskýrir Fjóla og vonast eftir sem flestum á Skólavörðustíginn um helgina.

Kjötsúpa verður í boði á fjórum stöðum á stígnum í dag. Einnig verða uppákomur við hinar ýmsu verslanir. Fjóla hefur fengið Margréti Pálmadóttur og stúlknakór hennar til að syngja klukkan 13 og Böðvar Magnússon harmoníkuleikari spilar fyrir gesti og gangandi klukkan 14 við Antíkhúsið.

„Það hefur alltaf verið gríðarleg stemning í götunni á fyrsta vetrardag. Fólk er að heilsa vetri, þakka fyrir gott sumar og gera sér glaðan dag með börnunum sínum,“ segir Fjóla. Markaðurinn stendur frá klukkan 12 til 17 bæði laugardag og sunnudag.

*solveig@frettabladid.is*


Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk
Mundu eftir að finna
besta verðið
áður en þú kaupir þér dekk
-15%
AFSLÁTTUR
Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð
ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14
BÍLKÓ
BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins



**ROPE YOGA SETRIÐ** og veitingastaðurinn Gló í Listhúsinu í Laugardal verða með opið hús í dag frá klukkan 13 til 15. Allir eru velkomnir í spjall og glóandi léttar veitingar.



Þjóðahátíð á Egilsstöðum árið 2004 en þar voru drengir með kynningu frá S-Afríku.

# Þjóðahátíð haldin á Vopnafirði

**Þjóðahátíð Austfirðinga verður haldin á Vopnafirði í dag. Á Vopnafirði býr fólk frá tólf löndum utan Íslands.**



Fagurlega skorin melóna á Þjóðahátíð á Fáskrúðsfirði árið 2007.

Líkt og fagurt málverk er gert úr fjölda penilstroka stendur fjöldi samheldins en ólíks fólks að góðu samfélagi. Þjóðahátíð Austfirðinga verður haldin í fimmta skipti á laugardaginn í Vopnafjarðarskóla á Vopnafirði. Þar verður kynning á þeim þjóðum sem byggja Vopnafjörð en í þessu litla bæjarfélagi býr fólk frá tólf löndum utan Íslands.

„Það kemur á óvart hve margir í þessu bæjarfélagi eru aðfluttir,“ segir Hrund Snorradóttir, formaður Vopnafjarðadeilda Rauða kross Íslands. Hún segir fólk samlagast samfélaginu vel enda fagni samfélagið framlagi þess. Þjóðfélagsbreytingar á Vopnafirði hafi því tekist fremur vel og ekki sé ætlunin að láta þar staðar numið.

Þjóðahátíðin er haldin undir slagorðinu „Byggjum betra samfélag“ en með því segir Hrönn að ætlunin sé að hvetja til umræðu um hvernig gera megi gott samfélag betra um leið og tekist sé á við þjóðfélagbreytingar í tengslum við aukinn fjölda innflytjenda. Hátíðin hefst klukkan eitt með opnunarathöfn og stendur til klukkan fjögur. Hrönn segir fjölbreytt skemmtiatriði verða flutt og verðlaunaafhending í teiknisamkeppni grunnskólabarna veitt. Eftir opnunina verður kynning á þjóðunum tólf sem byggja Vopnafjörð og kynna þar íbúar svæðisins nokkra áhugaverða þætti úr menningu þess.

# Nóg af fallegum konum sem bíða eftir dansherra

**Árlegt kjólaball Heimilistóna verður haldið í Iðnó í kvöld. Ólafía Hrönn Jónsdóttir, leikona og meðlimur söngkvintettsins, segir aðsóknina ávallt hafa verið góða enda sé fólk svo ánægt að fá að dansa.**



Dansgestir munu verða varir við breyttar áherslur hjá Heimilistónum á ballinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er einhver tónn og taktur hjá okkur Heimilistónunum sem hittir fólk beint í hjartað og fæturna. Það ríkir ofboðsleg gleði á böllum hjá okkur,“ segir Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona og meðlimur í hljómsveitinni Heimilistónum. Hið árlega kjólaball sveitarinnar verður haldið í Iðnó í kvöld klukkan 23.00, en húsið opnar um klukkan 21.00.

Þetta er fimmta árið í röð sem kjólaballið er haldið, alltaf á sama stað, í Iðnó. Ólafía Hrönn segir gamla leikhúsið henta einkar vel fyrir ball af þessu tagi. „Það er allt svo flott hérna og reisn yfir staðnum. Þessi böll hafa verið svakalega vel sótt í gegnum tíðina og aðsóknin eykst með hverju árinu. Almennt er fólk bara svo ánægt með að fá að dansa. Hingað kemur fólk úr öllum áttum og drekkur í sig stemninguna,“ segir Ólafía og bætir við að laufléttur gamaldags bragur sé á kjólaböllum Heimilistóna. „Allir eru prúðbúnir, það er boðið upp í dans og þar fram eftir götunum. Við viljum hvetja karlmenn sérstaklega til að láta sjá sig í kvöld. Kvenfólkið hefur hingað til verið duglegra að mæta, en hér verður nóg af fallegum konum sem bíða hreinlega eftir að verða boðið upp í dans.“

Heimilistónar hafa verið starfandi í tólf ár og hafa hingað til sérhæft sig í erlendum lögum frá fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Að sögn Ólafíu munu gestir kjólaballsins í kvöld verða vitni að breyttum áherslum hjá sveitinni. „Við verðum með eitthvað af nýjum lögum sem eru flest frá áttunda áratugnum. Svo laumum við nokkrum frumsömdum lögum inn í dagskrána, en lög eftir okkur sjálfar verða einmitt uppistaðan á næstu plötunni okkar. Við spilum líka nokkur glæný lög eins og Rehab með Amy Winehouse, sem í okkar meðförum hljómar eitthvað á þessa leið: „Þeir reyna að láta mig í meðferð, en ég segi nei, nei, nei,“ raular Ólafía, en eitt aðalsmerki Heimilistóna um árin hafa verið nákvæmar þýðingar á erlendum dægurlagatextum.

Ólafía lofar því að mikið verði um dýrðir á ballinu. „Síðustu árin höfum við alltaf verið með leynigest sem treður upp með okkur. Í fyrra var Helgi Björns leynigestur og þar áður Stefán Hilmarsson.

Það verða líka fleiri óvæntar uppákomur og ekki má gleyma gógó-dönsurunum. Þess má geta að par sem dansar hjá okkur í kvöld byrjaði saman á kjólaballinu okkar í fyrra. Þannig að ef einhverjir byrja saman í kvöld væri gaman að fá það par til að dansa hjá okkur á næsta ári,“ segir Ólafía.

*kjartan@frettabladid.is*




Bíladagar Fréttablaðsins!

**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Bíladagar – markaðstorg með bíla




Hornfirsku söngvararnir fara á kostum í Poppi og kóki. Hér eru það Hafþór Imsland, Maríanna Jónsdóttir, Svava Mjöll Jónasdóttir og Anna Kristín Hauksdóttir. Við hljóðfærin eru Heiðar Sigurðsson og Bjartmar Ágústsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Stuð hverja helgi

**Þriðja sýning Hornfirska skemmtifélagsins á Poppi og kóki verður í kvöld á Hótel Höfn.**

Á sýningunni troða skemmtikraftar upp í hinum ýmsu gervum og flytja þekkt lög úr kvikmyndum við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara. „Það er bara brjálað stuð um hverja helgi og ekkert lát á því,“ segir Heiðar Sigurðsson, tónlistarstjóri sýningarinnar, þegar slegið er á þráðinn austur. „Hingað til hafa myndast biðlistar og eins og staðan er núna held ég sé uppselt á allar sýningarnar nema kannski þá síðustu sem fyrirhuguð er 7. nóvember. Svo eru tvær skólasýningar í næstu viku.“

Sýningar Skemmtifélagsins hafa verið fastur liður á Hótel Höfn á haustin og Popp og kók er sú áttunda í röðinni. Gestir hennar byrja á að gæða sér á þriggja rétta málsverði, síðan hefst sýningin og að lokum er dansað við dúndrandi undirspil heimamanna. *- gun*

# Spila á gömul hljóðfæri

**Spilmenn Ríkínís halda tónleika í Landnámssetrinu í Borgarnesi í dag klukkan 16.**

Spilmenn Ríkínís er fjölskylduhljómsveit sem sérhæfir sig í því að flytja tónlist úr íslenskum bókum og handritum með hljóðfærum sem vitað er til að voru á Íslandi fyrr á öldum. Þetta eru hljóðfæri á borð við langspil, symfón, gígju og hörpu.

Á tónleikunum í Landnámssetrinu í dag leika Spilmenn Ríkínís lög af nýútkomnum geisladiski í bland við annað efni.



Spilmenn Ríkínís leika af fingrum fram í Landnámssetrinu í dag klukkan 16.



Fulltrúar í sýninganefnd frá vinstri: Margrét Jónsdóttir, Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir, Anna María Sveinbjörnsdóttir, Lovísa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eilífðartáknið mótað

**Hringur á fingur heitir samsýning Félags íslenskra gullsmiða sem opnar í Aðalstræti í dag. Þar gefur að líta allt frá klassískum til framúrstefnulegra hringa frá nýútskrifuðum gullsmiðum og allt upp í heiðursfélaga.**

Í tilefni af 85 ára afmæli Félags íslenskra gullsmiða opnar samsýning félagsmanna í fógetahúsinu í Aðalstræti 10 klukkan fjögur í dag. Titill sýningarinnar er Hringur á fingur en þar má sjá allt frá hefðbundnum til framúrstefnulegra hringa.

„Við ákváðum að einbeita okkur að einum hlut og varð hringurinn fyrir valinu enda er hann sterkt tákn fyrir gullsmíði og hefur mikla söguskírskotun langt aftur í tímann," segir Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir, eigandi Aurum og fulltrúi í sýningarnefnd.

Alls taka 27 gullsmiðir þátt í sýningunni en þeir eru allt frá því að vera nýútskrifaðir og upp í heiðursfélagann Jens Guðjónsson. Hringarnir eru yfir fjörutíu talsins. „Þetta eru bæði klassísk og framúrstefnuleg verk og má sjá húmor, litadýrð og ólíkri efnisnotkun bregða fyrir," segir Guðbjörg.

Á opnuninni í dag mun gullsmiðurinn Dóra G. Jónsdóttir afhenda fyrstu fundargerðarbækur Félags íslenskra gullsmiða Þjóðskjalasafninu til varðveislu, en félagið er á meðal elstu starfandi fagfélaga á landinu. Auk þess fjallar Sigurður Pálsson rithöfundur um hringinn í víðum skilningi. „Samhliða sýningunni hérna heima var okkur einnig boðið að sýna ljósmyndir af hringunum í nýju safni í Winnipeg í Kanada sem heitir The New Icelandic Heritage Museum. Sú sýning opnaði laugardaginn 17. október síðastliðinn og var Reynir Már Ásgeirsson, formaður félagsins, viðstaddur opnunina. Sýningin í fógetahúsinu stendur til 22. nóvember. *vera@frettabladid.is*




Hér má sjá framlag Jens Guðjónssonar heiðursfélaga Félags íslenskra gullsmiða.

Guð blessi Ísland stendur á þessum hring eftir Örnu Arnardóttur.




Þjóðminjasafnið er frábær viðkomustaður fjölskyldunnar sem skellir sér í helgarrúnt um bæinn. Fyrir utan meginsýningar safnsins er þar einnig að finna skemmtilega sýningu sem heitir Foldarskart. Þar sýnir Harpa Jónsdóttir sérstæðar húfur sínar fram til 9. nóvember. Þjóðminjasafnið er opið frá 11 til 17 alla daga í vetur nema mánudaga, en þá er lokað.

www.natmus.is

Allra veðra kápur
20% afsláttur



BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Auglýsingasími
512 50 50

Rope Yoga
Námskeið hefjast 26. og 27. október október



www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419



Fallega jólaskeiðin frá Ernu

ERNA
Skipholti 3

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Kúrakkar eru skinnbátar frá Vesturströnd Írlands.

# Talið að papar hafi siglt á kúrökkum

**Agnar Jónsson skipasmiður verður með leiðsögn um sýninguna Kúrakkar – Skinnbátar frá Vesturströnd Írlands í Gerðarsafni sunnudaginn 25. október klukkan 15.**

Kúrakkar (currachs) eru sérstök tegund skinnbáta og eru enn í dag notaðir við vesturströnd Írlands. Þessir ævafornu bátar eru á margan hátt frábrugðnir öðrum bátum. Í fornbókmenntum Íra er að finna margar frásagnir af ferðalögum á skinnbátum. Þekktust er sigling heilags Brendans líklega frá 9. öld. Talið er að frásögnin lýsi ferð til Norður-Ameríku. Líklegt þykir að papar, hinir írsku einsetumenn, sem hér voru fyrir þegar norrænir menn námu land, hafi siglt hingað út á slíkum skinnbátum.

Á sýningunni í Gerðarsafni eru fjórir kúrakkar. Þar er saga bátanna rakin með myndum og texta á spjöldum. Á morgun sunnudag klukkan 15 mun Agnar Jónsson skipasmiður leiða gesti um sýninguna. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

## Ungar konur læra að skipta um dekk

HÁTÍÐIN VALKYRJUR VERÐUR HALDIN Í HINU HÚSINU Í DAG FRÁ 12 TIL 17. MARKMIÐIÐ ER AÐ FAGNA FJÖLBREYTILEIKA STELPNA.

Hátíðin Valkyrjur í Hinu húsinu er opin öllum konum á aldrinum 16 til 25 ára. Markmiðið er að fagna fjölbreytileika stelpna, vinna gegn þeirra eigin staðalímyndum og benda á að stelpur geta verið mjúkar, harðar, töffarar, dömur, artí, skvísur, pæjur, femínistar eða allt í bland.

Boðið verður upp á nokkrar opnar skemmur sem ekki þarf að skrá sig í. Þar er hægt að læra allt frá því að skipta um dekk og prjóna upp í það að skipta um rafmagnskló og nota borvél. Einnig verða kynningar frá Evrópu unga fólksins, Dale Carnegie og UNIFEM á Íslandi. Dagskránni lýkur klukkan 17.



Á hátíðinni Valkyrjur í Hinu húsinu geta stúlkur á aldrinum 16 til 25 ára lært ýmislegt nytsamlegt.

## Starfsmenn óskast í standsetningu á bílum í Keflavík

Starfið er fólgið
í blettun, mössun og smáviðgerðum

AVIS Budget

**Viðkomandi þarf að hafa:**
- Gilt ökuskírteini
- Hreint sakavottorð
- Sjálfstæð vinnubrögð og gott frumkvæði
- Drifkraft og metnað til að ná árangri í starfi

**Umsóknir sendist á atvinna@alp.is**
**fyrir 29. október**



## OKKUR VANTAR VERSLUNARSTJÓRA !

Erum að leita að öflugum verslunarstjóra í verslun okkar, GS SKÓR, Kringlunni.

Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Umsóknir og frekari upplýsingar veitir Helga Þóra Árnadóttir, helga@ntc.is

www.ntc.is

gs skór

## Spennandi skrifstofustarf

Nýtt íslenskt fyrirtæki á heilsuvörumarkaði óskar eftir starfsmanni í fullt starf á skrifstofu. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði, geta unnið sjálfstætt, hafa sterka þjónustulund og góða samskiptahæfileika. Reynsla af skrifstofustörfum og góð tölvukunnátta er nauðsynleg.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf strax. Umsóknir sendist á netfangið info@mysecret.is fyrir 28. október n.k.

My Secret




## Vélfræðingar í málmvinnslu

**Við leitum að vönum vélfræðingum til að hafa vélumsjón með víravél í steypuskála. Ársframleiðsla vélarinnar á að geta orðið um 90.000 tonn af álvírum sem notaðir eru í háspennustrengi. Unnið er á tólf tíma vöktum og laun eru samkvæmt samkomulagi.**

### Ábyrgðarsvið:
- Vélgæsla við álvíraframleiðslu
- Samskipti við aðra starfsmenn á víravél
- Velferð búnaðar á víravél
- Bilanagreining og viðgerðir
- Þjálfun og fræðsla

### Hæfniskröfur:
- Vélfræðimenntun
- Reynsla af flóknum vélasamstæðum knúnum vökva, lofti og rafmagni
- Vilji til að leita stöðugra umbóta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sterk öryggisvitund
- Góð enskukunnátta

**Frekari upplýsingar veitir Elísabet S. Arndal, hjá Alcoa Fjarðaáli í síma 470 7700 eða 843 7801, netfang: elisabet.arndal@alcoa.com.**

**Umsóknir óskast fylltar út á alcoa.is og sendar inn ásamt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember.**

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is
ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 47720 10/09

## Vaktstjóri gestamóttöku

**Verksvið**
- Inn- og útskráning gesta
- Ábyrgð á daglegum rekstri gestamóttöku
- Ábyrgð á þjálfun nýs starfsfólks

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í gestamóttöku er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur mál er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt og undir álagi
- Góð þjónustulund og jákvæðni
- Áreiðanleiki og stundvísi

Umsóknir sendist til gestamóttökustjóra, Snorrit@icehotels.is fyrir 28. október.

## Þjónn

**Verksvið**
- 70% starf sem þjónn við morgun- og hádegisverð
- Almenn þjónusta við gesti hótelsins

**Hæfniskröfur**
- Faglærður þjónn eða mikil reynsla
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og reglusemi
- Íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

Starfið er laust nú þegar. Vinnutími er 06.00 -14.00 yfir vetrartímann en 04.00-12.00 yfir sumartímann.

Umsóknir sendist til þjónustustjóra, hrafnhildurst@icehotels.is fyrir 28. október.

Hilton Reykjavík Nordica er með 252 glæsileg herbergi, fjölbreytta veitinga- og ráðstefnuaðstöðu ásamt einum besta veitingastað landsins, VOX.

Hilton Reykjavík Nordica er rekið af Flugleiðahótelum ehf. sem er hluti af Icelandair Group.

Hilton Reykjavik Nordica

# Stærri og betri VAKA óskar eftir starfsfólki

## Þjónusta í verslun

Starfssvið er sala og afgreiðsla á notuðum bílapörtum í verslun. Skilvirk símsvörun og góð þjónustulund er mikilvægur hluti af starfinu.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af bílaviðgerðum og/eða menntun í bifvélavirkjun
- Haldgóð tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta.
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Stundvísi og snyrtimennska.

## Úrvinnsla bíla

Við úrvinnslu bíla eru öll spilliefni losuð á viðurkenndan hátt og nothæfir bílapartar teknir úr.

**Hæfniskröfur:**

- Góð íslenskukunnátta.
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Öguð vinnubrögð.
- Stundvísi og snyrtimennska.

**Aðeins reyklausir einstaklingar koma til greina í störfin.**

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins og er í örum vexti. Félagið rekur öflugt dekkjaverkstæði, viðgerðaverkstæði, bílapartasölu, dráttarbílaþjónustu og úrvinnslu bíla auk þess að vera með uppboð á vegum sýslumanna. VAKA er nýflutt í glæsilega aðstöðu að Skútuvogi 8 þar sem öll starfsemi félagsins fer fram.

Áhugasamir geta sótt um störfin á heimasíðu félagsins, **www.vakahf.is** eða sent póst á **starf@vakahf.is**

VAKA ... á verði fyrir þig!



# Rekstrarstjóri

Sjávarkjallarinn leitar eftir metnaðarfullum rekstrarstjóra til að stýra einum besta veitingastað landsins.

**Starfssvið**

Daglegur rekstur á veitingastað
Gæðamál þjónustu
Starfsmannamál
Náið samstarf og samskipti við stjórnendur

**Hæfniskröfur**

Framúrskarandi mannleg samskipti
Reynsla og góður árangur af veitingarekstri skilyrði
Sveinspróf í framreiðslu skilyrði, meistarapróf kostur
Heiðarleiki, metnaður og frumkvæði

Vinnutími er óreglulegur en gert er ráð fyrir vinnu aðra hverja helgi

Sjávarkjallarinn sérhæfir sig í metnaðarfullri fusion matargerð og er best þekkt fyrir Exotic matseðilinn sinn.

Umsóknir berist til: http://umsokn.foodco.is

STOFA 53

sjávarkjallarinn seafood cellar restaurant

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

## STARFSMAÐUR ÓSKAST!

Frystikerfi ehf. Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmenn til alhliða vinnu við kæli og frystikerfi.

Reynsla af kæli og frystikerfum æskileg eða önnur reynsla sem gæti nýst í starfi.

Áhugasamir sendi umsóknir á frystikerfi@frystikerfi.is merkt: Atvinna.

## STARFSMAÐUR ÓSKAST

Veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg leitar eftir starfsmanni til að vinna í morgunmat og hádegisverði. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í þjónustu, árrisull og með mikla þjónustulund. Góð íslensku og ensku kunnátta skilyrði. **Nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða í tölvupósti info@silfur.is**

LEIKSKÓLINN KJARRIÐ

## Sérkennsla – atferlisþjálfun einhverfs barns í leikskóla

Leikskólinn Kjarrið í Kópavogi vill ráða starfsmann til atferlisþjálfunar og sérkennslu fjögurra ára drengs með dæmigerða einhverfu.

Sérstaklega er óskað eftir fagfólki með menntun sem nýtist í slíku starfi, s.s. leikskólasérkennara, þroskaþjálfa eða aðra þá menntun og reynslu sem nýst gæti í starfinu.

Fyrirspurnum um starfið má senda á netfanginu johanna@kjarrid.is

Nánari upplýsingar gefa Alda K.Helgadóttir sérkennslustjóri, s: 554 3940 og 869 4637 og Jóhanna Thorsteinson leikskólastjóri s: 863 9111.

Umsóknarfrestur er til 30. október.

## HÓTELSTJÓRI

**Óskum eftir að ráða öflugan hótelstjóra fyrir hótel í miðbæ Reykjavíkur.**

Hótelið hefur sérstöðu á markaði og er einstaklega glæsilegt.

Leitað er að dugmiklum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Þarf að hafa mikinn metnað til að ná árangri í starfi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Áhugasamir hafi sendi póst á box@frett.is fyrir 30 okt. merktan „Hótelstjóri-333".

HJARTAVERND

# Viltu vinna með hjartanu?

Hjá Hjartavernd starfa um 40 starfsmenn, m.a. læknar, lífeindafræðingar, líffræðingar, tölfræðingar, geislafræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og fólk úr ýmsum öðrum starfsstéttum.

Starfsmenn Hjartaverndar vinna að fjölbreyttum verkefnum, eins og við Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, við áhættumat, á rannsóknarstofu, við myndgreiningardeild, á skrifstofu, við fræðslumál og við úrvinnslu gagna.

Núna leitum við að starfsmönnum í eftirtalin störf til að koma og starfa með okkar frábæra starfsmannahópi.

**Starfsmaður á skrifstofu:**

- Úthringingar og bréfasamskipti
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**

- Mjög góð samskiptahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni í vinnubrögðum

**Geislafræðingur:**

- Myndataka
- Úrvinnsla mynda

**Hæfniskröfur:**

- B.S. geislafræði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Nákvæmni í vinnubrögðum

**Gagnagrunnssérfræðingur:**

- Vinna við gagnagrunna
- Samantekt gagna

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af Oracle
- Góð þekking á gagnagrunnum
- Reynsla af SQL og PL/SQL forritun

TALENT RÁÐNINGAR | Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með störfunum og uppl. veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is
Uppl. um starf geislafræðings veitir Sigurður Sigurðsson sviðsstjóri myndgreiningar kl. 9-11 í síma 5351800

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

## Líflegur, framandi, spennandi, ögrandi,

ef þú finnur að einhvað af þessu eigi við þig þá ert þú manneskjan sem við leitum að.

Græni Risinn er nýr heilsuréttastaður með ferskleikann að leiðarljósi, okkur vantar rétta fólkið með okkur og leitum að fólki í eftirfarandi stöðugildi, þjónustu í sal, afgreiðslu, bökubakstur og matreiðslu.

Reynsla er ekki skilyrði en hjálpar auðvitað til, ef þú er áhugasamur og hress persóna þá skiptir það meira máli en reynslan, allur aldur og þjóðerni velkomin.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á staðnum frá kl. 09:00 - 15:00.

**GRÆNI RISINN**
HEILSUSETUR
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR, SÍMI 533 6300

## KÓPAVOGSBÆR

### Smáraskóli

Virðing - Vöxtur - Viska - Víðsýni

**Þurfum að bæta við fólki í okkar frábæra og samheldna hóp starfsmanna.**

- **Umsjónarkennari í 7. bekk og enskukennsla á mið- og elsta stigi** (Afleysing vegna barnsburðarleyfis frá 2. nóvember út skólaárið – 100%)
- **Stuðningsfulltrúi** (75%)

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 30. október 2009.

Upplýsingar gefur skólastjóri Friðþjófur Helgi Karlsson í símum 515-5900/ 863-6810. Einnig má senda fyrirspurnir á *fhk@kopavogur.is.*

***www.kopavogur.is og job.is***

## Við auglýsum eftir verslunarstjóra á nýjan Subway stað í Reykjavík

***Subway leitar að verslunarstjóra í 100% starf.***
Um er að ræða dagvinnu og býður starfið upp á sveigjanleika í vinnutíma.
Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, jákvæðir og eiga gott með að vinna með ungu fólki.
Æskilegur aldur er 25-50 ára.

Starfið felur í sér að þjálfa og stjórna ungu starfsfólki, skipuleggja vaktir, panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavini.

**Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma 530 7004**
Umsóknareyðublað finnur þú á www.subway.is.




## STARFATORG.IS

### Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Lög-, viðskipta- eða hagfræðingur | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 200910/040 |
| Sviðsstjóri | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 200910/039 |
| Sérfræðingur | Nefnd um vist- og meðferðarh. | Reykjavík | 200910/038 |
| Eftirlitsmaður | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 200910/037 |
| Deildarlæknir við lyflækningadeild | St. Jósefsspítali, Sólvangur | Hafnarfjörður | 200910/036 |
| Heilsugæsluritari | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 200910/035 |
| Sérfræðingur | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 200910/034 |
| Starfsmaður | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 200910/033 |
| Starfsfólk | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 200910/032 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 200910/031 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi | Stykkishólmur | 200910/030 |
| Forstjóri | Bankasýsla ríkisins | Reykjavík | 200910/007 |
| Stjórnarráðsfulltrúar | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 200910/029 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**




## Starfsmaður óskast

### Húsasmiðjan leitar að starfsmanni á kassa í Skútuvogi

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund, áhugi og metnaður
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
- Gott vinnuumhverfi
- Skemmtilegur vinnustaður með samhentum hópi starfsmanna

**Ábyrgðarsvið:**
- Afgreiðsla og samskipti við viðskipavini

**Annað:**
- Þarf að geta hafið störf fljótlega

**Atvinnuumsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur, starfsmannadeild, Holtagörðum við Holtaveg 104 Reykjavík eða á netfangið gudrunk@husa.is fyrir 30.10.09
Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Húsasmiðjunnar: www.husa.is.**

**Fyrir alla**
**Húsasmiðjan hvetur alla áhugasama að sækja um.**
**Heilsuefling**: Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.
**Viðskiptakjör**: Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.
**Húsasmiðjuskólinn**: Við rekum skóla sérstaklega fyrir starfsmenn. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.
**Starfsmannafélag**: Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

**Um Húsasmiðjuna**
Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.
Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 700 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# Hárgreiðslustofa til sölu!

Vegna barneigna og óviðráðanlegra aðstæðna er til sölu 4 stóla hárgreiðslustofa í 101 Reykjavík. Lítill rekstrarkostnaður og frábær staðsetning.
Frábært rekstrartækifæri, „gott verð“.

Upplýsingar í síma 822 1622 og 866 7439



## Waldorfleikskólinn Ylur

Lítill einkarekinn leikskóli í guðsgrænni náttúrunni, óskar eftir skapandi og hjartahlýjum leikskólakennara.
Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með samskipti, geta unnið sjálfstætt og hafa góða yfirsýn.
Þekking og/eða áhugi á Waldorf-uppeldisfræði Rudolf Steiner er nauðsynleg.
Uppl. í s. 5874499 milli kl.9 og 15
Umsókn sendist á waldorf@simnet.is



» Ráðningarþjónusta

# Ert þú í atvinnuleit?

Leyfðu okkur að aðstoða.



Skráðu þig á www.hhr.is.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskislóð 81 • 107 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

A

ATÓMSTÖÐIN auglýsir eftir vefforritara til að bætast í hóp okkar skemmtilega starfsfólks. Atómstöðin vinnur fyrir fjöldann allan af framsæknum fyrirtækjum bæði hérlendis og erlendis á sviði veflausna. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í lifandi og krefjandi umhverfi og þjónusta fyrirtæki í fremstu röð.

**Hæfniskröfur**

Góð þekking og reynsla á:

- ASP.NET og C#
- AJAX
- MS SQL
- JavaScript
- Reynsla af þarfagreiningu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Eiga gott með að vinna í hóp

**Kostir**

- Árangursdrifni
- Tölvunarfræðingur eða sambærileg menntun/reynsla
- Þriggja ára eða lengri reynsla af forritun
- Útsjónarsemi og öguð vinnubrögð

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á job@atomstodin.is fyrir miðvikudaginn 28. október.

ATÓMSTÖÐIN Túngata 5 101 Reykjavík Sími 516 9000 www.atomstodin.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**H.S MÁLVERK**

**H.S Málverk ehf óskar eftir að ráða menn vana málningarvinnu sem allra fyrst.** Tímabundin ráðning til að byrja með. Mikill kostur ef viðkomandi hefur þekkingu á viðgerðum á sprautum og sparslvélum.

**Vinsamlegast sendið umsóknir á malverk@simnet.is**
**Frekari upplýsingar í síma: 660-0220, 660-0221og 660-0222**

**VERKTAKAR MAGNI**

**Vantar mann vanan viðgerðum á þungavinnuvélum til starfa strax. Hæfniskröfur: Bifvélavirkja- eða vélstjóramenntun og reynsla af slíkum viðgerðum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa góða samstarfshæfni.**

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: magni@magni.is**

**BORGARAHREYFINGIN**

Borgarahreyfingin auglýsir eftir dugmiklum starfskrafti til að sinna fjölbreyttu starfi. Starfið felst í að skipuleggja verkefni og viðburði, umsjón húsnæðis og vefsvæðis, reikningsskil og annað tilfallandi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með getu og vilja til að sinna ólíkum verkefnum í góðri sátt og samvinnu við félaga og stjórn BH. Viðkomandi þarf að vera vel skipulagður, skapandi og snillingur í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 3. nóvember 2009.
Umsóknum ásamt ferilskrá og ítarlegum upplýsingum skal skila á netfangið radning@borgarahreyfingin.is
Frekari upplýsingar gefur Heiða B. Heiðars í síma 8648902

**APPLE á Íslandi**

**Okkur vantar þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku okkar sem fyrst.**

Um er að ræða krefjandi og lifandi starf sem byggist á samskiptum við viðskiptavini og tæknimenn.

- Þú þarft að vera eldri en 20, snyrtilegur og stundvís
- Með framúrskarandi þjónustulund
- Vel máli farin, tungumálakunnátta er kostur
- Þekking á Navision er stór kostur
- Þekking á Apple tölvum er mikill kostur

Starfið hentar báðum kynjum - áhugasamir sendi ferilskrá ásamt helstu upplýsingum á netfangið

**umsokn@icemac.is - fyrir 30.10.09.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Íslandsbanki

# Sérfræðingar
## í Reikningshaldi og Samstæðudeild

Við leitum að einstaklingum til að starfa sem sérfræðingar í Fjárhagsdeild, annars vegar í Reikningshaldi móðurfélags og hins vegar í Samstæðudeild bankans. Í Fjárhagsdeild starfa 50 manns í fjórum deildum en þær eru Daglegt bókhald, Reikningshald, Reikningshald sjóða og Samstæðudeild.

### Helstu verkefni Fjárhagsdeildar:

- Uppgjör móðurfélags
- Samstæðuuppgjör
- Skýrslugerð til framkvæmdastjórnar
- Skýrslugerð til eftirlitsaðila
- Greining fjárhagsupplýsinga og upplýsingagjöf
- Greining innri fjármögnunar
- Viðskiptaáætlun (Business Plan)
- Áætlanagerð (Budget)
- Þróun fjárhagskerfa
- Kennsla í SAP skýrslugerðum

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta- eða hagfræði (MAcc eða sambærilegt kostur)
- Gott læsi á ársskýrslur og fjárhagsupplýsingar fyrirtækja
- Bankareynsla og reynsla af lánamálum æskileg (a.m.k. 5 ár)
- Góður talnaskilningur og bókhalds- og reikningsskilaþekking
- Þekking á íslenskum skattalögum og reynsla af áætlanagerð er æskileg
- Reynsla af verkefnavinnu og jafnvel hugbúnaðartengdum verkefnum
- Skipulagshæfni, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð kunnátta í Excel og PowerPoint, reynsla af SAP æskileg
- Góð enskukunnátta skilyrði

Nánari upplýsingar veita Elín Huld Árnadóttir, deildarstjóri Samstæðudeildar, sími 440 4663, netfang elin.h.arnadottir@islandsbanki.is, og Telma Björnsdóttir, deildarstjóri Reikningshalds, sími 440 4392.

Umsóknir óskast fylltar út á islandsbanki.is og sendar inn ásamt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 31. október næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@islandsbanki.is.



## Útboð

### 14747 - Rekstrarráðgjöf

**Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á rekstrarráðgjöf.**

Rekstrarráðgjöf er að færast í vöxt hjá hinu opinbera þar sem rekstur í stofnunum er sífellt að líkjast rekstri venjulegra fyrirtækja. Nú er tækifæri til að hagræða í ríkisrekstri og auka skilvirknina. Þörf fyrir rekstrarráðgjafa er því engu minni nú en áður.

Nánari lýsingu á umfangi útboðsins er að finna í kafla 2 í útboðslýsingu sem verður aðgengileg á vef Ríkskaupa í seinasta lagi miðvikudaginn 28. október 2009. www.rikiskaup.is

Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð þann 15. desember 2009 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sé óskað eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum, skal senda Ríkiskaupum skriflega fyrirspurn eigi síðar en 07. desember 2009. Fyrirspurnin skal merkt: Útboðsfulltrúi Ríkiskaupa v/14747 Rekstrarráðgjöf (myndsendir: 530 1414 eða netfang: **utbod@rikiskaup.is**).

Athygli er vakin á kynningarfundi sem haldinn verður að Borgartúni 7c þann 18. nóvember kl. 10:00. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið: **utbod@rikiskaup.is**

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

# Byggingavörur til sölu

Hömlur ehf. bjóða til sölu nokkurt magn af eftirtöldum vörum:

| Vöruflokkur | Lýsing |
|---|---|
| **Pfeifer** | Steypuíhlutir og festingavörur – fyrir forsteyptar húseiningar. |
| **Nassau** | Varahlutir og íhlutir í iðnaðarhurðir. |
| **Hellbergs** | Stálhurðir EI-C60 og fylgihlutir, sumt útlitsgallað. |
| **Essve** | Festingavörur. |
| **Velfac** | Gluggar og hurðir (sumt útlitsgallað), ýmsir fylgihlutir. |
| **Eurocoust** | Loftaefni, kerfisloft. |
| **Besam** | Ýmsir varahlutir og fylgihlutir í hurðir |
| **Lumon** | Svalalokanir (ósótt og útlitsgallað), varahlutir. |
| **Leschuplast** | Þéttislöngur og ídælingarefni. |
| **Potain** | Íhlutir og varahlutir í byggingakrana. |
| **Gripple** | Festingavörur. |
| **Robusta** | Steypusíló, 750-1500 lítra. |
| **Power Pads** | Kraftplattar undir vélar og tæki. |
| **Bravisol** | Vinnulyftur af gerðinni Leonardo. |
| **Kipor** | Díeselknúnar rafstöðvar (3,8-24 kW) og vatnsdælur. |
| **H-bau** | Járnabakkar, súlumót úr pappa, steypustólar, fjarlægðarklossar og margvíslegir aðrir íhlutir í steinsteypu. |
| **Geda** | Vinnulyftur og ruslarennur. |
| **Schuco** | Læsingavörur, lamir, gúmmílistar o.fl. |

Auk þessa eru til sölu ýmsar vörur frá **Kingspan Metacon, FP Alu, Hetag pap, Plettac, Abloy, Wurth, Rationel, Windowmaster, Huck, Winab, Listenfabrikken IC, Leschuplast, Comansa, MBM Multibeslag, Mage, Geda og Schuko**.

Ýtarlegur vörulisti fæst sendur í tölvupósti frá og með hádegi mánudaginn 26. október. Beiðni um slíkt skal senda á netfangið: **sala@vji.is**

Vörulistinn sýnir áætlaðar magntölur. Magn hverrar vöru verður sannreynt við afhendingu og söluverð leiðrétt til hækkunar eða lækkunar. Vörurnar verða seldar í því ástandi sem þær eru og kaupandi hefur kynnt sér. Vörunar verða seldar án ábyrgðar og skilaréttar.

Óskað er eftir tilboðum í heilan vöruflokk. Bjóða má í fleiri en einn vöruflokk. Gera skal verðtilboð í hvert og eitt vörunúmer innan vöruflokks. Vörurnar verða til sýnis í Fossaleyni 8, 112 Reykjavík, frá kl. 9 til 17 daglega. Tilboð skal senda á ofangreint netfang fyrir kl. 17.00 föstudaginn 30. október 2009. Tilboðsupphæð skal vera með virðisaukaskatti og miðast við staðgreiðslu. Hömlur ehf. áskilja sér rétt til taka hvað tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

## Tilkynningar

**Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík**

**Myndakvöld frá ferðum sumarsins verður haldið í Víkingasal Hótels Loftleiða þriðjudaginn 27. okt. n.k. kl. 20:00 .**

**Komið með ykkar myndir og góða skapið.**

**Stjórnin**

FIRMA CONSULTING

# Óháð ráðgjöf til fyrirtækja

**Firma Consulting gerir fyrirtækjum tilboð í eftirfarandi þjónustu:**

- **Kaup, sala og sameining.**
- **Verðmat fyrirtækja.**
- **Samningaviðræður, samningagerð**
- **Áætlanagerð.**
- **Fjárhagsleg endurskipulagning.**
- **Samningar við banka.**
- **Rekstrarráðgjöf.**



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

**Firma Consulting, Þingasel 10, 109 Reykjavík.**
**Símar: 820-8800 og 896-6665. Fax 557-7766**
**info@firmaconsulting.is, www.firmaconsulting.is**

**Grundarfjarðarbær**

## Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis til malarnáms

Grundarfjarðarbær auglýsir hér með eftir athugasemdum vegna væntanlegrar útgáfu framkvæmdaleyfis til malarnáms í námu merktri E8 í tillögu að aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003–2015, dreifbýlishluta.

**Lapþunnt og uppáhellt** Kaffiúrvalið er orðið svo fjölbreytt og gott að það er engin afsökun fyrir þessu lengur.

**Bringusund** Það er ekki nógu hollt fyrir mjóbakið. Syntu frekar skriðsund. Það er líka meira töff.




Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar





**STERKASTA KONA Á ÍSLANDI** Jóhönnu Eivinsdóttur Christiansen finnst allur matur góður þegar hún er svöng.

MYND/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON

# Táraðist á tónleikum

Fyrir viku tryggði hin hálffæreyska **Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen** sér titilinn Sterkasta kona á Íslandi eftir harða keppni í Vetrargarðinum. Þessi kraftmikla lögreglukona veigraði sér vitaskuld ekki við Þriðju gráðunni.

**Ertu orðin það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?** Nei, ég ætlaði að verða dýralæknir eða bóndi, en ég er sátt við starf mitt í dag.
**Andi birtist og veitir þér þrjár óskir. Hvað biður þú um?** Frið á jörðinni… nei, að þurfa ekki að svara þessu!
**Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til?** Amazon í Brasilíu.
**Bók eða bíómynd?** Bíómynd.
**Rómantísk gamanmynd eða æsileg spennumynd?** Spennumynd.
**Hvert er versta starf sem þú hefur gegnt?** Ég hef aldrei gegnt slíku starfi.
**Hvar er fallegast á Íslandi?** Í Árnessýslu.
**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Svið með rófustöppu, færeyskur matur og flestallur venjulegur heimilismatur. Mér finnst allur matur góður þegar ég er svöng.
**Ef þú byggir ekki í Þorlákshöfn, hvar myndirðu vilja búa?** Á sveitabýli rétt fyrir utan Reykjavík en af útlöndum í Brasilíu.
**Hvenær táraðist þú síðast?** Á sinfóníutónleikum um daginn, Píanókonsert Tsjajkovskíjs, þar sem einleikarinn Sergio Tiempo var að spila.
**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Fékk rosalegt hláturskast um kvöldið eftir keppnina Sterkasta kona Íslands. Var þá í góðra vina hópi á veitingastað.
**Uppáhaldsorðið þitt?** Hrikaleg!
**Hvað myndi fullkomna líf þitt?** Að eignast mína eigin fjölskyldu.
**Er til meðfædd illska eða er þetta bara uppeldið?** Uppeldið.
**Hver er leiðin út úr kreppunni?** Að setja mig í ráðherrastólinn.
**Hvað er næst á dagskrá?** Stanslausar æfingar með Gemmu Magnússon, sterkustu konu Bretlands, í SúperGym. Við stefnum á keppnina Sterkasta kona heims, sem verður haldin í Bandaríkjunum í mars.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN OG HVAÐ ERTU KÖLLUÐ:** Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen. Hef ekki verið kölluð annað en Jóhanna, held að menn þori ekki að kalla mig öðru nafni eða einhverju viðurnefni.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST ÞÁ:** 1980. þá fæddist ég, en Alfred Hitchcook og John Lennon létust. Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst allra kvenna í heiminum til að vera kjörin í það embætti.

**LÍFIÐ Í HNOTSKURN:** Kláraði grunnskólann en gafst upp í menntaskóla. Var skiptinemi í Brasilíu. Prófaði ýmis störf, vann á svínabúi, í mjólkurbúi, í Hampiðjunni, hjá Landhelgisgæslunni, við aðhlynningar og fleira. Byrjaði í afleysingum í lögreglunni 2002 og lauk námi við lögregluskólann 2003. Á hefðbundnum degi vakna ég eldsnemma, sinni hundunum, fer á æfingu og mæti svo á tólf tíma vakt. Á frídegi eyði ég tíma með fjölskyldu og vinum, æfi 1-2 sinnum á dag og sinni hundunum og áhugamálum.




Algjör steik
Nýtt á Ruby Tuesday!
Girnilegur steikarseðill sem eykur matarlystina
– prófaðu alvöru steik.
RubyTuesday BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN
Höfðabakka 9 & Skipholti 19
PIPAR • SÍA • 91630

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# Opnum kl.10 í dag aftur eftir breytingar !
# Bónus Laugavegi, líka á sunnudögum!

**259**
MYLLU AFMÆLIS-SKÚFFUKAKA
380g **259 kr.**

**98**
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTEBRAUÐ **98 kr.**

**129**
EUROSHOPPER TÚNFISKUR
*VATN OG OLÍA* 185g **129 kr.**

**69**
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ 375g **69 kr**

**49**
COKE & COKE OG LIGHT
33cl **49 kr.**

**79**
EUROSHOPPER
MAÍSKORN
340g **79 kr.**

**298**
EUROSHOPPER FROSIÐ BROCCOLI
MIX 1000g **298 kr**

**974**
KJÖTBANKINN FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR,KG. 35% AFSLÁTTUR
**974 kr.kg.**

**398**
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
**398 kr.kg.**

**1198**
FROSNAR INNFLUTTAR
GRÍSALUNDIR **1198 kr.kg.**

**298**
EUROSHOPPER FROSIÐ BROCCOLI
1 KG **298 kr.**

**898**
GRÍSAVEISLU ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
**898 kr.kg.**

## NAUTA LUNDIR
ÞÝSKAR FROSNAR
UNGNAUTALUNDIR
**2998 kr.kg.**

**298**
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR **298 kr.kg.**

50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
***90 kr. 100g***

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
***90 kr. 100g***

**BILL WYMAN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1936.**

*„Ég á mér mjög skemmtileg áhugamál, eins og fornleifafræði og ljósmyndun."*

***Bill Wyman var bassaleikari hljómsveitarinnar Rolling Stones frá stofnun sveitarinnar til ársins 1992.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. OKTÓBER 1987

## *Forsíður undirlagðar Sykurmolum*

Á þessum degi árið 1987 birtust forsíðuviðtöl við hljómsveitina Sykurmolana í tveimur helstu popptónlistarblöðum Bretlands, Melody Maker og New Musical Express (NME). Þessum vikublöðum var dreift víða og seldust mjög vel, og þótti ásjóna Bjarkar Guðmundsdóttur og félaga hennar á forsíðunum bera þess vitni að óðum styttist í heimsfrægð Sykurmolanna, eða The Sugarcubes eins og sveitin kallaðist upp á ensku.

Fyrsta lagið sem Sykurmolarnir gáfu út í Bretlandi, Birthday, var valið smáskífa vikunnar í Melody Maker vikuna 23. til 30. ágúst 1987. Í kjölfarið óskaði blaðið eftir forsíðuviðtali við sveitina. Hljómsveitarmeðlimirnir fóru því utan til viðtals og myndatöku, en gáfu NME einnig færi á forsíðuviðtali. Í bók Árna Matthíassonar um Sykurmolana frá 1992 segir að starfsmenn Melody Maker hafi tryllst af reiði yfir því að sitja ekki einir að hljómsveitinni á forsíðu. Þeir hafi þó tekið gleði sína að nýju þegar þeir fengu í sárabætur þrjú hundruð eintök af smáskífunni Cold Sweat, sem þá beið útgáfu, til að dreifa meðal lesenda sinna.




## MERKISATBURÐIR

1648 Þrjátíu ára stríðinu lýkur með undirritun friðarsamninga í Münster í Vestfalíu. Samningarnir fela meðal annars í sér viðurkenningu á sjálfstæði Sviss.

1945 Sameinuðu þjóðirnar verða til sem alþjóðasamtök.

1975 Íslenskar konur leggja niður vinnu til þess að sýna fram á mikilvægi kvenna í atvinnulífinu á Kvennafrídeginum.

1975 Sjónvarpsútsendingar í lit hefjast hjá Ríkisútvarpinu.

1988 Stöð 2 stendur fyrir heimsbikarmóti í skák, sem fram fer í Borgarleikhúsinu í Reykjavík.

2003 Síðasta áætlunarflug Concorde-þotu.

## AFMÆLI



**MAGNÚS JÓNSSON** leikari er 44 ára.



**ROMAN ABRAMOVICH** kaupsýslumaður er 43 ára.



## Gullbrúðkaup

Gullbrúðkaup eiga í dag, 24. október, hjónin **Sólveig V. Þórðardóttir** frá Sölvholti og **Sigfús Kristinsson** frá Litlu-Sandvík. Þau fagna í tilefni dagsins með fjölskyldunni.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 www.mosaik.is



**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511







**SÖGUR ÚTGÁFA:** OPNAR NÝJA SKRIFSTOFU OG VERSLUN Á VESTURGÖTU

# Nágrannarnir hæstánægðir

„Þetta var ein af þessum hugmyndum sem maður veit um leið að er góð. Ég ákvað strax að kýla á þetta og útkoman er frábær. Þetta er æðislegur kontór," segir Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu. Útgáfan hefur opnað nýja skrifstofu og verslun í litlu húsnæði við Vesturgötu 19 í Reykjavík.

Tómas segir húsnæðið rýma starfsemina vel þrátt fyrir smæð, en allt í allt hefur hann 34 fermetra til umráða við Vesturgötuna. „Tengdapabbi minn hefur búið hér við hliðina í fjörutíu ár, þannig að ég þekki húsnæðið og vissi að það væri mögulegt að gera eitthvað gott úr þessu. Þegar húsnæðið losnaði úr leigu var bara hafist handa. Ég reif niður millivegg, setti upp nýjar hillur og málaði allt hátt og lágt. Svo þegar konan hafði lokið við að skella nýju betrekki á var allt tilbúið. Eitt af því sem við einsettum okkur að nýta vel er hversu mikil lofthæð er hér."

Að sögn Tómasar hefur Vesturgata 19 hýst ýmsa starfsemi um árin. „Mér skilst að fyrir fjörutíu árum hafi verið hér hannyrðabúð. Svo var Heiðar snyrtir á fullu að litgreina fólk hérna fyrir tuttugu árum, þannig að pressan er mikil á mann að standa sig," segir hann og hlær.

Fleiri forlög eru í grennd við Sögur á Vesturgötunni. Má þar til að mynda nefna Bjart, Veröld og Forlagið á Bræðraborgarstíg og Skrudduna á Eyjarslóð. Tómas segir eina vitið að koma sér fyrir í Vesturbænum. „Þetta er langbesti staðurinn. Fullt af fólki labbar hér fram hjá, kíkir inn um gluggann og lítur við í kaffi. Nágrannarnir virðast líka vera hæstánægðir með aukið líf í götunni. Nú þegar hef ég farið í klippingu hjá rakaranum hér rétt hjá og boðist að halda útgáfupartí í farfuglaheimilinu við hliðina á mér, þannig að þetta er hið besta mál."

Ekki er um hefðbundna bókaverslun að ræða í þeim skilningi að aðeins eru til sölu vörur sem Sögur gefa út. „Í og með er þetta hugsað sem kynning fyrir útgáfuna. Við vitum alveg að við keppum ekki við stóru búðirnar í sölu, en það er auðvitað ekkert að því að kíkja í heimsókn og kaupa beint af bóndanum. Það eru allir velkomnir, ég verð hérna nánast stanslaust fram að jólum," segir Tómas.

kjartan@frettabladid.is



**VESTURGATA** Starfsemin rúmast vel innan 34 fermetra, segir Tómas Hermannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Þorsteinn Kristinsson**
Hörgshlíð 20, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 20. október, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 26. október kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Frida Petersen** | |
| **Kristinn Már Þorsteinsson** | |
| **María Þorsteinsdóttir** | **Karl Sigurðsson** |
| **Ingibjörg Þorsteinsdóttir** | **Hans Jakob Beck** |
| **Ester Þorsteinsdóttir** | **Þröstur Jensson** |
| **Eyðstein Wardum** | **Súsanna S. Wardum** |
| **Alf Wardum** | **Unnur Sigurjónsdóttir** |
| **Hallur Wardum** | **Marjun F. Wardum** |
| **Klara Kristinsdóttir** | **Vignir Daníel Lúðvíksson** |

**afabörn og langafabörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,*

**Guðrúnar Láru Kjartansdóttur**
Heiðarhjalla 29, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans Kópavogi.

| | |
|---|---|
| **Bjarni Sólbergsson** | |
| **Jón Kjartan Kristinsson** | **Elsa Guðrún Jóhannesdóttir** |
| **Arnar Jónsson** | |
| **Karítas Jónsdóttir** | |
| **Kjartan Kjartansson** | **Halla Guðmundsdóttir** |
| **Kristín Kjartansdóttir** | |

# Leitað leiða til að gera Reykjavík mennskari


**MANNLÍFIÐ Í FORGANG** Magnús Geir er einn þeirra sem sátu í stýrihópi sem leituðu sóknarfæra Reykjavíkur og leiða til að nýta þau færi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mín skoðun er að mannlíf verði sett í forgang og að bílar, steypa og stórbyggingar kaffæri ekki lífið í borginni,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikstjóri Borgarleikhússins, en hann hefur setið í stýrihópi skipuðum fólki úr ólíkum geirum samfélagsins.

Hópurinn fór yfir styrkleika og sóknarfæri Reykjavíkur og útbjó hugmyndir um hvernig hægt væri að gera borgina fegurri og mannúðlegri. Farið verður yfir þessar hugmyndir á Hugmyndaþingi Reykjavíkur í Ráðhúsinu á sunnudag.

Á Hugmyndaþinginu er ætlunin að gera íbúum borgarinnar kleift að koma að stefnu og ákvörðunum í borginni. Boðið verður upp á vinnustofur þar sem íbúar geta komið eigin hugmyndum um ýmis málefni á framfæri. Yfirskriftir vinnustofanna eru meðal annarra: Í hvernig borg viltu starfa?, Í hvernig borg viltu læra?, Í hvernig borg viltu eldast? Í hvernig borg viltu leika þér?

Magnús Geir segist vilja kasta fram hugmyndum um hvernig megi gera borgina mennskari. Reykjavíkurborg sé höfuðborg landsins, í því felist styrkur en einnig ábyrgð.

„Reykjavík er ekki bara einhver borg heldur er hún höfuðborg allra landsmanna og hefur því höfuðborgarhlutverk, því hlutverki þarf að sinna með menningunni og ýmsu fleiru sem höfuðborgir eiga að bjóða upp á,“ segir hann og bendir á að Borgarleikhúsið eigi til dæmis að vera leikhús allra landsmanna sem Reykvíkingar bjóði landsmönnum upp á.

Magnús segir að síðustu ár hafi verið lögð áhersla á hraða uppbyggingu. Sem mest af byggingum hafi átt að drífa upp á sem skemmstum tíma fremur en að hlúa að því góða sem fyrir var og styrkja það. „Nú er tækifæri til að láta hlutina þróast fremur en að bylta þeim á örskotsstundu,“ segir Magnús Geir sem telur að margt gott hafi tekist vel hér í borg. Í Reykjavík séu til að mynda haldnar vinsælar hátíðir á borð við Airwaves og Menningarnótt auk þess sem mörg græn svæði séu þar sem betur megi nýta í þágu landsmanna.

Hugmyndaþingið hefst klukkan 13 og stendur til klukkan 16 á sunnudaginn. Barnahorn verður í boði fyrir börnin og verður „þingmönnum“ boðið upp á létta hressingu. **- kdk**

---



*Þökkum auðsýnda samúð vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Oddsdóttur**
Ástúni 8, Kópavogi.

**Sólrún B. Kristinsdóttir**
**Hauður Kristinsdóttir** **Magnúns Alfonsson**
**Þóra Sjöfn Kristinsdóttir**
**Anna Margrét Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Bróðir okkar og mágur,*

**Þórir Dagbjartsson**
stýrimaður og netagerðarmaður,
Bræðraborgarstíg 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu mánudaginn 26. október kl. 11.00.

**Sigrún Dagbjartsdóttir**
**Vilborg Dagbjartsdóttir**
**Páll Dagbjartsson** **Guðrún Magnúsdóttir**
**Þorleifur Dagbjartsson** **Soffía Magnúsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föðursystur okkar,*

**Ragnheiðar Karlsdóttur**
Tjarnarlundi 3f, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Bakkahlíð og Skógarhlíð fyrir góða umönnun.

**Karl Haraldsson** **Steingerður Ósk Zóphoníasdóttir**
**Haraldur Haraldsson** **Sigurlaug Bára Jónasdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu mér samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,*

**Ásgeirs Kr. Sörentsen**
Háholti 16, Hafnarfirði.

**Renate Scholz.**

---



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Jónína Steinunn Jónsdóttir**
frá Ströndum í Miðfirði, Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 21. október.

**Jón Grétar Guðmundsson** **Sesselja Ó. Einarsdóttir**
**Jóhann Örn Guðmundsson** **Guðrún Helga Hauksdóttir**
**Salóme Guðný Guðmundsdóttir** **Helgi Þór Guðmundsson**

---



*Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,*

**Sigríður Helgadóttir, Dedda,**
Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. október kl. 13.30.

**Jóhann Helgason** **Sigríður Árnadóttir**
**Sigrún Helgadóttir** **Jón Bjarnason**
**Hólmfríður Andersdóttir** **Úlfar Hauksson**

---



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kjartan I. Jónsson**
Sóleyjarrima 15, Reykjavík,

andaðist að morgni 23. október á Landspítalanum við Hringbraut eftir skammvinn veikindi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ingibjörg Ámundadóttir**
**Árni Hrafnsson** **Birna Guðjónsdóttir**
**Jóhann B. Kjartansson** **Lotte Munch**
**Margrét B. Kjartansdóttir** **Stefán H. Birkisson**
**og afabörn.**

---



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Hvammdals Sigurðssonar**
veðurfræðings.

Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Bill Jenkins**
**Helga Gunnarsdóttir** **Val Bracey**
**Ásta Kristín Gunnarsdóttir** **Oddur Björnsson**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Helgadóttir**
Borgarbraut 65, Borgarnesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 21. október.

**Gunnar Gauti Gunnarsson** **Edda Soffía Karlsdóttir**
**Guðbjörg Lilja Gunnarsdóttir**
**Sigurlaug Tanja Gunnarsdóttir**
**Árni Gunnarsson,** **Sigríður Eva Magnúsdóttir**
**Sólveig Gunnarsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir**
**Gauti, Daði og Birkir Árni.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kristrún Birgitta Kristjánsdóttir (Víp)**
áður til heimilis Hellubraut 3, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund, mánudaginn 19. október. Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 28. október kl.13.00.

**Steindór Olsen**
**Árný S. Steindórsdóttir** **Bragi Jóhannsson**
**Ásrún S. Steindórsdóttir** **Rögnvaldur Þ. Höskuldsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Marta Ármannsdóttir**
áður til heimilis Lindargötu 57,

lést á Droplaugarstöðum þann 13. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Droplaugarstöðum og innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju.

**Elín Einarsdóttir**
**Peter Ingemar Thornér**
**Frida Marta Thornér**

---



*Ástkær móðir okkar,*

**Vigdís Þorbjörnsdóttir Janger, Didí,**

lést á Hjúkrunarheimilinu í Greenwich Woods fimmtudaginn 15. október. Minningarathöfn var frá St. Catherine of Siena föstudaginn 23. október. Jarðsett verður frá Reykjavík og auglýst síðar.

**Þórdís Janger Smith**
**Siv Janger Schultz**
**og fjölskyldur.**




# Raunir B-manns 4: Bakslagið



NOKKUR ORÐ
Atli Fannar Bjarkason

Í nokkra daga í röð tókst mér að rífa mig upp á vanþakklátu rassgatinu klukkutíma fyrir vinnu. Eitthvað hlaut að klikka. Þetta var of gott til að vera satt. Ég mætti allt of snemma í vinnuna og var allt of saddur. Ég brosti líka allt of blítt til vinnufélaganna og viðmót þeirra var allt of hlýtt: Sem dæmi var þrútin æðin á enni yfirmanns míns hverfandi.

Lífið var gott. Ég fann samt á mér að eitthvað færi úrskeiðis. Mér fannst eitt óveðursský bætast við í hvert skipti sem ég skolaði fjórum vítamíntöflum niður með nýkreistum appelsínusafanum. Annað ský bættist svo við þegar ég smurði glóðheita sneið af ristuðu brauði og þegar ég skar tvær hnausþykkar ostsneiðar fékk ég hroll. Þetta gat ekki haldið áfram mikið lengur hnökralaust.



Þegar ég fór að sofa á köldum mánudegi var ég enn þá í gleðivímu eftir aðeins eitt snús um morguninn. Allt var eins og það átti að vera. Glugginn opinn, dyrnar læstar og klukkan stillt. Ég var búinn að koma mér vel fyrir í faðmi koddanna minna, sem eru gerðir úr einhvers konar latexgormum sem taka sérstaklega vel á móti höfði mínu. Þá var sængin, sem er bæði stærri og breiðari en ég, vafin utan um mig á afar vingjarnlegan hátt. Ég var eins og kínarúlla í ofni þegar ég sofnaði.

Morguninn eftir hrökk ég upp. Klukkan meira en níu og ég orðinn allt of seinn. Ég sá yfirmanninn ljóslifandi fyrir mér skrolla, titrandi af bræði, í gegnum símann í leit að nafni mínu. Ég bölvaði hversu framarlega ég er í stafrófinu og rauk af stað. Ég fékk ekkert kaffi, engan appelsínusafa, engin vítamín og ekkert brauð. Ég náði ekki einu sinni að pissa. Fyrsta bakslagið var hryggjandi staðreynd.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Slökkvibifreið til sölu
til afhendingar strax

MAN 8 / 153
nýbyggður ónotaður - árgerð 1996
Tankur: 1.600L - Dælugeta: hámark 2.000L
Farþegafjöldi: 9 - Reykköfunarstólar: 2 í ökuhúsi
160 hestöfl - beinskiptur - afturhjóladrifinn
Rafdrifin slöngurúlla - 60 m slanga með stút
Verð: 7 milljónir + vsk

Sigurjón Magnússon ehf.
Námuvegi 2 - 625 Ólafsfirði
www.smagnusson.is - s. 466-3939



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow með ábyrgð verð 80.000 tilboð 58.000
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is





Krakkadagar
hummel
20% afsláttur
af öllum fatnaði á krakkana
Kuldafatnaður og sportfatnaður
Gildir til mánudags
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 47721 10/09
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

**kl. 16.**
*Í dag opnar Ómar Stefánsson málverkasýningu á nýjum veitingastað sem heitir „46“ og stendur við Hverfisgötu 46. Á sýningunni eru 26 verk og eru flest til sölu. Ómar á að baki langan feril, bæði hérlendis og erlendis, en hann útskrifaðist úr nýlistadeild MHÍ árið 1981 og síðar úr málaradeild Klaus Fussmann í HDK í Berlín árið 1986.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Vinsæl sýning kveður syðra

Á sunnudag eru síðustu forvöð að sjá Fjölskyldusýningu Íslenska dansflokksins á stóra sviði Borgarleikhússins. Vegna mikillar aðsóknar verður aukasýning og jafnframt síðasta sýningin á sunnudag.

Fjölskyldusýning Íd er ávallt litrík og skemmtileg sýning. Að þessu sinni eru sýnd brot úr sex mismunandi verkum og kennir því ýmissa grasa á sviðinu. Meðal annars er sýnt úr verkinu The Match þar sem umfjöllunarefnið er fótbolti, kómísk saga af eldri borgurum sem endar í allsherjar matarslag úr Endastöð, Svanurinn sem er fallegur og rómantískur dúett eftir Láru Stefánsdóttur, einn af okkar reyndustu danshöfundum. Dansarar eru Emelía Benedikta Gísladóttir og Steve Lorenz.

Sýningin er ætluð allri fjölskyldunni og er markmiðið að kynna nútímadans fyrir fólki og þá sérstaklega yngri kynslóðinni. Þess vegna býður Íslenski dansflokkurinn börnum sem eru 12 ára og yngri ókeypis inn á sýninguna og 13-16 ára fá miðann á hálfvirði .

Aðra helgi verður Íslenski dansflokkurinn svo á Akureyri og sýnir í samkomuhúsinu. Verkin sem verða þar í boði eru Skekkja eftir Sveinbjörgu Þórhallsdóttur sem þau Cameron Corbett og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir dansa, en Lovísa var tilnefnd til Grímunnar 2009 sem besti dansarinn fyrir þetta verk.

Í Kvart dansa dansararnir fyrir hver annan líkt og hipp-hopparar á götum stórborga eða ættbálkar í Afríku gera. Við sjáum kraftmikinn og fagran dans við magnaða tónlist eftir finnska tónskáldið Kimmo Pohjonen sem hefur meðal annars unnið með Sigur Rós og múm. Höfundur Kvart er Norðmaðurinn Jo Strömgren. Dansarar í Kvart eru: Aðalheiður Halldórsdóttir, Cameron Corbett, Emelía Benedikta Gísladóttir, Hannes Egilsson, Katrín Á. Johnson, Katrín Ingvadóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Steve Lorenz.

Dansflokkurinn verður með tvær sýningar á Akureyri.



**LISTDANS** Fjölskyldusýningar Dansflokksins hafa gengið vel en síðasta sýning á prógramminu í Reykjavík er á sunnudag en aðra helgi verða sýningar á Akureyri. MYND / ÍD.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009

Litrík menning
gagnkvæm miðlun
Laugardag og sunnudag
24. – 25. október



**Kl. 13 - 17 Flóamarkaður** – Handverk, heimagerðar sultur, notuð föt, geymsludót og fleira til sölu.

**Kl. 13 - 17 Kynningar – Þjónustuaðilar og félagasamtök** sem höfða til íbúa af erlendum uppruna, og áhugafólks um litríka menningu, kynna starfsemi sína.

**Kl. 14.00 - 15.00 Sóla á sögubílnum Æringja** tekur á móti börnum á bókasafninu.

**Kl. 15.00 - 16.30 Umræðusmiðjur**
Listamenn af erlendum uppruna og áhugafólk um menningu miðlar af reynslu sinni. Stutt erindi og umræður á eftir.
(laugardag) Edna Mastache • Fitore Berisha • Vadim Fedorov
(sunnudag) Pétur Jónsson • Anh-Dao Tran • María Priscilla Zanoria

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa | Netfang: gerduberg@reykjavik.is
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

# BRALL OG BEISKIR DRYKKIR

**Annað kvöld frumsýnir Íslenska óperan Ástardrykkinn í bíósal Gamla bíós við Ingólfsstræti, þar sem vistarverurnar eru vanar göldrum og sögum ungra elskenda. Með helstu hlutverk fara Dísella Lárusdóttir og Garðar Thór Cortes. Átta sýningar eru ákveðnar á verkinu og langt komið að verða uppselt á þær allar.**



**LEIKLIST** Bjarni Thor og Garðar Thór með hinn görótta drykk sem óperan heitir eftir. MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

Tónskáldið Gaetano Donizetti samdi Ástardrykkinn – L'elisir d'amore – 1832 og hefur gamanóperan síðan verið ein af vinsælustu óperum tónbókmenntanna. Hún er samkvæmt vefsíðunni www.operabase.com á verkefnaskrám 33 óperuhúsa um heiminn allan á þessum vetri. Vinsældir hennar má rekja til hinnar einföldu farsa- og blekkingarfléttu sem fellur vel saman við sindrandi tónlist Donizetti en helstu hlutverk gefa flinkum söngvurum tækifæri til að sýna hvað í þeim býr, bæði í söng og ekki síður í léttum gamanleik.

Hér segir frá hinum unga Nemorino og vinkonu hans, Adinu, og sprenghlægilegum tilburðum þeirra við að ná saman. Inn í atburðarásina blandast síðan ástardrykkjarsalinn Dulcamara, herforinginn Belcore og vinkonan Giannetta, auk hóps þorpsbúa sem fylgist náið með hvernig atburðarásinni vindur fram; bellibrögðunum sem skötuhjúin beita í viðleitni sinni, vandkvæðunum sem þeim síðan fylgja og hinni sönnu ást sem að lokum fær að blómstra.

Aðalhlutverkin í Ástardrykknum syngja Garðar Thór Cortes, Dísella Lárusdóttir, en þetta er fyrsta stóra hlutverk hennar á íslensku sviði, Bjarni Thor Kristinsson, Ágúst Ólafsson og Hallveig Rúnarsdóttir, en Þóra Einarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson syngja einnig í sviðsetningu Ágústu Skúladóttur á sýningatímabilinu. Listrænir stjórnendur auk Ágústu eru Guðrún Öyahals leikmyndahönnuður, Katrín Þorvaldsdóttir búningahönnuður, Páll Ragnarsson ljósahönnuður og Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri, auk þess sem kór og hljómsveit Íslensku óperunnar taka þátt í sýningunni.

Sýningin er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur en upphaflega átti hún að koma á svið fyrr á árinu en var frestað vegna efnahagsástandsins. pbb@frettabladid.is




## Minnkandi diskasala

**Sala hljóðrita dróst saman um 31 prósent milli áranna 2008 og 2007 í eintökum talið. Í fyrra seldust ríflega 446.000 eintök af innlendum og erlendum hljóðritum á heildsölustigi sem er 200.000 eintökum færra en árið á undan.**

**Vísir greinir frá að þetta komi fram á vefsíðu Hagstofunnar. Þar segir að heildarverðmæti seldra hljóðrita í heildsölu í fyrra nam um 592 milljónum króna, sem jafngildir um 950 milljónum króna í smásölu að virðisaukaskatti meðtöldum. Inni í tölum um sölu hljóðrita eru geisladiskar, hljómplötur og snældur.**

**Frá árinu 2005 hefur sala hljóðrita dregist saman um 46 af hundraði, eða um 377.000 eintök. Hæstum hæðum náði salan árið 1999 en þá seldust á heildsölustigi 868.000 eintök, eða 422.000 fleiri eintök en árið 2008.**

**Þá nam sala hljóðrita um 1,4 eintökum á íbúa en var þegar best lét árið 1999 ríflega þrjú eintök.**

**- pbb**

# Viðburðir í Eymundsson

## Verið velkomin í súpu

**KJÖTSÚPUDAGUR Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG**
**LAUGARDAGINN 24.10.09 kl. 14.00**

Eðalkokkurinn Snorri Birgir Snorrason býður upp á súpu úr bókinni **Súpa og stóll** frá 14-16. Stólar til sýnis og höfundar til spjalls. Egill Ólafsson mun lesa úr bókinni.



**Súpa og stóll**
Af frumleika og listfengi tekst Sigrúnu Sigvaldadóttur og Ragnhildi Ragnarsdóttur hjá Hunangi að hanna glæsilega og skemmtilega bók. Áslaug Maack Pétursdóttir tók viðtöl við stólafólkið og ljósmyndir Áslaugar Snorradóttur setja svo punktinn yfir i-ið.




## Risatilboð í Smáralind

**RISADAGAR Í SMÁRALIND**
**LAUGARDAGINN 24.10.09 - ALLAN DAGINN**

Heimsins hæsti maður heimsækir Smáralind í dag og í tilefni af því verða ýmis risatilboð í verslun Eymundsson í Smáralind.

**RISA TILBOÐ**
**Á ÝMSUM VARNINGI**

## Prinsessur athugið!

**PRINSESSUFJÖR Í SUÐUR-KRINGLU**
**SUNNUDAGINN 25.10.09 KL. 14.00**

Í tilefni af útgáfu bókarinnar Prinsessan á Bessastöðum verðum við með Prinsessufjör milli kl. **14 og 15** í Suður-Kringlu. Gerður Kristný les upp úr nýju bókinni sinni. **Kórónuföndur og góðgæti í boði fyrir gesti.**

*Athugið! **50 fyrstu** sem mæta í prinsessubúning, með kórónu eða fálkaorðu fá gefins kiljuna um Ballið á Bessastöðum.




**50**
**FYRSTU FÁ FRÍA BÓK***




**Um bókina**
Albertína býr í skrýtnum heimi. Þar finnast engar bækur og í skólanum lærir hún bara um vexti og lán. Internetið var bannað löngu áður en hún fæddist og hinn hræðilegi Gullbanki er langt kominn með að sölsa veröldina undir sig.

## Bókasafn ömmu Huldar

**MYNDASÝNING Í AUSTURSTRÆTI**
**SUNNUDAGINN 25.10.09 KL. 16.00**

Rithöfundurinn og myndlistarmaðurinn Þórarinn Leifsson, vakti mikla athygli fyrir barnabókina **Leyndarmálið hans pabba.**

Þórarinn opnar sýningu á myndum bókarinnar, sem margar eru sláandi líkar ýmsum þjóðþekktum einstaklingum, í Eymundsson við Austurstræti kl. 16.

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Smásögur halda hljómleika

Bókmenntir ★★★★★

**Milli trjánna**
Gyrðir Elíasson

Í stuttri grein um stöðu smásögunnar fyrir þremur árum líkti Ólafur Gunnarsson þessu bókmenntaformi við geisladisk: „Á geisladiski er ekki sama lagið spilað diskinn út í gegn. Þar eru mörg lög. Hvort sem um er að ræða blús, rapp, pönk, rokk eða diskó.“

Þessi líking á ágætlega við verk Gyrðis Elíassonar, það hefur alltaf verið mikið af tónlist í verkum hans – hann er meira að segja farinn að nota iPod. Og ef við höldum okkur á þessum slóðum má segja að smásagnasafnið Milli trjánna sé fyrsta tvöfalda albúm Gyrðis, helmingi lengra en bækur hans hafa verið hingað til, 47 sögur á 267 blaðsíðum. Í því felst ákveðin yfirlýsing, viss kokhreysti sem lesandinn hefur óneitanlega í huga áður en hann kveður upp sinn dóm.

Það er skemmst frá því að segja að Milli trjánna er frábært safn – þetta er verk af sömu hlaupvídd og Revolver eða Blood on the Tracks eða London Calling eða hvað sem á annað borð höfðar til manns, Abba: Gold ef út í það er farið – hreinn og beinn listgaldur. Smásagnasafn er vel að athuga ekki safnplata, en hver sá listamaður sem gæti safnað í „greatest hits“ plötu af þessu gæðastigi væri fullsæmdur af sínum ferli.

Milli trjánna er vissulega afskaplega „gyrðislegt“ verk, stútfullt af hversdagslegum furðum, daðri við óhugnað, klikkun og ísmeygilegri fyndni. Yfir þessu svífur hins vegar frískur andi sem ég hef ekki fundið fyrir hjá höfundinum lengi; togstreitan er eindregnari og fyllir bilið milli orðanna, háskinn og galsinn dansa hraðan rokkabillí, til dæmis í Dagleiðinni löngu, sem er mögulega fyndnasta saga sem ég hef lesið en er þó hreint ekkert gamanmál.

Hjá þeim sem hér skrifar skilur þessi bók eftir sig tilfinningu fyrir endurnýjaðri ástríðu höfundarins fyrir skáldskapnum; að minnsta kosti er eins og það hafi eitthvað komið fyrir Gyrði, eitthvað gott. Síðasta bók, Sandárbókin – Pastóralsónata, var fyrst og fremst blús, tragísk hljómkviða þar sem dimmu nóturnar réðu ferðinni og rifu mann með sér í rökkrið. Hér stingur Gyrðir hins vegar gítarnum í samband, telur í og skáldar um Strindberg í Ikea. Það kveður sem sagt við nýjan, en um leið kunnuglegan, tón.

„Það væri gaman ef íslenskir rithöfundar færu aftur að djamma og setja saman þessi stuttu lög,“ skrifaði Ólafur Gunnarsson. Ég veit ekkert um það hvort Gyrðir las þessa grein hans, en ef svo er hefur hann tekið hann á orðinu. Milli trjánna er verk samið af höfundi, sem hefur náð fullkomnum tökum á list sinni, liggur mikið á hjarta og kemur því til skila af leiftrandi sköpunargleði. Smásagan heldur hljómleika, svo ég steli enn frá Ólafi, og arkar fram á sviðið í öllu sínu demóníska veldi.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**BÓKMENNTIR** Gyrðir Elíasson hefur gefið frá sér stórt lagasafn sem jafnast á við Hvíta albúmið eða Exile on Main street. Eða er það Bitches Brew?

**Niðurstaða:** Hreinn og beinn listgaldur.

# Kofar og kytrur

Myndir af híbýlum okkar eru fátíðar þótt á undanförnum árum hafi nokkrir sinnt skráningu á þeim vettvangi: Ívar Brynjúlfsson í sínum ljósmyndaseríum, Roni Horn skoðaði stöðu Herðubreiðarmálverka Stefáns Jónssonar á heimilum. Þá hafa innlendir og erlendir ljósmyndarar fylgt í slóð Dieters Roth sem festi skipulega á filmu öll hús á Íslandi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar sem er einstakt safn og ómetanlegt.

Í dag opnar Unnar Örn sýningu í Galleríi Ágúst þar sem hann sýnir meðal annars ljósmyndir teknar af híbýlum Íslendinga á fyrri hluta tuttugustu aldar sem safnað var af Sigurði Guttormssyni, bankastarfsmanni og umbótamanni frá Vestmannaeyjum. Sigurður ferðaðist um Ísland á árunum 1930-1945 og tók myndir af húsakosti landsmanna sem hann taldi til merkis um óviðunandi lífsskilyrði alþýðufólks. Alls voru myndirnar sem Sigurður safnaði um 230 og veita þær óvenjulega og raunsæja innsýn í líf Íslendinga á þessum tíma. Þessar myndir hafa aldrei áður verið sýndar í heild sinni. Unnar Örn (1974) býr og starfar í Reykjavík og Atlanta í Bandaríkjunum. Hann útskrifaðist frá Myndlista- og Handíðaskóla Íslands 1999 og lauk mastersnámi við Malmö Art Academy í Svíþjóð 2003. Frá árinu 1999 hefur hann tekið þátt í fjöldamörgum einka- og samsýningum víða um heim, þar af nýlega í Safnasafninu á Svalbarðsströnd, sýningarýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ og Listasafni Akureyrar. Gallerí Ágúst er þægilega staðsett í miðbænum á Baldursgötu 12 (Nönnugötumegin á Baldurstorgi) beint fyrir neðan veitingastaðinn Þrjá Frakka.

Gallerí Ágúst er í samstarfi við Reykjavíkurborg.

**- pbb**



**MYNDLIST** Árnastaðir við Seyðisfjörð.
MYND/SIGURÐUR GUTTORMSSON (GALLERÍ ÁGÚST)




**Næstu sýningar**
· í dag kl. 14
· sunnudag kl. 13

**Bláa gullið**

**Ævintýraferð um undraheima vatnsins**

Fjörug og fróðleg fjölskyldusýning í Borgarleikhúsinu.

Leikhópurinn **Opið út** í samstarfi við Borgarleikhúsið.

**„Sú bábilja...að fræðsla eigi ekki heima í leikhúsi er hér barin niður með skellihlátri og kærleik til alls sem lifir og streymir. Yndisleg sýning fyrir börn frá sex eða átta ára aldri og foreldra þeirra, afa og ömmur.“**

*María Kristjánsdóttir, eyjan.is*

**„Bláa gullið er vel unnin, falleg og vel leikin sýning.“**

*Guðmundur Brynjólfsson, Mbl.*

**„Tær og falleg sýning fyrir skynsamar verur frá sex til níræðs.“**

*Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.*

Miðasala er í síma **568 8000** og á **borgarleikhus.is**

NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR PÁLMA JÓNSSONAR STOFNANDA HAGKAUPS
norden Nordic Culture Point
Borgarleikhúsið






**Diddú, Jóhann Friðgeir og Óskar Pétursson ásamt Jónasi Þóri í Íslensku óperunni**

**Söngskemmtunin:**
**“Frá suðri til norðurs með sópran í eftirdragi”**

**Sunnudagskvöldið 1. nóvember kl. 20:00**

Efnisskráin verður í léttari kantinum og glens og gaman haft í hávegum, þó dramatíkin muni að sjálfsögðu fylgja.

**Miðasala hafin á aukatónleika!**

**Miðasala er í Íslensku óperunni og á opera.is**

ÍSLENSKA ÓPERAN



Áttu eftir að fá þér áskrift?
Áskriftarkortasölu lýkur 31. október
Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar að eigin vali á aðeins 8.900 kr.
Vertu með öruggt sæti í allan vetur.
Sama verð og í fyrra!
Ungmenna-kort aðeins 4.450 kr.
Miðasala í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is | Listabraut 3
Borgarleikhúsið

> **SLÆMIR DÓMAR**

Leikritið After Miss Julie var frumsýnt á Broadway fyrir stuttu og fer leikkonan Sienna Miller með annað aðalhlutverkið. Hún hefur hlotið afar slæma gagnrýni fyrir leik sinn og sagði einn gagnrýnandinn að þrátt fyrir fallega leggi hefði Miller ekki getað túlkað persónu sína á sannfærandi hátt.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Íslandsþáttur 30 Rock slær í gegn

Íslandsþáttur bandaríska gamanþáttarins 30 Rock sló heldur betur í gegn þegar hann var frumsýndur vestanhafs á fimmtudagskvöldið. Ef marka má gagnrýnendur á netinu virðist Íslands-tengingin hafa heppnast ótrúlega vel því flestir sjónvarpsrýnar voru sammála um þeir hefðu viljað sjá framhald af henni í næstu þáttum. Semsagt, gott grín á kostnað Íslands.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu kemur Ísland töluvert við sögu í fjórða þætti þessarar margverðlaunuðu þáttaraðar. Jenna Maroney, leikinn af Jane Krakowski, hefur lengi dreymt um frægð og frama í Hollywood og lítur svo á að lukkudísirnar hafi svo sannarlega snúist á sveif með sér þegar henni er boðið hlutverk í varúlfamynd. Upphaflega stóð til að Victoria Beckham ætti að leika rulluna en þegar hún forfallast er Jenna beðin um að hlaupa í skarðið.

Eina vandamálið er að tökur á myndinni fara fram á Íslandi að sumri til: „Sólin virðist vera öðruvísi á Íslandi en í Bandaríkjunum því hún virðist aldrei setjast þar. Og þið vitið þetta sennilega ekki, af því að þið hafið aldrei leikið tunglsérfræðing, að varúlfar birtast ekki nema bara þegar það er orðið dimmt,“ útskýrir Jenna þegar hún er beðin um að útskýra af hverju tökurnar ganga svona brösuglega. **- fgg**



**ENGIR VARÚLFAR AÐ SUMRI TIL** Ein af aðalpersónum 30 Rock uppgötvar sér til mikillar skelfingar að sólin virðist aldrei setjast að sumri til á Íslandi.


## Tómasarmessa
**í Breiðholtskirkju í Mjódd**
sunnudaginn 25. október kl. 20

**Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa**

Fjölbreytt tónlist og fyrirbæn
Allir velkomnir






FRÁBÆRT FJÖLSKYLDULEIKRIT

NÆSTU SÝNINGAR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun | 25. okt | kl.16:00 | |
| Lau | 31. okt | kl.16:00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| Sun | 8. nóv | kl.13:00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| Sun | 8. nóv | kl.15.00 | |
| Sun | 15. nóv | kl.13:00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| Sun | 15. nóv | kl.15:00 | |

MIÐASALA Á: WWW midi.is OG Í SÍMA 823 5477

SÝNT Í HAFNARGÖTU 7A, GRINDAVÍK



## Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um starf leikskálds Borgarleikhússins árið 2010

Stjórn sjóðsins velur höfund úr hópi umsækjenda sem býðst eins árs samningur við Borgarleikhúsið. Laun, sem eru greidd mánaðarlega, taka mið af starfslaunum listamanna. Skáld skal þegar hafa sýnt árangur við skáldskap en reynsla af leikritun er ekki skilyrði. Skáldið fær aðstöðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum og verður hluti af starfsliði Borgarleikhússins og mun njóta aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta. Stefnt er að því að velja skáld sem er líklegt til að njóta góðs af aðstöðu sinni hjá leikhúsinu.

Unnið skal að ritun leikverks á tímabilinu með uppsetningu í huga, auk þess sem skáldið kynnir sér leikhúsformið. Stefnt er að því að leikverk, eitt eða fleiri, sem unnin eru á samningstíma, verði sviðsett í Borgarleikhúsinu. Þetta er þó ekki skilyrði.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öll gögn endursend umsækjendum að loknu vali.

**Umsóknir skulu stílaðar á Borgarleikhúsið / Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur Listabraut 3, 103 Reykjavík fyrir 20. nóvember 2008.**

Leikritunarsjóður LR: Fyrsta leikskáld leikritunarsjóðsins, Auður Jónsdóttir, var ráðin í upphafi þessa árs. Meðal markmiða sjóðsins er að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun, auka vægi leikritunar í samfélaginu og stuðla að því að hún njóti virðingar í samfélagi lista. Markmiðið er að kynna hæfileikarík skáld eiginleikum og töframætti leikhússins og hvetja þau til að skrifa fyrir leiksviðið.

Borgarleikhúsið




**LEIKHÓPURINN** Katla Margrét, Maríanna Clara, Kjartan Guðjónsson, Edda Björg og Jóhannes Haukur stilla sér upp fyrir framan áhorfendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikið hlegið á Korputorgi

**Upptökur á sjónvarpsþættinum Hjá Marteini fóru fram á mánudaginn í sérstöku myndveri á Korputorgi. Þátturinn er tekinn upp fyrir framan áhorfendur í sal.**

„Þetta gekk eiginlega vonum framar og það var miklu meira hlegið en maður þorði að vona. Ég er búinn að leika í á annað hundrað farsa-sýningum og þetta var alveg á pari við það og gott betur,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson, einn aðalleikara þáttarins. Auk hans eru Kjartan Guðjónsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Katla Margrét Þorgeirsdóttir í stórum hlutverkum. Þættirnir sem voru teknir upp á mánudaginn voru númer 1 og 2 en þættir 3 og 4 voru teknir upp fyrst. „Þetta var gert til að við værum aðeins sjóaðri í fyrstu þáttunum,“ útskýrir Jóhannes en leikstjóri Hjá Marteini er Bjarni Haukur Þórsson.

Jóhannes segir það hafa verið eilítið skrítið að leika bæði fyrir vökulum augum sjónvarpsvélanna og áhorfenda. „Við hugsum fyrst og fremst um sjónvarpsvélarnar enda má ekki vera of mikill sviðsbragur á leiknum. Og munurinn er auðvitað sá að við fengum að taka atriðin upp tvisvar.“ Jóhannes segir það hafa komið sér á óvart hversu vel hafi gengið að fá fólk til að hlæja að sama brandaranum tvisvar. „Við bættum aðeins við í seinna skiptið og það virtist ganga upp.“



**MIKIÐ HLEGIÐ** Áhorfendur á Korputorgi virtust hafa gaman af því sem þeir sáu.

Jóhannes er nú á fullu að leika í Hellisbúanum og nú þegar er búið að bæta við sýningum í Íslensku óperunni. Fullt var út úr húsi á þremur sýningum í Sjallanum fyrir norðan og leikarinn segir það kitla eilítið að fara meira út á land. Og það er ekki hægt að sleppa Jóhannesi án þess að spyrja leikarann hver ætti að leika hlutverk hans í amerísku útgáfunni af Reykjavík-Rotterdam. „Ég. Ef ekki finnst mér að Brendan Fraser ætti að gera það. Við erum það líkir og svo myndi Fraser líka fá hlutverk sem væri allt öðruvísi en það sem hann hefur gert hingað til. Svona svipað og var hjá mér.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



**EIGINKONAN OG LEIKARINN** Edda Björg leikur sambýliskonu Marteins og besti vinur hans er Kjartan, vonlaus leikari sem dreymir um frægð og frama. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
„... höfundi tekst sífellt að koma lesandanum á óvart.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið (um *Skipið*)
stefán máni
HYLDÝPI
Stefán Máni heldur lesandanum í heljargreipum með óvenjulegri sögu um hrollvekjandi atburði úr íslenskum hversdagsleika.
„Spennan er vægðarlaus hjá Mána.“
Anke Breitmaier / AP
(um *Skipið*)

# Lirfumenn ættleiða apa

Brak hljómplötur gefa í dag út fyrstu hljómplötu Caterpillarmen, Adopt a monkey. Hljómsveitin spilar þunga og þróaða rokktónlist undir áhrifum frá gömlu proggrokki, liði eins og Pink Floyd, King Crimson og Emerson, Lake & Palmer, í bland við nýrri strauma. Á plötunni eru sjö lög, kaflaskipt til hins ýtrasta.

Hljómsveitin fagnar útgáfunni með tónleikum í dag kl. 15 í versluninni Havarí í Austurstræti. Á eftir, kl. 16, treður DJ Flugvélar og geimskip upp og leikur lög af plötunni Rokk og róleg lög. Sú plata kom út fyrr á árinu, einnig hjá Brakinu, en útgáfan sérhæfir sig í lítt þekktu tónlistarfólki og plötum í litlu upplagi. - drg



**PROGG!** Fyrsta plata hljómsveitarinnar Caterpillarmen kemur út í dag.

# Halda merki föður síns á lofti

Synir Rúnars Júlíussonar, þeir Júlíus og Baldur, halda merki föður síns og útgáfufélagsins Geimsteins á lofti. Nokkrar plötur eru í pípunum.

„Núna fyrir jólin koma út minningartónleikarnir um pabba frá því í vor, safndiskurinn Geimsteinn 33 1/3 ára og svo Ævintýrakassinn, sem eru sjö sígild ævintýri sem pabbi gerði á sínum tíma með Gylfa Ægissyni. Þau koma öll saman í einum pakka," segir Júlíus.

Hann segir að eftir áramót sé planið að gefa út nýjan disk með Deep Jimi, sem Þorvaldur Bjarni „pródúserar" og frumraun hljómsveitarinnar Lifun. Bjartmar hefur verið að taka upp í Geimsteini og plata með honum er í bígerð eftir áramót og þá er líka líklegt að fyrsta sólóplatan með Erpi Eyvindarsyni, aka Blaz Roca, detti í hús.

Á heimili Geimsteins við Skólaveg í Keflavík er haldið úti Rokkheimum Rúnars sem er sýning á persónulegum munum frá ferli Rúnars. „Við höfum nú bara opið eftir samkomulagi, eins og sagt er, en fastir opnunartímar verða auglýstir síðar, eins og til að mynda á afmælisdegi pabba og í kringum jólin," segir Júlíus. - drg



**GEIMSTEINN LIFIR!** Rúnar, Baldur og Júlíus.



**JACK WHITE** Rokkarinn hélt óvæntan fyrirlestur í Dublin Trinity-háskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# White með fyrirlestur

**Jack White, meðlimur The White Stripes og The Dead Weather, hélt óvæntan fyrirlestur í háskólanum Dublin Trinity á Írlandi um helgina. White ávarpaði meðlimi í heimspekifélagi háskólans, sem er eitt elsta nemendafélag heimsins, stofnað á 18. öld. Á meðal þekktra meðlima þess fyrr á öldum eru skáldin Bram Stoker, Oscar Wilde og JB Yates. White, sem var heiðraður af félaginu, ræddi á heimspekilegan hátt um skoðun sína á tónlistarbransanum. Sagði hann að söngkonur á borð við Britney Spears væru hugsanlega trúrri sjálfum sér heldur en goðsagnir á borð við Bob Dylan og Tom Waits.**

# Bjarni tók á móti gestum

**Útgáfufagnaður var haldinn í bókabúð Máls og menningar í tilefni af fyrstu skáldsögu Bjarna Harðarsonar, Svo skal dansa. Góðir gestir samfögnuðu með Bjarna, þar á meðal vinir hans úr pólitíkinni.**

Skáldsagan Svo skal dansa hefur fengið mjög góðar viðtökur og komist ofarlega á lista yfir mest seldu bækur landsins. Bókin fjallar um baráttu kvenna, er hetjusaga hinna snauðu og ættarsaga hinna ættlausu. Sagan hefst seint á 19. öld í gistihúsi rétt hjá Reykjavík og lýkur um hundrað árum síðar í Efstasundinu og Houston Texas.



**FRAMSÓKNARMENN** Framsóknarmennirnir Höskuldur Þórhallsson og Guðni Ágústsson voru að sjálfsögðu mættir í útgáfuhófið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MARGRÉT OG ELÍN** Margrét Hauksdóttir og Elín Margrét Hárlaugsdóttir voru á meðal gesta.



**ÁRITUN** Bjarni Harðarson áritaði nýju bókina sína eins og góðra skálda er siður.



**BROSMILD** Gunnur Vilborg Guðjónsdóttir og Eiríkur Benedikz voru brosmild í hófinu.



**HITTAST VARLA** Meðlimir Strokes fara aldrei í bíó saman.

# Strokes-liðar ósammála

Julian Casablancas, söngvari The Strokes, segir meðlimi Strokes ósammála um hvort lögin á nýju plötunni séu tilbúin eða ekki.

Casablancas sagði í viðtali við breska fjölmiðla að hljómsveitin væri klofin í afstöðu sinni til nýju plötunnar, sem fylgir eftir First Impressions of Earth, sem kom út árið 2006.

„Sumir í hljómsveitinni telja að lögin séu tilbúin og aðrir ekki. Ég er á báðum áttum," sagði Casablancas og bætti við að hluti vandamálsins sé fólginn í því að meðlimirnir búa langt frá hver öðrum í dag. „Það er erfitt fyrir okkur að hittast. Við erum á víð og dreif og hittumst bara á æfingum. Við hittumst ekki og förum í bíó saman. Að vera í hljómsveit er frábær leið til að eyðileggja vináttuna." - afb


HVER MÁLAÐI HINA FULLKOMNU LANDSLAGSMYND?




Hún er gefin af góðum hug en Hönnu og Steinar grunar að hún sé fölsuð. Hvað gera þau ef grunurinn reynist réttur? Saga úr viðsjárverðum heimi viðskipta með listaverk.

„Rögnu Sigurðardóttur tekst í þessu einstaka skáldverki að afhjúpa þær tálmyndir er fram á síðustu tíma réðu lögum og lofum. *Hið fullkomna landslag* sýnir og sannar að Ragna Sigurðardóttir er einn besti höfundur sinnar kynslóðar."

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


Kvikmyndir ★★★★

**Zombieland**

Leikstjóri: Ruben Fleischer.

**Aðalhlutverk:** Woody Harrelson, Jesse Eisenberg.

## Uppvakningagrín

Columbus telur að hann sé einn sá síðasti sem lifði af árásir uppvakninga. Hann er sannfærður um að reglur sem hann samdi hafi haldið sér á lífi, þangað til hann kynnist Tallahassee, sem er andstæðan við Columbus: kjarkaður, fljótfær og fylgir engum reglum. Saman mynda þeir hið undarlegasta teymi.

Zombieland er skrautleg blanda af gaman- og uppvakningsmynd. Slíkt hefur áður verið gert með snilldarútkomu í Shaun of the Dead. Rétt eins og sú mynd er Zombieland með kostulega framvindu og viðkunnanlegar persónur. Smáatriði handritshöfunda á borð við furðulegar reglur eða áráttu aðalpersónanna er frábær. Eins rangt og það hljómar er ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með hinum ýmsu drápsaðferðum á uppvakningum með ólíklegustu tækjum og tólum, og síðan að botna drápin með fyndnum setningum.



Jesse Eisenberg fer á kostum í hlutverki hins stressaða og óreynda Columbusar. Saklaust útlit og taktar Eisenbergs gerir það að verkum að þegar hann verður vandræðalegur læðist að manni hrollur yfir því hversu mikill auli hann er. Woody Harrelson er fantagóður sem harða týpan Tallahassee með svörin við öllu en er í raun alveg glórulaus. Í mörgum sams konar félagamyndum vantar allan neista milli aðalleikarana, en hér tekst þeim að mynda hið besta teymi.

Zombieland er bráðfyndinn óður til uppvakningamynda og það er alveg á hreinu að hörðustu aðdáendur verða svo sannarlega ekki sviknir.

Vignir Jón Vignisson

**Niðurstaða:** Frábær gamanmynd með skemmtilegum persónum og góðum leik.

HVÍTA HÚSIÐ /SÍA 08-1905




www.zo-on.com

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 24. október 2009

**➜ Tónleikar**

**14.00** Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík flytja tónlist efir **C. Debussy, F. Poulenc, Jean-Philippe Rameau** o.fl. á tónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**14.00** Afmælistónleikar **Öðlinga** (klúbbur félaga FÍH 60+) verða haldnir í hátíðarsal FÍH við Rauðagerði 27. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**22.00** **Bandið hans pabba** leikur blústónlist á tónleikum hjá Græna Hattinum við Hafnarstræti 96. Húsið verður opnað kl. 21.

**➜ Opnanir**

**14.00** Í Ketilhúsinu við K**aupvangsstræti** á Akureyri verður opnuð sýningin „Íslensk samtímahönnun – Húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr". Opið alla daga kl. 13-17 nema mánudaga.

**14.00** Hrefna Harðardóttir opnar sýninguna **„Dísir"** í DaLí Gallery við Brekkugötu 9 á Akureyri. Opið um helgar kl. 14-17.

**15.00** **Þórunn Elísabet Sveinsdóttir**, **Hrafnhildur Arnardóttir** og **Þorbjörg Halldórsdóttir** opna sýninguna „Evudætur" í Listasafninu á Akureyri við Kaupvangsstræti 12. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

**15.00** Abba - **Aðalbjörg Þórðardóttir,** opnar sýninguna „Hvíti söngurinn" hjá Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

**15.00** Á Listasafni ASÍ við Freyjugötu verður opnuð sýningin á verkum **Gunnfríðar Jónsdóttur** myndhöggvara. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

**➜ Sýningar**

**18.00** Í **Listasafni Reykjanesbæjar** í Duushúsum við Duusgötu 2-8, hefur verið opnuð sýningin „Innistæða, verk í eigu Landsbankans". Þar eru sýnd um 30 málverk frá tímabilinu 1900-1990 eftir ýmsa helstu listamenn þjóðarinnar. Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-17.

Tíu listamenn hafa opnað sýninguna „Fokhelt" í tveimur samliggjandi fokheldum raðhúsum að Breiðakri 17-19 í Garðabæ. Opið um helgina kl. 12-16. Nánari upplýsingar á **www.this.is/fokhelt.**

**➜ Kvikmyndir**

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd leikstjórans Roberts Bresson **Pickpocket** (1959). Sýningar fara fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Enskur texti.

**➜ Dansleikir**

Dúettinn **Þú og ég** verður ásamt hljómsveitinni Buff, á Sjallanum við Geislagötu á Akureyri.

Hljómsveitin **Skítamórall** verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

Hrafnar verða á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

Papar ásamt **Gylfa Ægissyni** verða í Dalabúð við Miðbraut í Búðardal.

Haustfagnaður **Breiðfirðingafélagsins** verður haldinn að Faxafeni 14 kl. 22-02. Hljómsveitin Hafrót leikur fyrir dansi. Allir velkomnir.

Kjólaball **Heimilistóna** verður haldið í Iðnó við Vonarstræti. Húsið verður opnað kl. 22.30.



**➜ Dagskrá**

Í Menningarmiðstöðinni **Gerðuberg** (Gerðubergi 3-5) verður dagskrá um helgina kl. 13-17, þar sem vakin er athygli á jákvæðum áhrifum fólks af ólíku þjóðerni á menningarlífi hér á landi. Nánari upplýsingar á www.gerduberg.is.

**➜ Leikrit**

**20.00** **Pálína Jónsdóttir** flytur leikverkið Völva í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu

**20.00** Víðir Guðmundsson flytur verkið „Brúðarræninginn" **(21 manns saknað)** í Landnámssetrinu við Brákarbraut í Borgarnesi. Nánari upplýsingar á www.landnamssetur.is.

**20.00** Leikfélag Ölfuss sýnir gamanleikritið **Maður í mislitum sokkum** eftir Arnmund Backman. Sýningin fer fram í Versölum við Hafnarberg í Þorlákshöfn.

**20.00** Leikfélag Fljótdalshéraðs sýnir verkið **Saumastofan** eftir Kjartan Ragnarsson í Valaskjálf að Skógarlöndum 3 á Egilsstöðum.

### Sunnudagur 25. október 2009

**➜ Fjölskyldusmiðja**



**15.00** Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu mun **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** leiða smiðju fyrir fjölskyldur í tengslum við sýningu japanska listamannsins Yoshitoma Nara sem nú stendur þar yfir. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is.

**➜ Tónleikar**

**15.15** Tónlistarhópurinn **Caput** verður með tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu þar sem flutt verður blanda af íslenskum og erlendum einleiksverkum.

**16.00** Tríó **Vadims Fyodorov** leikur franska musett og djasstónlist á tónleikum á Bókasafni Mosfellsbæjar í kjarna við Þverholt.

**➜ Félagsvist**

**14.00** **Félagsvist** verður spiluð í Breiðfirðingabúð við Faxafen 14. Allir velkomnir.

**➜ Bókmenntir**

**16.00** Einar Kárason fjallar um skáldverkið Brekkukotsannaáll í Gljúfrasteini, húsi skáldsins í Mosfellsdal. Nánari upplýsingar á **www.gljufrasteinn.is.**

**➜ Dansleikir**

Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4, kl. 20-23.30. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

**➜ Leikrit**

**15.00** Leikfélag Fljótdalshéraðs sýnir verkið **Saumastofan** eftir Kjartan Ragnarsson í Valaskjálf að Skógarlöndum 3 á Egilsstöðum.

**➜ Upplestur**

**11.00** Í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg 18, ætlar **Júlía Þorvaldsdóttir** að lesa upp úr nýjustu Bangsímonbókinni, Húsið á Bangsahorni. Þar verður boðið verður upp á upplestur fyrir börn alla sunnudaga í vetur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Gerir plötu fyrir góðærisgróða

**Ceres 4 gefur á næsta ári út nýja plötu. Hann segir að Merzedes Club hafi hrunið með hagkerfinu.**

„Ég er með horn, ég er með hala, svík alla með fagurgala," syngur Ceres 4 í glænýju lagi sem heitir Fagurgalinn. Síðast var Ceres 4, eða Hlynur Áskelsson eins og hann heitir, á ferðinni með sólóefni árið 2004 á plötunni C4. Þarna á milli var hann auðvitað að hala feitt inn með Merzedes Club. „Ég hef sagt það áður og segi það enn, að Merzedes Club er mesta pönk sem ég hef gert," segir Hlynur. „Við spiluðum á öllum dýrustu samkomunum. Af mörgu skrítnu var allra mesta ruglið þegar við spiluðum fyrir Landsbankann í Egilshöll. Þar fékk maður alvöru rokkstjörnumeðferð baksviðs; stórsteikur, brennivín, förðun og axlanudd. Ég þáði að vísu ekki nuddið því það hefði messað upp brúnkuspreyinu. Sviðsmyndin hefði dugað U2; hringlaga svið úti á miðju gólfi og sánd og ljósasjó dauðans. Ég held að skilanefnd bankans og sérstakur saksóknari bankahrunsins eigi eftir að fara ofan í saumana á þessu mikla partíi og draga einhvern til saka. Stemningin þarna var svona svolítið „Berlín í apríl 1945". Allir að skemmta sér í síðasta sinn! Þarna vorum við brúnkusmurð að mæma og fengum hundruð þúsunda fyrir."

Nokkrum mánuðum síðar var allt hrunið og Merzedes Club líka.



**EKKERT KREPPUVÆL** Ceres 4 mýkist upp á væntanlegri plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Bandið hrundi með hagkerfinu," segir Hlynur. „En peningarnir hurfu ekki, að minnsta kosti ekki minn peningur. Ég tók allan Merzedes Club-peninginn og setti hann í upptökukostnaðinn á nýju plötunni minni. Góðærið skilur því ekki bara eftir sig sviðna jörð heldur líka menningarverðmæti og góðar minningar sem hægt er að orna sér við í komandi harðæri."

Ceres 4 er með úrvalslið með sér. Jóhann Hjörleifsson úr Sálinni trommar, Stefán Magnússon er á gítar og bassa og Jón Ólafsson er á hljómborð og semur mörg laganna. Ceres þvertekur fyrir að það sé eintómt kreppuvæl á nýju plötunni. „Nei, nei, ég syng alveg um ástina og lífið líka. Þetta er langmýksta tónlistin sem komið hefur frá mér, mun minna pönk en vanalega. Ég er búinn að taka upp tólf lög fyrir góðærispeningana og er núna að safna fyrir framleiðslukostnaðinum. Þetta kemur ekki út á föstu formi fyrr en á næsta ári, en maður dritar einhverjum lögum út fyrst."

**drgunni@frettabladid.is**

Tónlist ★★★

**Synchronised Swimmers**

Hafdís Huld



## Krútt-kántrí

Við fyrstu sýn mætti halda að á nýju plötunni hafi Hafdís Huld endanlega krúttað yfir sig. Plötuumslagið byggir á ofur krúttlegum útsaumi eftir söngkonuna og mömmu hennar og heimasíða söngkonunnar er öll í sama smábarnalega föndurstílnum. Sem betur fer er hlustandinn ekki í hættu á að fá krútteitrun því platan er dýpri en umbúðirnar gefa til kynna. Hafdís er þónokkuð „fullorðins" á köflum og læðir allnokkrum „adult contemporary" kántríáhrifum í sætt krúttpopp. Útkoman verður því einhvers konar krúttkántrí, sambland af fullorðinspoppi í anda Sheryl Crow og fyrstu sólóplötunni með Hafdísi, sem var mun hreinræktaðra krúttpopp en þessi.

Platan er þrettán laga og sungin á ensku fyrir utan orðið „Könguló" í samnefndu lagi. Mér finnst það gott lag, snargrípandi og sniðugt. Það náði mér um leið og heyrði það. Nokkur fleiri svona góð lög má finna á plötunni, til dæmis titillagið og hinar gerðarlegu ballöður „Time of My Life" og „Vampires". Mjög gott er einnig „I Almost Know a Criminal", sem nálgast það að vera dólgslega svalt. Annað er ágætt, án þess að rista mjög djúpt. Það er fjölbreytilegt á boðstólum, sumt þó ansi sætt, eyrnakonfekt úr kandíflossi. Maður verður ekki saddur af svoleiðis.

Hafdís sýnir hér að hún getur vel búið til gott popp sem hittir í mark, en hún er enn að finna sig, skoða möguleikana á því hvar hún á að staðsetja sig í litrófi poppsins. Þessi plata er fín en ekki sú snilld sem vel má gera ráð fyrir að leynist hjá Hafdísi í framtíðinni.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Meira „fullorðins" en fyrri platan. Margt er flott en Hafdís er þó greinilega enn að finna sig.



**SVIKULL HRÁGAMMUR** Dave Grohl trommar í ofurbandinu.

## Rokkað ofurband

Miklir garpar eru á ferð í hljómsveitinni Them Crooked Vultures; þeir Dave Grohl úr Foo Fighters, Josh Homme úr Queens of the Stone Age og John Paul Jones úr Led Zeppelin. Allt Íslandsvinir, sem sé. Fyrsta plata súpergrúppunnar á að koma út fyrir árslok og sveitin hefur gert víðreist um Bandaríkin að undanförnu. Næst á að herja á Bretland og seldust allir sjö tónleikar sveitarinnar þar í desember upp á 12 mínútum. Samt spilar bandið enga gamla slagara, bara glænýtt efni eftir meðlimi sveitarinnar.

VÖNDUÐ HEILSURÚM OG FRÁBÆR TILBOÐ ÚT OKTÓBER

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fallegt 160x200cm eikar rúmstæði m/botni og dýnum.



30% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ KR 179.828

Vönduðu DREAM rúmin okkar í öllum stærðum.



15% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ KR 71.060

Mjög falleg 120 x 200 cm acro unit unglingarúm með bólstruðum gafli. Margir litir í boði.



30% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ KR 99.000

Rúm Gott

HALLIEGILS

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is


Regatta
GREAT OUTDOORS™
HAUSTDAGAR
-50%
AFSL.
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

# Lítið sést til Magnúsar Scheving

Magnús Scheving leikur sem kunnugt er aðalskúrkinn í Jackie Chan-myndinni The Spy Next Door. Hlutverkið er nokkuð stórt en myndin skartar auk þeirra tveggja Billy Ray Cyrus, föður unglingastjörnunnar Miley Cyrus, og George Lopez sem áhorfendur Stöðvar 2 ættu að kannast við úr samnefndum gamanþáttum.

Stikla myndarinnar var nýlega frumsýnd á netinu og er meðal annars hægt að nálgast hana á You Tube. Og þar má sjá Hong Kong-stjörnuna lemja frá sér með alls kyns tólum og tækjum. Eflaust hafa aðdáendur Sportacusar eða Íþróttaálfsins beðið með öndina í hálsinum eftir að sjá Magnús birtast í gervi hins illa PolDark en þeir hafa þurft að rýna ansi stíft í stikluna til að sjá íslensku hetjunni bregða fyrir. Því sú stund varir ekki lengur en í eitt sekúndubrot. Mestur tíminn fer í að sýna Jackie á hlaupum eða í baráttu við krakkana sem hann á að passa.

Í athugasemdakerfi má síðan lesa að mörgum þykir myndin svipa ansi mikið til Vin Diesel-myndarinnar The Pacifier en þar lék vöðvabúntið einmitt hörkutól sem falið er að passa nokkra krakka. Samkvæmt imdb.com verður myndin frumsýnd hinn 15. janúar á næsta ári. - fgg



**LÍTT ÁBERANDI** Magnús Scheving er lítt áberandi í stiklu kvikmyndarinnar The Spy Next Door þrátt fyrir að hlutverk hans verði að teljast nokkuð stórt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ótrúr eiginmaður

Leikarinn David Boreanaz, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Angel úr sjónvarpsþáttunum um vampírubanann Buffy, er sagður hafa átt í áralöngu ástarsambandi við aðra konu á meðan eiginkona hans gekk með annað barn þeirra. Rachel Uchitel og Boreanaz kynntust í fertugsafmæli hans fyrir tæpu ári og hafa átt í sambandi síðan þá. „Rachel var mjög hrifin af David og grátbað hann um að skilja við konu sína svo þau gætu verið saman. David lofaði henni að hann mundi fara frá eiginkonunni innan skamms en það varð auðvitað ekkert úr því. Rachel sleit svo sambandinu eftir að David hringdi í hana frá spítalanum á meðan kona hans var með hríðir," sagði vinur Rachel Uchitel í viðtali við Star Magazine.



**ÓTRÚR** David Boreanaz hélt við aðra konu á meðan eiginkonan var ófrísk.

# Lil Wayne sendur í steininn



Rapparinn Lil Wayne á að öllum líkindum yfir höfði sér eins árs fangelsisdóm eftir að hann játaði að hafa brotið lög um skotvopn í New York.

Wayne gengur laus þessa dagana en verður dæmdur í febrúar. Brotið átti sér stað fyrir tveimur árum. Lögreglumenn á Manhattan leituðu í rútu hans eftir að hafa fundið marijúanafnyk. Þar fannst hlaðin 40 kalibera hálfsjálfvirk skammbyssa sem Wayne reyndi að fela án árangurs. Hann hafði áður neitað að kannast við byssuna. Ef málið hefði farið fyrir rétt og hann fundinn sekur væri hann að öllum líkindum á leiðinni í fangelsi í þrjú og hálft ár. - afb

**LIL WAYNE** Rappari með byssu. Þvílík klisja.


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Þér er boðið á sýningu

Abba

„Hvítur söngur"

Opnun í dag kl. 15

Allir velkomnir



Yfirstandandi sýningar:

Nína Sæmundsson

„Hafmeyjan"

Lilja Kristjánsdóttir & Ingunn Jónsdóttir

„Hús:Heimili"

Næsta uppboð verður í nóvember. Erum að taka á móti verkum.

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold virka daga 10–18, laugardaga 11–16, sunnudaga 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is







# Ég er ekki svona ömurlegur sjálfur

**Rúnar Freyr Gíslason er í tveimur áberandi hlutverkum í íslenskum sjónvarpsþáttum þessa dagana.**

„Nei, nei, ég er ekki svona ömurlegur sjálfur," segir Rúnar Freyr Gíslason, sem leikur tvo leiðindagaura í sjónvarpinu um þessar mundir. Annars vegar er það Sveinn Torfi, kærasti Ástríðar í samnefndum þáttum á Stöð 2, og hins vegar pólitíkusinn Orri, eiginmaður rannsóknarlögreglukonunnar Ingu í Hamrinum í Ríkissjónvarpinu. Af þessum tveimur kann Rúnar mun betur við pólitíkusinn Orra í Hamrinum. „Ég sé hann nú ekki sem einhvern fávita, heldur er þetta bara ungur maður á framabraut. Það hefur ekkert sannast á hann. Þótt það sé kannski stirt á milli þeirra Ingu er það nú bara hlutur sem vill gerast þegar það er brjálað að gera hjá báðum í samböndum. Týpan er skírskotun í unga stjórnmálamenn en ég nefni engin nöfn."

Rúnar samþykkir þó að Sveinn Torfi í Ástríði sé glataður gaur. „Jú, hann er óttalegt fífl. Eiginlega versta tegundin: væmið fífl! Maður sem segist vera „vinner" er náttúrlega langt í frá að vera „vinner". En hann hefur alla mína samúð. Það er svona gaur í okkur öllum, bara spurning hvað hann er ríkjandi. Hverjir þola höfnun? Ég þekki nokkra svona gaura. Þeir fúnkera vel og koma sterkir inn við fyrstu kynni. En þegar hlutirnir ganga ekki eins og þeir vilja þá breytast þeir."

Rúnar segir Svein Torfa eiga eftir að ganga í gegnum enn frekara helvíti í þeim tveimur þáttum sem eftir eru af seríunni. „Þessir þættir hafa fengið góð viðbrögð og það hefur komið til tals að búa til aðra seríu. Ég veit samt ekki hvort Sveinn Torfi verði mikið með í henni."

Rúnar starfar þennan vetur í Borgarleikhúsinu „í láni" frá Þjóðleikhúsinu. Hann sést næst í Fjölskyldunni, sem verður frumsýnd 30. október. Þar á eftir leikur hann í Faust og Gauragangi. En ekkert meira sjónvarp? „Nei, ekki eins og er. En maður vonar bara að þetta haldi áfram að vera svona blómlegt. Sunnudagskvöldin eru allt í einu orðin uppáhaldskvöldin manns." drgunni@frettabladid.is



**SÁ SEM SEGIST VERA „VINNER" ER EKKI „VINNER"** Rúnar Freyr Gíslason neitar því staðfastlega að vera sama fíflið og Sveinn Torfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útkeyrð í Argentínu

„Nei, ég prófaði þetta ekki sjálf, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Eftir langa tökudaga var maður svo sem heldur ekkert æstur í að fara að hoppa eitthvað og skoppa," segir Friðrikka Hjördís Geirsdóttir sem er snúin heim eftir langa útlegð í Argentínu. Þar sá hún um að kynna keppendur til leiks í þrautakóngsþættinum Wipeout sem Stöð 2 sýnir á næstunni.

Friðrikka segir þetta hafa verið mikið stuð en líka mikla vinnu. Tökur hafi staðið frá fimm á morgnana og langt fram eftir degi. Allt hafi gengið stóráfallalaust fyrir sig að sögn Friðrikku, hún hafi í raun ekkert nema gott um Argentínu að segja. „Og svo var auðvitað frábært að fá að kynnast öllu þessu skemmtilega fólki sem tók þátt í þessu." - fgg



**SÁTT VIÐ ARGENTÍNU** Friðrikka Hjördís var ánægð með Argentínuferðina.

# Íslenskar spennusögur

## Ný bók eftir Steinar Braga



Steinar Bragi

### Himininn yfir Þingvöllum

Þrír ungir menn. Þrjár ungar konur. Þrír ólíkir heimar: Reykjavík, frönsku Alparnir og yfirgefinn borpallur í eyðimörk. Alls staðar ríkir örvænting, ærandi þögn og djúp einsemd sem leiðir til furðulegra atburða og óhæfuverka.

Í þremur grípandi sögum kannar rithöfundurinn Steinar Bragi mörk mennsku og ómennsku og samband veruleika og óra af sama næmi og í skáldsögunni Konum sem hlaut fádæma góðar viðtökur, þar á meðal þrjá fimm stjörnu dóma í dagblöðum landsins. Himinninn yfir Þingvöllum er sjötta skáldsaga Steinars Braga en margir hafa beðið hennar með eftirvæntingu.

*„Að hætti hinna gömlu meistara furðusögunnar fylgir Steinar Bragi lesendum sínum um myrkustu slóðir tilverunnar, jafnt þær sem liggja utan manneskjunnar sem innan hennar. Þær götur þekkir hann eins og lófana á sér, þar er hann frábær leiðsögumaður ...“*

*Sjón*

*„Það er eitthvað óhugnanlega ferskt við þessar sögur. Ófyrirsjáanleg og svimandi lesning um samskipti og sálarlíf. Hættið að lesa blogg og lesið þessa bók!“*

*Þórdís Gísladóttir*




## Ný bók eftir Stefán Mána



Stefán Máni

### Hyldýpi

Fjórir ungir drengir róa í leyfisleysi út á stórt stöðuvatn. Einn þeirra fellur útbyrðis og er nærri því drukknaður. Ofan í vatninu birtist nakin stelpa, bjarthærð og grönn, og réttir honum svartan hlut. Sjálfur er drengurinn með myrkur í maganum, myrkur sem þrífst á þögn og ótta og mun einn daginn toga hann aftur til sín.

Tíu árum síðar gerast dularfullir atburðir: Tvö ungmenni hverfa sama dag, piltur og stúlka. Pilturinn finnst nærri dauða en lífi en ekkert spyrst til stúlkunnar. Hann ákveður að leita hennar en hversdagsleikinn breytist í botnlaust hyldýpi og leitin verður fljótt að martröð sem engan enda ætlar að taka ...

Lesendur hafa tekið mögnuðum sögum rithöfundarins Stefáns Mána tveim höndum og hafa bækur á borð við Svartur á leik, Skipið og Ódáðahraun vakið eftirtekt fyrir bæði óbærilega spennu og mikinn kraft. Í Hyldýpi er stílfimi höfundar og innsæi á sínum stað og sögusviðið ískyggilegt sem fyrr.




Tilboð gilda til og með 1. nóv. 2009.

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**BÖÐVAR REYNISSON** Böddi hefur í nógu að snúast um þessar mundir við kynningu á sólóplötu sinni og fyrstu plötu Dalton. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvær plötur á sama tíma

**Tónlistarmaðurinn Böðvar Reynisson, eða Böddi í Dalton, hefur í nógu að snúast. Fyrsta sólóplata hans er nýkomin út og fyrsta plata ballsveitarinnar Dalton er einnig á leið í verslanir.**

Böddi í Dalton hefur verið lengi í tónlistarbransanum, eða síðan hann var í menntaskóla um miðjan síðasta áratug. Hann hóf ferilinn í hljómsveitinni Fnæs með börnum KK, þeim Sóleyju og Sölva, ásamt gítarleikaranum Hauki Þór.

„Þarna byrjaði minn söngferill. Við vorum að leita að söngvara og ég ætlaði að syngja þangað til við fengjum góðan söngvara og síðan endaði ég í þessu,“ segir Böddi. Næst tók við hljómsveitin Touch, þar sem hann var reyndar gítarleikari, og svo var röðin komin að Dalton sem hefur átt hug hans allar götur síðan. Sú sveit hefur verið iðin við að spila á böllum og hefur nýja platan þeirra, Ágætis dómar, verið lengi í bígerð. „Þetta verður stefnulausasta plata aldarinnar. Þarna verða lög úr öllum áttum; kántrílag, teknópopp, hiphop, rokk, reggí og bara ekta popp,“ segir Böddi.

Eftir að Dalton var stofnuð fór Böddi að huga að því hvort hann gæti ekki gefið eitthvað út af eigin efni. Endaði það með útgáfu hinnar glænýju sólóplötu, So Simple, þar sem Jeff Buckley, Band of Horses, U2 og Sting eru á meðal áhrifavalda. Hann segir að sólóferillinn sé allt öðruvísi en afurðir þeirra Daltonbræðra, því rólegheitapopp sé þar í fyrirrúmi.

En hvers vegna báðar plöturnar á sama tíma? „Dalton ætlaði alltaf að vaða í þetta fyrir löngu en svo er bara búið að vera svo sturlað að gera í spilamennsku,“ segir hann. „Ég tók upp grunna fyrir mína plötu síðasta haust og ákvað að gefa hana út núna og ekkert vera að bíða eftir Dalton-skrímslinu.“

Báðar plöturnar eru gefnar út hjá nýrri útgáfu Bödda og félaga, Tóni. Fjórar plötur til viðbótar koma þar út fyrir jólin, eða fyrsta plata hljómsveitarinnar Huld sem nefnist Skammdegisóður, sólóplata bassaleikarans Bjarna Sveinbjörnssonar, About Time, endurútgefna barnaplatan Ding Dong og loks plata brasilísku söngkonunnar Jussanam Dejah, Ela é carioca. „Við létum framleiða þær úti og það sparaðist kostnaður við það. Þetta er allt samhangandi,“ segir Böddi.

Útgáfutónleikar vegna sólóplötu hans verða í Fríkirkjunni næstkomandi fimmtudag þar sem Huld stígur einnig á svið. Í kvöld býður Dalton aftur á móti til VIP-partís í tónleikatjaldi Hressingarskálagarðsins, þar sem meðlimir spila lög af nýju plötunni og skemmta sér og gestum sínum til miðnættis. Þrátt fyrir nýtilkominn sólóferil ætlar Böddi síður en svo að gefa Dalton upp á bátinn. „Ég held að enginn á Íslandi hafi efni á að gera bara eitthvað eitt. Maður verður bara að hamast í þessu öllu.“

freyr@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 2 og 4 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| 9 | kl. 2 og 4 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 og 9 | 16 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 3:50 - 5:50 - 8D - 10:20D | 12 |
| COUPLES RETREAT | kl. 1:30 - 8 - 10:20 | VIP |
| GAMER | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ísl. Tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| FAME | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 6 - 8 | 16 |
| SURROGATES | kl. 4 - 6 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 12D - 2D - 4D - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| UPP M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| G-FORCE M/ísl. Tali | kl. 12 - 2 | L |

SPARbíó
550 KR Á Á MYNDIR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á MYNDIR MERKTAR GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| AIDA Ópera í Beini útsendingu | kl. 5 Uppselt | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| GAMER | kl. 10:30D | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ísl. Tali | kl. 12:15D 2:15D | L |
| FAME | kl. 4 - 6:15 | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4:15D - 6:15D | L |
| UPP M/ísl. Tali | kl. 12 - 2 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl 2 - 4 - 6 | L |
| SKELLIBJALLA | kl. 2 - 4 | L |
| FAME | kl. 6 | L |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 1 - 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND LÚXUS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 1 - 3.40 650 kr. | L |
| JÓHANNES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| JÓHANNES LÚXUS | kl. 4 lau-sun - (kl.1*sunnud.) | 10 |
| 9 | kl. 3 - 10.15 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 3 - 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 3.30 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 2 - 6 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 4.30 - 6.30 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 2.40 - 5.20 - 8 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| ANTICHRIST | kl. 10.40 | 18 |














Dívurnar, tenórarnir & góðir gestir
FROSTRÓSIR
2009
Jóhann Friðgeir
Garðar Thór Cortes
Friðrik Ómar
Ragga Gísla
Margrét Eir
Hera Björk
Guðrún Gunnars
30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Stúlknakór Reykjavíkur, Gospelraddir Domus Vox, Vox Feminae og Íslenski gospelkórinn. - Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson
Vinsælasti tónlistarviðburður landsins
Sérstakir gestir:
Högni og Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín
ásamt Heiðu Ólafs, Edgari Smára o.fl.
Höllinni Akureyri
6. desember
Laugardalshöll
12. desember
Miðasala hefst þri. 3. nóvember kl. 10:00 á
midi.is
Vinir Frostrósa á Facebook og þeir sem skráðir eru í vefsamfélagið á frostrosir.is fyrir 1. nóvember geta keypt miða í sérstakri forsölu, mánudaginn 2. nóvember
FROSTRÓSIR UM LANDIÐ
Þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar munu færa landsmönnum jólin með Frostrósum ásamt tenorunum Jóhanni Friðgeir og Garðari Thór Cortes auk Hrynsveitar Frostrósa, strengjakvartetts og barnakóra.
Frostrósir 2009 verða í Vestmannaeyjum, Ólafsvík og á Egilsstöðum, Eskifirði, Sauðárkróki og Ísafirði 1.-9. desember
BYLGJAN 989
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Nánar á frostrosir.is

## > Soffíu bætt við landsliðshópinn



Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur ákveðið að bæta Stjörnustúlkunni Soffíu Arnþrúði Gunnarsdóttur við landsliðshópinn fyrir leikina gegn Frakklandi og Norður-Írlandi í undankeppni HM 2011. Soffía Arnþrúður átti gott sumar með Stjörnunni en hún hefur ekki áður spilað fyrir Íslands hönd. Soffía Arnþrúður flaug út til Lyon í Frakklandi í gær og er því klár í slaginn fyrir leikinn mikilvæga gegn Frakklandi í dag.

**sport**
sport@frettabladid.is

**DAÐI LÁRUSSON:** SKRIFAÐI UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ HAUKA Í GÆR

# *Fannst ekkert mál að fara úr FH í Hauka*



Daði Lárusson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Hauka og leikur því með liðinu í Pepsi-deild karla á næsta ári. Daði lék í fjórtán ár með FH og varð fimmfaldur Íslandsmeistari með liðinu sem og bikarmeistari. Hann segir þó að það hafi ekki reynst erfið ákvörðun að fara úr einu Hafnarfjarðarfélagi í annað.

„Mér fannst það ekkert mál,“ segir Daði. „Menn horfa á þetta misjöfnum augum hér í Hafnarfirðinum en þessi tvö félög hafa svo sem ekki oft háð mikla baráttu á fótboltavellinum undanfarin ár – það hefur frekar verið í handboltanum.“

Hann segir ástæðuna fyrir því að hann valdi að ganga til liðs við Hauka þá að þeir hafi einfaldlega sýnt honum mikinn áhuga. „Það kom allt til greina hjá mér eftir að ég var laus undan samningi mínum við FH. Ég átti svo sem ekki í neinum formlegum viðræðum við önnur félög þó svo að einhver símtöl hafi átt sér stað. Áhuginn hjá Haukum var það mikill að ég fékk að sama skapi meiri áhuga á þeim. Mér leist afar vel á það sem þeir höfðu fram að færa og þeirra framtíðaráætlanir,“ segir Daði.

Erfitt er að saka Daða um að hafa svikið sitt gamla félag enda fáir sem hafa lagt jafnmikið af mörkum til FH og hann á undanförnum áratugum. „Ég horfi allavega ekki þannig á þetta. Ég er gríðarlega þakklátur öllum þeim sem hafa verið með mér í gegnum tíðina hjá FH og stuðningsmönnunum sérstaklega. Við unnum marga stórsigra á vellinum og eru það góðu minningarnar fyrst og fremst sem lifa áfram.“

Haukar hafa ekki setið auðum höndum og hafa nú fengið fjóra nýja leikmenn til félagsins. Hinir eru Arnar Gunnlaugsson, Guðmundur Viðar Mete og Kristján Ómar Björnsson. „Lið sem eru að koma upp um deild þurfa alltaf að styrkja sig og það er það sem Haukarnir hafa gert. Ég er afar sáttur í dag og hlakka til að takast á við næsta tímabil með nýju liði.“

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

Grindavík-Njarðvík 67-74 (38-34)
**Stig Grindavíkur:** Þorleifur Ólafsson 15, Brenton Birmingham 13, Páll Axel Vilbergsson 11, Ómar Sævarsson 6, Amani Daanish 5, Björn Brynjólfsson 4, Ólafur Ólafsson 4, Guðlaugur Eyjólfs. 2.
**Stig Njarðvíkur:** Magnús Þór Gunnarsson 21, Friðrik Stefánsson 18 (15 fráköst), Jóhann Árni Ólafsson 16, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Kristján Rúnar Sigurðsson 5, Guðmundur Jónsson 4, Páll Kristinsson 2, Hjörtur Einarsson 2.

Tindastóll-KR 107-114 (46-54)
**Stigahæstir hjá Tindastóli:** Helgi R. Viggósson 36, Svavar Birgisson 28, Michael Giovacchini 14.
**Stighæstir hjá KR:** Semaj Inge 30 (11 fráköst, 11 stoðs.), Brynjar Björnsson 22, Tommy Johnson 18

FSu-Breiðablik 67-96 (36-47)
**Stigahæstir hjá FSu:** Cristopher Caird 28, Ari Gylfason 10.
**Stigahæstir hjá Breiðabliki:** John Davis 29 (16 fráköst), Daníel Guðmunds. 16, Hjalti Friðriks. 14.

### *Sænska úrvalsdeildin*

Gais-Malmö 1-1
Eyjólfur Héðinsson og Hallgrímur Jónasson léku allan leikinn með Gais. Eyjólfur lagði upp markið.

Örebro-Halmstad 2-1
Jónas Guðni Sævarsson lék með Halmstad.

Brommapojkarna-Gautaborg 0-3
Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson léku allan leikinn með Gautaborg.

Yfirsjúkraþjálfari Portsmouth:

## Hermann brátt klár í slaginn

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson hefur ekkert getað leikið með Portsmouth á yfirstandandi tímabili í ensku úrvalsdeildinni en Gary Sadler, yfirsjúkraþjálfari Portsmouth, segir í viðtali við pfcTV að Hermann eigi ekki langt í land með að verða leikfær á nýjan leik.

„Hermann er búinn að leggja mjög hart að sér í endurhæfingunni því hann vill ólmur byrja að spila. Raunar þurfum við að halda aftur af honum og það er ekki auðvelt þegar maður eins og Hermann er annars vegar. Við fáum yfirleitt að kenna á því. Hann getur stundum verið dálítið harðhentur,“ segir Sadler og hlær við. **- óþ**

# Grindavík skellt í Röstinni

**Njarðvík er með fullt hús stiga í Iceland Express-deild karla eftir sigur á Grindavík á útivelli í gær, 74-67. Þetta var fyrsta tap Grindavíkur í deildinni í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík vann í gær góðan útisigur á Grindavík, 74-67, og er liðið því enn með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir undir stjórn Sigurðar Ingimundarsonar. Grindavík var spáð titlinum nú í haust en hefur ekki þótt sannfærandi í upphafi tímabils. Liðið mátti þakka fyrir sigur gegn ungu liði Fjölnis í síðustu umferð og var svo skellt á heimavelli af Njarðvíkingum í gær.

Heimamenn voru þó með undirtökin lengst af í fyrri hálfleik og röðuðu niður þristunum í upphafi leiksins. En skotnýtingin versnaði eftir því sem leið á leikinn og Njarðvíkingar komust betur og betur inn í leikinn.

Allt gjörbreyttist þetta í þriðja leikhluta þegar Njarðvík tók 16-0 sprett. Varnarleikur liðsins var mjög kröftugur á þessum leikkafla en þess fyrir utan gerðu Grindvíkingar hver mistökin á fætur öðrum í sóknarleiknum. Njarðvík var undir, 43-42, en breytti stöðunni í 58-43 og leit aldrei um öxl eftir það.

„Þetta var flottur sigur á móti liði sem á að heita það besta í deildinni,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur. „Þeir eru mjög góðir og það var sterkt hjá okkur að vinna þá í þessu húsi.“

Hann var sérstaklega ánægður með varnarleik sinna manna. „Við sýndum mikinn styrk með því að halda þeim niðri eins og við gerðum í kvöld. Það er þó ýmislegt sem við getum bætt í okkar leik eins og væntanlega öll lið í deildinni enda lítið búið af mótinu.

Sóknarleikurinn var of tilviljunarkenndur enda höfum við lagt meiri áherslu á varnarleikinn. En við áttum nokkra góða spretti í kvöld.“

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var heldur óhress með sína menn eins og gefur að skilja.

„Það var ekki mikill liðsbragur á okkur. Það voru allir að hnoða hver í sínu horni í sókninni og ætluðu greinilega að bjarga málunum upp á eigin spýtur. Það var margt ágætt í varnarleiknum okkar en það vantaði allt flæði í sókninni.“

Hann gefur lítið fyrir að Grindavík hafi verið spáð efsta sæti í deildinni í haust. „Það hefur ekkert upp á sig að hugsa um einhverjar spár. Ég reyni fyrst og fremst að hugsa um næsta leik og gera okkar leik betri. Síðustu tveir leikir hafa ekki verið nógu góðir og greinilegt að við þurfum að æfa stífar og grimmar.“

eirikur@frettabladid.is



**BARÁTTA** Njarðvíkingar lögðu grunninn að 67-74 sigri sínum í Röstinni í gærkvöldi með frábærum varnarleik í þriðja leikhluta þar sem heimamenn í Grindavík skoruðu aðeins átta stig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ARON EINAR** Vonast til þess að vera klár í slaginn að nýju um næstu helgi. NORDIC PHOTOS/AFP

Aron Einar Gunnarsson:

## Tel mig vera mjög heppinn

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson hjá Coventry fór meiddur af velli í leik gegn Sheffield Wednesday á dögunum eftir ljóta tæklingu og í fyrstu var talið að um fótbrot væri að ræða.

Nú hefur skoðun hins vegar leitt í ljós að meiðslin eiga ekki að halda Akureyringnum lengi utan vallar.

„Eftir skoðunina liggur fyrir að ökklinn er ekki brotinn heldur bara illa bólginn og það kom smá rifa í liðband. Þetta eru því góð tíðindi og eftir að hafa séð tæklinguna aftur á myndbandi þá tel ég mig vera mjög heppinn því ef ég hefði verið með meiri þunga á löppinni þá hefði þetta farið illa,“ segir Aron í viðtali við Fréttablaðið.

„Þeir segja að ég þurfi líklega að hvíla í tíu daga en ég stefni á að ná leiknum gegn Reading um næstu helgi. Það hlýtur bara að vera hægt að teipa ökklann eða eitthvað. Maður er nú ekki frá Íslandi fyrir ekki neitt,“ segir Aron Einar á léttum nótum. **- óþ**


# Stormur í hugbúnaðargerð:

# Opinn hugbúnaður

Ráðstefna föstudaginn 30. október 2009

Í tilefni af 25 ára afmæli Félags tölvunarfræðinga verður félagið með afmælisráðstefnu 30. október þar sem fjallað verður um praktísku hliðarnar á opnum hugbúnaði (e. open source) og rætt um hvenær opinn hugbúnaður passar og hvenær hann passar ekki.

Tvær línur verða á ráðstefnunni þar sem önnur mun fjalla um tæknilegri atriði opins hugbúnaðar. Hin línan mun fara yfir praktísk atriði í rekstri opins hugbúnaðar.

Ráðstefnan er opin öllum og er haldin í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6.

Ráðstefnugjald er 9.500 kr.
Fyrir félagsmenn og nema er ráðstefnugjaldið 3.500 kr.

Dagskrá og skráning á
**http://www.ft.is**


vodafone
Iceland Express
1811
vörður
SPORT 2
enski boltinn
LIVERPOOL VORU TAPLAUSIR GEGN MAN. UTD. Á SEINASTA TÍMABILI.
TEKST ÞEIM ÞAÐ AFTUR Í ÁR?
RISARNIR MÆTAST
LIVERPOOL
MAN.UTD.
Á MORGUN KL. 13:30
BARCLAYS PREMIER LEAGUE
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ HORFA Á ENSKA BOLTANN HEIMA
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**AFTUR Í LANDSLIÐIÐ** Ólafur Stefánsson hefur ekki sagt sitt síðasta með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsliðshópurinn valinn:

## Ólafur gaf kost á sér á ný

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær landsliðshópinn sem kemur saman til æfinga hér á landi í lok mánaðarins. Helst ber til tíðinda að Ólafur Stefánsson, leikmaður Rhein-Neckar Löwen, gefur kost á sér á nýjan leik en hann hefur verið í fríi frá landsliðinu síðan á Ólympíuleikunum í Peking í fyrra.

Alls eru ellefu leikmenn í hópnum sem voru í silfurliðinu fræga á Ólympíuleikunum. Aðeins þrír leikmenn í hópnum spila með íslenskum liðum og koma þeir allir úr Hafnarfirðinum – tveir úr FH og einn úr Haukum.

Þeir Ásgeir Örn Hallgrímsson (GOG, Danmörku), Logi Geirsson (Lemgo, Þýskalandi) og Einar Hólmgeirsson (Grosswallstadt, Þýskalandi) eiga allir við meiðsli að stríða en athygli vekur að ekkert pláss virðist fyrir Rúnar Kárason, leikmann Füchse Berlin, að þessu sinni. - esá

### LANDSLIÐSHÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | Kadettten S. |
| Hreiðar Guðmundsson | Emsdetten |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Alexander Petersson | Flensburg |
| Arnór Atlason | FCK |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Bjarni Fritzson | FH |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RH Löwen |
| Heiðmar Felixsson | Lübbecke |
| Ingimundur Ingimundarson | Minden |
| Ólafur Guðmundsson | FH |
| Ólafur Stefánsson | RH Löwen |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Sigurbergur Sveinsson | Haukum |
| Snorri Steinn Guðjónsson | RH Löwen |
| Sturla Ásgeirsson | Düsseldorf |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Vignir Svavarsson | Lemgo |
| Þórir Ólafsson | Lübbecke |

# Fer annar nagli í kistu Benitez?

**Gríðarlega mikið er í húfi fyrir Liverpool og stjórann Rafa Benitez á sunnudag þegar liðið fær meistara Manchester United í heimsókn. Liverpool hefur tapað fjórum leikjum í röð, er að missa af lestinni í deildinni og það er orðið heitt undir stjóranum. Óvissa er um þátttöku lykilmanna beggja liða í leiknum.**



**FÁSÉÐ MISTÖK** Nemanja Vidic gerir hér ein af fáum mistökum sínum síðasta vetur. Mistökin leiddu til þess að Fernando Torres skoraði. Það er óvíst hvort hann fái að kljást við Fernando Torres aftur á morgun. NORDICPHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Pressan á sunnudag er á Liverpool og Rafa Benitez, stjóra liðsins. Það hefur tapað fjórum leikjum í röð, sem er versti árangur þess í 22 ár. Tapi liðið fimmta leiknum í röð á sunnudaginn verður það í fyrsta skipti í heil 56 ár sem Liverpool tapar fimm leikjum í röð.

Óhætt er að segja að ansi heitt sé orðið undir Benitez og það munu fleiri kasta eldivið á bálið tapist leikurinn á sunnudag. Liverpool-goðsögnin Kenny Dalglish, sem var orðaður við stjórastarfið í einhverjum miðlum, er einn af þeim sem styðja Benitez.

### Allir hafa trú á Rafa

„Allir yfirmenn í þessu félagi hafa fulla trú á Rafa. Það er engin spurning um það. Það vita allir hjá þessu félagi að Rafa er rétti maðurinn til þess að koma félaginu í gegnum þessa erfiðleika. Það er enginn að fara á taugum hérna. Það er mikilvægt að allir standi þétt saman núna svo við komumst í gegnum þetta," sagði Dalglish, sem var áður leikmaður og stjóri hjá félaginu.

„Auðvitað er ekki gott að tapa fjórum leikjum í röð. Þetta er slæmt og stuðningsmennirnir eru jafn svekktir og allir starfsmenn félagsins. Það eiga allir sök að máli rétt eins og gott gengi er öllum að þakka. Þess vegna verða menn að standa saman núna."

### Stjörnurnar tæpar

Óvissa er um þátttöku lykilleikmanna Liverpool, þeirra Fernando Torres og Steven Gerrard, í leiknum en Benitez mun bíða fram á síðustu stundu með að taka ákvörðun um hvort þeir spili.

„Það má ekki gleyma því að við lögðum United á Anfield í fyrra þegar Gerrard lék aðeins í 20 mínútur og Torres var ekki með. Ef við gátum það í fyrra, af hverju ættum við ekki að geta það núna?" spyr Dalglish.

Menn hafa líka áhyggjur af meiðslum hjá United. Ekki var orðið ljóst í gær hvort Wayne Rooney gæti spilað en hann hefur misst af síðustu tveim leikjum liðsins. Einnig er óvissa um Darren Fletcher, sem er oftar en ekki afar drjúgur í stóru leikjunum.

„Þetta er nágrannaslagur og bæði lið geta alltaf unnið þessa nágrannaslagi. Það hefur margoft gerst og skrýtnir hlutir komið upp. Ég er annars ekkert að velta mér upp úr gengi andstæðinganna. Ég er meira að hugsa um okkar leik. Það er stöðugleiki hjá okkur sem er mikilvægur," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

„Við mætum til leiks í ágætu formi. Það er sjálfstraust í hópnum en eins og ég segi er þetta nágrannaslagur þar sem allt getur gerst."

Sir Alex er búinn að vera lengi við stjórnvölinn hjá Manchester United og hefur upplifað ýmislegt í leikjum þessara erkifjenda.

„Það hefur lítið breyst á 23 árum og þetta er enn risaleikur fyrir bæði lið og alltaf aðalleikurinn hvað mig snertir. Það er alltaf erfitt að fara á Anfield. Þetta er alltaf erfiður leikur fyrir bæði lið og það verður engin breyting á því að þessu sinni," sagði Sir Alex Ferguson.

henry@frettabladid.is




Ísland mætir Frakklandi ytra í mikilvægum leik í undankeppni HM 2011:

## Annar tveggja úrslitaleikja okkar

**FÓTBOLTI** Ísland mætir í dag Frakklandi í undankeppni HM 2011 en leikurinn fer fram á hinum sögufræga Stade de Gerland í Lyon, heimavelli Olympique Lyonnais. Leikið var á vellinum í úrslitakeppni HM karla árið 1998 og því er ljóst að Frakkar tjalda öllu til fyrir þennan mikilvæga leik.

Íslenska liðið var nýkomið af æfingu á vellinum þegar Fréttablaðið náði tali af Sigurði Ragnari Eyjólfssyni landsliðsþjálfara.

„Þetta er mjög flottur völlur og er búist við sex til tíu þúsund áhorfendum. Veðrið er flott og við erum afar spennt fyrir leiknum," sagði hann.

